



Morgunblaðið, 03.01.2022, síðu 10
grein stærð: 55.36 sm²
grein hæð: 10.99 sm

Hvetja íbúa til að spara heita vatnið

Bilun kom upp í fyrradag í dælu í Rangárveitum sem sér Rangárþingi ytra og eystra og Ásahreppi fyrir heitu vatni. Því er lægri þrýstingur á kerfinu á öllu veitusvæðinu að því er fram kom fram í tilkynningu frá Veitum.

„Búið er að takmarka afhendingu á heitu vatni til stórnotenda en afar mikilvægt er að allir viðskiptavinir Rangárveitna noti eins lítið heitt vatn og mögulegt er meðan á viðgerð stendur. Takist að draga úr notkun getur það komið í veg fyrir að fara þurfi í kerfisbundnar lokanir á veitusvæðinu,“ sagði í orðsendingu Veitna.

Líklegt er að bilunin tengist því að útleysing varð í aflvél í Búrfellsvirkjun sem olli útleysingu hjá álveri Rio Tinto í Straumsvík. Við það kom tíðnihögg á rafkerfið, dælan stöðvaðist og ekki var hægt að koma henni í gang. Undirbúningur viðgerðar er hafinn. Gert er ráð fyrir að fullur þrýstingur verði kominn á kerfið á miðvikudag.



Bændablaðið, 13.01.2022, síðu 42, 43
grein stærð: 150.04 sm²
grein hæð: 14.33 sm



Árni Freyr Magnússon, sem átti hugmyndina að slagorðinu sem var kosið sem slagorð Rangárþings ytra, fékk afhenta gjafakörfu frá Sólrúnu Helgu Guðmundsdóttur, formanni atvinnu-, jafnréttis- og menningarmálanefndar sveitarfélagsins, þegar úrslit úr samkeppninni urðu ljós. Mynd/Rangárþing ytra

„Fyrir okkur öll“ er nýtt slagorð Rangárþings ytra

Rangárþing ytra efndi nýlega til slagorðakeppnis um slagorð fyrir sveitarfélagið. Fjölmargar tillögur bárust en sú sem vann kom frá Árna Frey Magnússyni en það er slagorðið „Fyrir okkur öll“.

„Með slagorðinu finnst mér sveitarfélagið gefa það skýrt til kynna að í Rangárþingi ytra sé samfélag sem hugsi vel um íbúa en býður á sama tíma gesti og þá sem vilja setjast að í sveitarfélaginu velkomna. Slagorðið undirstrikar

að sveitarfélaginu sé bæði annt um fyrirtæki og fjölskyldur og allar þær fjölmörgu atvinnugreinar sem einkenna fjölbreytt atvinnulíf sveitarfélagsins.

Einnig býr slagorðið til samheldnistilfinningu hjá íbúum og þá tilfinningu að íbúar séu hluti af heild og að við séum samfélag sem skilji engan út undan. Vilji sé þá hjá sveitarfélaginu til að vera til staðar „Fyrir okkur öll“, segir Árni Freyr.

/MHH



■ Frá degi til dags

arnartomas@frettabladid.is

Rauð-hvíta martröðin

Samfélagið er enn í lamasessi eftir handboltamartröðina í Ungverjalandi þar sem Dönnum tókst enn eina ferðina að eyðileggja allt. Viðbrögð Íslendinga voru í stíl við dönsku fánalitina þar sem fólk varð ýmist rautt af bræði eða fölt af vonbrigðum. Tilfinningasúpan varð þvítík að upp úr sauð og flaut yfir á danska fréttamiðla. Megi þetta verða Dönnum að einhvers konar lexíu um mikilvægi einhvers. Þessi tilfinningarússíbani kyndir auðvitað undir frændskap okkar við Svía sem myndu svala gegndarlausum hefndarþorsta Íslendinga með því að fara alla leið. Heja Sverige! Að öðrum kosti, ef Svíarnir klickka, rifjum við upp venskapinn við Frakka sem koma blásaklausir undan þessu öllu saman.

Að borga brúsann

Ökuþóririnn Ásmundur Friðriksson hefur gengist við sögum um að hann sé að íhuga framboð í sveitarstjórnarkosningum í Rangárþingi ytra. Færi svo að hann tæki við sem sveitarstjóri yrði hann þó að víkja af Alþingi og frá þeim aksturstengdu fríðindum sem þingsætinu fylgja. Íbúar yrðu því að treysta á kröftugt bæjarlíf á Hellu til að halda Ásmundi tjóðruðum og koma í veg fyrir óþarfa rúnt. ■



Morgunblaðið, 28.01.2022, síðu 2
grein stærð: 41.47 sm2
grein hæð: 8.42 sm

Áskoranir um framboð í sveitarstjórn



Ásmundur
Friðriksson

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, segir það hafa gefið sér ótrúlega mikið að fá áskoranir um að gefa kost á sér til að leiða lista flokksins í Rang-

árþingi ytra í komandi sveitarstjórnarkosningum. Ekki liggur fyrir hvenær prófkjör verður, en væntanlega um næstu mánaðamót. „Þá þarf ég að vera búinn að ákveða hvað ég ætla að gera,“ segir Ásmundur, en Eyjar.net greindu frá málinu fyrst.



Morgunblaðið, 29.01.2022, síðu 14
grein stærð: 42.78 sm²
grein hæð: 4.23 sm

Vill leiða D-lista í Rangárþingi ytra

Ingvar Pétur Guðbjörnsson, upplýsingafulltrúi Sjálfstæðisflokksins, gefur kost á sér til forystu D-listans í Rangárþingi ytra fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Frá þessu greinir hann í færslu á Facebook-síðu sinni.

Ingvar Pétur hefur áður m.a. starfað í sveitarstjórn, sem blaðamaður og aðstoðarmaður ráðherra.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um með hvaða hætti verði stillt upp á framboðslistann.



Ingvar Pétur
Guðbjörnsson



Morgunblaðið, 31.01.2022, síðu 1
grein stærð: 60.75 sm2
grein hæð: 12.04 sm

Býður sig fram í Rangárþingi ytra



Ásmundur
Friðriksson

■ Ásmundur Friðriksson þingmaður Sjálfstæðisflokksins mun að óbreyttu gefa kost á sér í efsta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Rangárþingi ytra við sveitarstjórnarkosningar í vor. Ingv-

ar P. Guðbjörnsson stefnir einnig á forystusætið í sveitarfélaginu, svo baráttan gæti orðið hörð.

„Tækifærið er spennandi og ég gaf mínu fólki fyrir austan loforð um að bjóða mig fram sem sveitarstjóraefni. Framboðsfrestur rennur út um miðjan febrúar og að óbreyttu fer ég í framboð,“ segir Ásmundur. „Ég á hér vini á nánast öðrum hverjum bæ,“ segir Ámundur sem um helgina var á svæðinu – þangað sem hann hefur nú flutt lögheimili sitt. Fyrir skemmstu fluttu Ásmundur og kona hans lögheimili sitt að Árbæjarháleigu í Holtum.

„Ef ég næ kjöri hætti ég á þingi þar sem ég hef átt nú góð ár,“ segir Ásmundur. »6



Gaf mínu fólki loforð um framboð

● Ásmundur á ferð í Rangárþingi ytra ● Fer fram að óbreyttu ● Stefnir á sveitarstjórnann ● Flutti lögheimili ● Vinir og stuðningsmenn á mörgum bæjum ● Taka utan um samfélagið og vinna að sátt

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

„Tækifærið er spennandi og ég gaf mínu fólki fyrir austan loforð um að bjóða mig fram sem sveitarstjóraefni. Frestur rennur út um miðjan febrúar og að óbreyttu fer ég í framboð,“ segir Ásmundur Friðriksson alþingismaður Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur að undanförunni verið stíft orðaður við hugsanlegt framboð á lista sjálfstæðismanna í Rangárþingi ytra, sem væntanlega gengur eftir. Mun þá setja stefnuna á oddvitasætið og þar með starf sveitarstjóra, en Sjálfstæðisflokkurinn hefur löngum átt mikið fylgi meðal kjósenda á þessum slóðum.

Rangárþing ytra spannar svæðið milli Eystri-Rangár og Þjórsár; frá fjöru og inn á fjöll. Í sveitarfélaginu búa nú 1.880 manns, þar af um 940 manns á Hellu. Sveitirnar þarna eru – í grófum dráttum sagt – Þykkvibær, Holt og Landsveit, Rangárvellir og Heklubær og þar var Ásmundur á ferð um helgina. Ræddi við fólk um landsins nauðsynjar og verkefni fram undan.

Finnst nauðsynlegt að hitta mitt fólk

„Ég kann vel við mig hér í Rangárþingi ytra og ég á hér vini á nánast öðrum hverjum bæ. Konan mín, Sigríður Magnúsdóttir, er frá Lyngási, skammt frá Hellu og hér í sveit eigum við sumarhús. Á þessum slóðum á ég trausta stuðningsmenn og góða vini,“ segir Ásmundur þegar blaðamaður hittir hann á laugardaginn í söluskálanum við Landvegagát. Hann var þá á ferðalagi um svæðið og heilsaði upp á fólk.

Fyrir skemmstu flutti Ásmundur og kona hans lögheimili sitt að Ár-



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Ferðalag Ásmundur var á Suðurlandi um helgina og stillti sér upp við skilti þar sem Rangárþing ytra er á korti.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Sveitin Árbæjarhjáleiga í Holtum, þangað sem Ásmundur hefur flutt lögheimili sitt, en þau hafa mörg undanfarin ár búið á Suðurnesjunum.

bæjarhjáleigu í Holtum. „Mér finnst nauðsynlegt að hitta mitt fólk og heyra hvernig landið liggur. Ég finn að fólk hér hefur til dæmis tekið blóðmeramálið svokallaða mjög nærri sér og er sært. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að taka utan um samfélagið og vinna að sátt. Í Rangárþingi ytra bíða svo mörg spennandi verkefni, svo sem stækkun grunnskóla, græn atvinnuuppbygging og framkvæmdir við Hvammsvirkjun fara vonandi í gang á árinu með tilheyrandi afleiðum

störfum og þjónustu. Mikilvægt er að skjóta fleiri stöðum undir atvinnulífið og sveitarfélagið þarf að vera í stakk búið til að mæta fjölgun íbúa og fleiri fyrirtækjum. Skipulag fyrir atvinnustarsemi og íbúðarbyggð þarf að fela í sér fleiri tækifæri,“ segir Ásmundur og áfram:

„Sértakt áhugamál mitt að Hella verði formlega mekka íslenska hestsins. Á Suðurlandi er ræktun íslenska hestsins í fremstu röð á landsvísu. Rangárþing, höllin þar og sýningarsvæðið hafa mögnuð tækifæri til sýningahalds auk fjölda reiðhalla í sveitinni. Þá er ég sem áhugamyndlistarmaður og höfundur þriggja bóka áhugasamur um menningarmál, íþróttir og málefni kirkju og Oddafélagsins.“

Tilkynnti þingflokki hvað væri í farvatninu

Fulltrúarad Sjálfstæðisflokksins í Rangárvallasýslu og undirfélög þess ákveða útfærslu framboðsmála í Rangárþingi ytra – en frekari útfærsla og framkvæmd verður væntanlega í höndum heimafélagsins. Ingvar Pétur Guðbjörnsson upplýsingafulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sem er heimamaður á svæðinu, hefur þegar lýst yfir að hann stefni á efsta sæti framboðslistans – og munu þeir Ásmundur því væntanlega etja kappi um forystuna.

Ásmundur hefur setið á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Suðurlandinu frá 2013 og kynnti á dögunum fyrir þingflokkunum hvað væri í farvatninu. „Ef spennandi tækifæri bjóðast stekkur maður stundum til. Ef ég næ kjöri hætti ég á þingi þar sem ég hef átt níu góð ár, stundum í mótbýr og gagnrýni, sem hefur annars lítið fengið á mig,“ segir Ásmundur

Útsala
50-60%
akláttur af öllum
skólinum

Fyrir
GARDURINN
Mathilda

BOSS
TANZ
COLLECTIONS

Fyrir
líkama
og gal

Slys tóku sinn toll – á láði og í lofti

29.01.-05.02.

Orri Páll Ormarsson
orri@mbli.is



Í upphafi vikunnar viðraði **Sigríður Á. Andersen**, fyrrverandi dómsmálaráðherra, þá skoðun sína að lagaforsendur sóttvarnaaðgerða væru brostnar. Sigríður benti sérstaklega á þriðju málsgrein í 12. grein sóttvarnalaga sem kveður á um að ekki megi beita sóttvarnaráðstöfunum nema brýn nauðsyn krefji til verndar heilsu og lífi manna og við beitingu ráðstafana skal gæta meðalhófs og jafnræðis og taka tillit til annarra verndarhagsmuna.

Ragnar Freyr Ingvarsson, sérfræðingur í lyf- og gigtlækningum, kvaðst líka hlynntur hraðari afléttningum. „Við skelltum í lás á ákveðnum forsendum sem síðan ekki raungerðust. Þá finnst mér að sjálfsögðu að við ættum að stíga til baka, við skuldum samfélaginu það.“

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, mun að óbreyttu gefa kost á sér í efsta sæti á lista **Sjálfstæðisflokksins** í **Rangárþingi ytra** við sveitarstjórnarkosningar í vor. **Ingvar P. Guðbjörnsson** stefnir einnig á forystusætið í sveitarfélaginu.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sagðist bera fulla ábyrgð á því að gestir hefðu ekki borið grímu þegar **Íslensku bókmenntaverðlaunin** voru afhent á **Bessastöðum** og það afsökunar.

Fjöldi gesta á **farsóttarhúsum** er töluvert minni en þegar mest lét í kringum áramótin og til greina kemur að fækka húsum, að sögn **Gylfa Þórs Þorsteinssonar**, umsjónarmanns farsóttarhúsa hjá **Rauða krossinum**.

Alls hafa fjórir starfsmenn **Herjólf**s sagt upp störfum nýverið og er ástæðan sögð ólga milli starfsmanna og fyrrverandi yfirskipstjóra.

Síðanefnd **Hundaræktarfélags Íslands** hefur vísaði **mæðgum**, sem ræktað hafa **schäfer-hunda**, í 15 ára bann frá allri þátttöku í félaginu vegna ítrekaðra brota.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður **Samtakanna '78**, segir alvarlegt að transfólk þurfi að bíða eins lengi og raun ber vitni eftir **kynleiðréttingaraðgerð** á **Landspítala**. Hún segir að í þeirra huga sé algjörlega skýrt að aðgerðirnar séu lífsnauðsynlegar og kalla samtökin eftir að aðgerðirnar verði settar í forgang.

Ómar Ingi Magnússon varð markakóngur **Evrópumóts karla í handbolta**. Skoraði langflest mörk allra, **59** í átta leikjum Íslands.

• • •

Áætlað er að um þriðjungur neytenda hafi lent í **þrautavaraleiðinni**, eftir að hafa láðst að velja sér raforkusala. Það sé meiri fjöldi en ráðgert var þegar leiðin var tekin upp sumarið **2020**.

Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi **Sjálfstæðisflokksins**, segir marga hafa hvatt sig til að gefa kost á sér í fyrsta sætið í prófkjöri fyrir



Morgunblaðið/Eggert

Víðtæk leit var gerð að flugvél með fjórum mönnum innanborðs og voru þjögungarsveitir kallaðar út víða að.

komandi **borgarstjórnarkosningar**.

Seinni bólusetningar barna hófust í byrjun vikunnar. Aukaverkanir eru sagðar mildar og **Ásgeir Haraldsson**, yfirlæknir á **Barnaspítala Hringins**, segir rök fyrir bólusetningunni enn halda, þrátt fyrir að **Ómikron-afbrigðið** leggist ekki eins þungt á fólk og fyrri afbrigði kórónuveirunnar.

Innflutningur á **kjötafurðum** er aftur farinn að aukast eftir samdrátt á árinu 2020. Hlutfall innflutts kjöts af heildarsölu hefur þó ekki náð því marki sem var fyrir **kórónuveirufaraldurinn**.

Oliublautir fuglar hafa fundist í **Vestmannaeyjum** undanfarið en ekki liggur fyrir hvað veldur skaðanum.

Fuglaflensa fannst ekki í sýnum úr hræjum svartfugla sem fundust á

fjórum nýverið. Ástæða fjöldadauðans er ekki ljós en líklegasta skýringin er hungur, að sögn **Matvælastofnunar**. Stofnunin fylgist með þróun fuglaflensufaraldurs sem nú geisar í **Evrópu**.

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, upplýsingafultrúi **Íslenskrar erfðagreiningar**, bauð sig fram til formennsku í **SÁÁ** en dró framboðið jafnharðan til baka.

• • •

Heilbrigðisráðherra hefur skipað **Runólf Pálsson** lækni í embætti forstjóra **Landspítala** til næstu fimm ára. Tekur hann við embætti 1. mars.

Hópsmit **kórónuveiru** kom upp á hjúkrunarheimilinu **Eir í Hafnarfirði**.

Lagt er til að níu manna **farsóttanefnd** taki að nokkru leyti við verkendum **sóttvarnalæknis** og komi með tillögum til **heilbrigðisráðherra** um beitingu veigamestu opinberu sóttvarnaráðstafana vegna samfélagslega hættulegra sjúkdóma í drögum að frumvarpi til nýrra **sóttvarnalaga**.

Vilhlem Þorsteinsson EA var fljótur að slá Íslandsmet systurskips síns, **Barkar NK**. Landaði **3.448** tonnum af loðnu en nokkurra daga gamalt met **Barkar** var 3.409 tonn.

Umboðsmaður Alþingis hefur spurt **ráðherra** út í skipun og setningu tveggja ráðuneytisstjóra í lok janúar en ráðherrarnir eru beðnir um svör fyrir **12. febrúar**.

Óskar Guðjónsson saxófónleikari blæs nú sem aldrei fyrr eftir að hafa eignast nýtt **munnstykki** fyrir hljóðfæri sitt, hið fyrsta sinnar tegundar sem framleitt er á **Íslandi**.

• • •

Óvenjusterker **skjálfti**, **4** að stærð, varð undir **Mýrdalsjökli** í norðausturríma öskju **Köttlu** á miðvikudagskvöldið. Fannst hann meðal annars í **Skaftártungum**.

Nú liggur fyrir samkvæmt nýbirtri skýrslu að **Sundabrautin**, frá **Sundahöfn** upp á **Kjalarnes**, er mjög ábatasöm framkvæmd. Menn geta þá haldið áfram að ræða um brautina, eins og síðustu 47 árin.

Nítján ára karlmaður varð fyrir bil þegar hann var að renna sér á snjó-

þotu og lést við **Framhaldsskólann á Laugum** á miðvikudaginn.

Þrír gefa kost á sér til formennsku í **Eflingu** í kosningunum sem hefjast í næstu viku, **Ólöf Helga Adólfadóttir**, **Sólveig Anna Jónsdóttir** og **Guðmundur Jónatan Baldursson**. Framboð Sólveigar hefur valdið titringi á skrifstofu félagsins.

Mikill titringur varð vegna fyrirhugaðrar sölu á félagsheimilinu **Freyvangi** í **Eyjafjarðarsveit**, en þar er fjörið með lögheimili sitt, ef marka má kvæðið. **Freyvangsleikhúsið** mótmælti hástöfum enda myndi salan þýða að það lenti á götunni, eða öllu heldur úti á túni. Nú hefur verið fallið frá söluinni, að minnsta kosti næstu tvö árin.

Ekki er lengur gerð krafa um eins metra **nálægðarmörk** á sitjandi viðburðum.

• • •

Umfangsmesta leit síðari ára var gerð að fjögurra sæta flugvél sem hvarf um hádegisbil á fimmtudag. Um borð voru **íslenskur flugmaður** og **þrír erlendir ferðamenn**.

Dylan, Órion, Lucy og **Telekía** eru á meðal þeirra eiginna sem hafa fengið grænt ljós hjá mannanafnanefnd. Sömuleiðis hafa kynhlutlausu nöfnin **Norður** og **Ragn** fengið samþykki.

Heilbrigðisráðherra segir ástand í **liðskiptaaðgerðum** óviðunandi og vill kippa málum í liðinn.

Skólameistari **Hússtjórnarskóla Reykjavíkur**, **Margrét Dórothea Sigfúsdóttir**, lætur af störfum í byrjun sumars. Hún segist á þessum tímamótum þurfa að læra að vera löt.

Banaslys varð aðfaranótt föstudags þegar flutningabíll valt út af **Suðurlandsvegi** austan við **Kirkjubæjarklaustur** í ofsaveðri.

Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra segir líklegt að hægt væri að flýta skrefi tvö í áður kynntri **afléttingaráætlun** stjórnvalda þegar kemur að afléttingu sóttvarnaaðgerða.

Bogi Ágústsson mætti fríska upp á bindisvalið, að mati **Jóhanns Gunnars Arnarssonar**, fagurkera og eina menntaða bryta Íslands.



Samtök ungra bænda:

Framtíðin í landbúnaði björt

– segir Steinþór Logi Arnarson, nýkjörinn formaður samtakanna

Aðalfundur Samtaka ungra bænda var haldinn undir lok janúar síðastliðinn og á fundinum tók Steinþór Logi Arnarson, Stórholti í Dölum, við sem formaður samtakanna af Guðmundi Bjarnasyni í Túni.

Steinþór segir að tilgangur samtakanna sé að sameina unga bændur á Íslandi um hagsmunamál sín og vinna að framgangi þeirra. Jafnframt því að vinna að bættri ímynd landbúnaðar með kynningar- og fræðslustarfi.

Auk Steinþórs eru í stjórn Samtaka ungra bænda Dísa Svövudóttir, Reiðholti í Rangárfingi ytra, Þuríður Lilja Valtýsdóttir, Vík í Mýrdal, Ísak Jökulsson, Ósabakka á Skeiðum og Jónas Davíð Jónasson, Hlöðum í Hörgárdal.

Verja hagsmuni ungra bænda

„Ég kem frá búi þar sem foreldrar mínir stunda sauðfjárbúskap og er mikið viðloðandi búskapurinn og stefni að því að verða bóndi og hef verið í stjórn samtakanna í þrjú ár. Þar sem Guðmundur, fráfarandi formaður, gaf ekki kost á sér sem formaður aftur ákvað ég að bjóða mig fram enda hef ég mikinn áhuga á málefnum ungra bænda og ungs fólks sem langar að gera búskap að ævistarfi sínu.“

Steinþór segir að starfsemi Samtaka ungra bænda felist meðal annars í að fylgjast með málum sem tengjast hagsmunamálum bænda og ekki síst því sem snýr að hagsmunum ungra bænda. „Við erum virk í að fylgjast með og gera athugasemdir við mál sem eru að fara í gegnum Alþingi og endurskoðun búvörusamninga. Nýliðunarstuðningurinn er til dæmis eitt þessara mála og það voru



Steinþór Logi Arnarson, Stórholti í Dölum, er nýkjörinn formaður Samtaka ungra bænda.

gerðar nokkrar breytingar á honum að okkar frumkvæði.“

Á fjórða hundrað meðlimir

Í dag eru vel á fjórða hundrað meðlimir í samtökunum en þau eru miðuð við bændur sem eru undir 35 ára og ungt fólk sem hefur áhuga á að hefja búskap.

„Áhugi ungs fólks á landbúnaði er mikill

og að aukast og endurspeglast meðal annars í því að aðsókn í nám í búfræði og garðyrkju er mikil og meiri en svo að Landbúnaðarháskólinn hefur ekki getað tekið alla inn og við höfum því talað fyrir því að plássum fyrir nemendur verði fjölgað. Auk þess sem áhugi á Samtökum ungra bænda er mikill.“

Fækkun og stækkun

„Eins og ástandið er í dag er bændastéttin að eldast og ekki síst sauðfjárbændur. Þróunin er sú að búum er að fækka og þau stækka og því erfið að segja fyrir um hver nýliðun í stéttinni þarf að vera.

Í stefnumótun samtakanna er samt sem áður gert ráð fyrir að fjölskyldubú verði áfram ríkjandi rekstrarform í íslenskum landbúnaði. Spurningin snýst ekki síst um hvernig byggðir landsins þróast og vegnar, hvernig nýliðun verður í sveitum.“

Framtíð landbúnaðar björt

Steinþór er sannfærður um að framtíð landbúnaðar á Íslandi sé björt þrátt fyrir að það sé móttbyr eins og stendur, með til dæmis hækkandi áburðarverði. Í ofanálag þyngir það fyrirkomulag sem nú er á framleiðslurétti mjög fyrir nýliðum en til að mynda er gífurlegt fjármagn bundið í þeim kerfum sem eru við lýði í dag og því á brattann að sækja.

Að sögn Steinþórs er brýn þörf á frekari aðgerðum stjórnvalda í takt við boðaða stefnu þeirra í bæði landbúnaðarstefnu og matvælastefnu.

„Þrátt fyrir þetta vil ég hvetja ungt fólk til að vera óhrætt við að gera landbúnað að ævistarfi sínu og leggja stund á búskap því framtíð landbúnaðar á Íslandi er björt.“ *VH*



Ljósmynd/Louisa Hackl

Keppni Flosi Ólafsson sigraði í fyrsta skipti, á Forki frá Breiðabólstað.

Flosi elskar athyglina eins og afinn

● Sigraði óvænt í slaktaumatöltinu

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

„Þannig verða hinir síðustu fyrstir og hinir fyrstu síðastir.“ Þessi orð úr Matteusarguðspjalli sönnuðust í fyrstu tveimur keppnum meistara-deildarinnar í hestaþróttum. Flosi Ólafsson varð neðstur í fjórganginum fyrir hálfum mánuði en Sigurður Sigurðarson sigraði. Leikurinn snerist við í slaktaumatöltinu fyrir helgina; Flosi sigraði en Sigurður varð neðstur.

„Þetta er geysilega sterk keppni. Í fjórgangskeppninni kom ég með ungan og óreyndan hest sem brást svoltíð við aðstæðum og náði ekki að gera prógrammið eins og til var ætlast. Siggí lenti í því sama í slaktaumatöltinu, það mistókst hjá honum sýning,“ segir Flosi.

Miklar sveiflur urðu í slaktaumatöltinu. Flosi og hestur hans Forkur frá Breiðabólstað voru fjórðu í röðinni eftir forkeppnina en bættu sig mjög í A-úrslitum og náðu fyrsta sætinu örugglega með 8,21 í ein-kunn. „Hesturinn hefur aldrei áður

tekið þátt í íþróttakeppni. Hann er að kynast þessu og dómarnir að átta sig á honum. Hann hefur mikla útgeislun og þegar komið er í úrslitin stírnir á hann og eiginleikar hans koma fram,“ segir Flosi en með þessu vann hann sína fyrstu keppni í meistara-deildinni.

Úr ræktun fjölskyldunnar

Forkur er úr ræktun fjölskyldu Flosa á Breiðabólstað í Reykholtssdal og í eigu foreldra hans, Ólafs Flosasonar og Elísbetar Halldórsdóttur. Ólafur og kærasta hans, Brynja Kristinsdóttir, eru með eigin rekstur og vinna alfarið með hesta. Þau leigja aðstöðu á Ármóti í Rangárþingi ytra. Flosi segir að nóg sé að gera, meira en nóg, bæði með hesta úr þeirra eigin ræktun og hesta frá öðrum.

Flosi er alnafni og sonarsonur hins þekhta leikara, Flosa heitins Ólafssonar. „Við afi vorum nánir og miklir vinir. Ég hef örugglega eitt hvað frá honum, ég elska athyglina, ætli það sé ekki eitt af því,“ segir Flosi.




Morgunblaðið, 17.02.2022, síðu 4
grein stærð: 587.87 sm²
grein hæð: 22.70 sm



Morgunblaðið/Eggert

Lokað Pósthúsunum á Hvolsvelli og Hellu verður lokað í vor. 52 pósthús eru alls á landinu en fá eftir á Suðurlandi.



Höfuðborgarsvæðið Hagatorg Síðumúli Pönglabakki Höfðabakki Dalvegur Litlatún Fjarðargata Háholt Alls 8 pósthús	Grundarfjörður Ólafsvík Búðardalur Alls 6 pósthús	Blönduós Skagaströnd Sauðárkrókur Alls 4 pósthús	Raufarhöfn Þórshöfn Alls 11 pósthús	Suðurland Höfn Selfoss Hveragerði Hella Hvolsvöllur Vestmannaeyjar Alls 6 pósthús
Vestfirðir Ísafjörður Bolungarvík Súðavík Patreksfjörður Hólmavík Dranganes Alls 6 pósthús	NA-land Siglufjörður Akureyri Grenivík Dalvík Ólafsfjörður Húsavík Laugar Mývatn Kópasker	Austurland Vopnafjörður Egilsstaðir Seyðisfjörður Reyðarfjörður Eskifjörður Neskaupstaður Fáskrúðsfjörður Breiðdalsvík Djúpiogur Alls 9 pósthús	Suðurnes Reykjanesbær Grindavík Alls 2 pósthús	
Vesturland Akranes Borgarnes Stykkishólmur	NV-land Hvammstangi			Heimild: Pósturinn

Færri pósthús en fleiri póstbox

- Neikvætt skref að loka tveimur pósthúsum á Suðurlandi, að mati þingmanns
- Munar um hvert starf
- Aðlögun að breyttum veruleika, segir Pósturinn
- Bréfsendingum fækkaði um 75% frá 2010

Guðni Einarsson
gudni@mbl.is

„Þetta er að mínu mati neikvætt skref,“ segir Guðrún Hafsteinsdóttir, fyrsti þingmaður Suðurlands, um fyrirhugaða lokun pósthúsa á Hellu og Hvolsvelli 1. maí í vor.

„Við þingmenn hefðum viljað að þessi þjónusta hefði verið áfram tryggð í þessum sveitarfélögum. Við á landsbyggðinni erum alltaf í varnarbaráttu við að tryggja störf og að það sé veitt góð þjónusta. Við viljum að fólk setjist að úti á landi en það er erfitt að fá það til þess ef þjónustustigið er miklu lægra en annars staðar. Við viljum gjarnan að íbúar í Rangárbænum ytra og eystra búi við



Guðrún Hafsteinsdóttir



Hörður Jónsson

sambærilega pósthúsum og er á höfuðborgarsvæðinu.“

Við lokun pósthúsanna tveggja tapast tæplega þrjú stöðugildi. Guðrún sagði það jafngilda því að yfir 200 manns misstu vinnuna á einum

vinnustað á höfuðborgarsvæðinu. Auk lokunar pósthúsa hafa bankar einnig lokað útibúum á Suðurlandi.

„Ég á heima í Hveragerði þar sem búa rúmlega þrjú þúsund íbúar. Þar er engin bankaafgreiðsla. Yngra fólk finnur kannski ekki mikið fyrir því en eldri íbúar finna verulega fyrir því,“ segir Guðrún.

Póstþjónusta öll í endurskoðun

Íslandspóstur er að endurskoða þjónustu sína í ljósi breyttra aðstæðna. „Í þágu er fækkun pósthúsa á höfuðborgarsvæðinu samhliða fjölgun póstboxa. Eg get ekki upplýst nánar um það nú,“ segir Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Íslandspósts. Bréf-

sendingum hefur fækkað um 75% frá 2010 en þökkum fjölgað.

„Við munum þurfa að fjölga póstboxum á landsbyggðinni en fækka pósthúsum. Hvar nákvæmlega það verður gert liggur ekki fyrir, nema á Hellu og Hvolsvelli. Við verðum samt áfram með pósthúsum á þessum stöðum,“ segir Hörður. Á Hvolsvelli verða lögð niður tvö störf sem eru 1,75 stöðugildi og eitt fullt starf á Hellu. Starfsfólkinu býðst vinna hjá Póstinum á Selfossi.

Póstafgreiðsla færir úr niðurlögðum pósthúsum í póstbíl, sem verða á ferðinni alla virka daga, og póstbox. Heimastur sendinga verður viðtækari en nú. Einnig verður hægt að pósthúsum á Selfossi.

gegnum póstboxin og bílana. Sé ekki hægt að afgreiða sendingu í gegnum póstbox kemur póstbíllinn heim til viðtakanda. En hvernig borgar maður fyrir að pósthúsum breytingu á þessum stöðum,“ segir Hörður.

„Bílstjórar pósthúsa eru með posa. Við bjóðum líka upp á sjálfvirka skuldfærslu. Komi sending þá skuldfærast kostnaðurinn sjálfkrafa og viðtakandinn getur sótt sendinguna í póstbox,“ segir Hörður.

Útburður bréfa verður tvo daga í viku frá 1. maí og dreifing bréfa og pakka í dreifibýli tvisvar í viku. Þetta eru nauðsynleg viðbrögð við miklum samdrætti bréfasendinga, sem hefur haft mikil áhrif á tekjurnar fyrir-tækisins, að sögn Harðar.



Óánægja með fyrir- hugaða lokun pósthúsa

ÚR BÆJARLÍFINU

Óli Már Aronsson
Hellu



Íslandspóstur hefur boðað að fyrirtækið muni loka afgreiðslum sínum á Hellu og Hvals- velli frá 1. maí nk. Þá verður þjónustan rekin frá Selfossi með póstboxþjónustu, póstbíla- þjónustu, bréfberaþjónustu og landpóstþjón-ustu. Mikil óánægja ríkir meðal íbúa á báðum stöðum með þessar breytingar og telja flestir að þjónustan muni stórversna við þetta. Að auki munu tæp þrjú heilsársstörf leggjast af. Sveitarstjórnirnar hafa sent mótmæli við þessu til Íslandspósts, Bygðastofnunar og þing- manna Suðurlands.

Grunnskólinn á Hellu verður stækkaður á þessu ári og nú þegar er búið að bjóða út niðurrif á gamla skólanum að hluta til og jarð- vegsvinnu sem á að vera lokið um miðjan maí. Tvö tilboð bárust frá Þjótanda og Mjólmi vöru- bílstjórafélagi og voru þau áþekkt og bæði undir kostnaðaráætlun. Ákvörðun hefur verið tekin um að semja um verkið við Þjótanda. Þá hefur verið samið við Steypustöðina um forsteyptar einingar og reisingu hússins og skal því vera lokið í júlí ef allt gengur að óskum. Áætlað er að taka nýbygginguna í notkun í árslok.

Sveitarstjórnarkosningar fara fram 14. maí nk. eins og kunnugt er. D-listi sjálfstæðis- manna var með meirihluta fjóra fulltrúa af sjö í

hreppsnefnd Rangárbings ytra síðasta kjör- tímabil og Á-listinn, áhugafólk um sveitar- stjórnarmál, var með 3 fulltrúa. Nú stendur yf- ir undirbúningur fyrir framboðslistana tvo en ekki hefur heyrst af öðrum líklegum fram- boðum.

Prófkjör í 6 efstu sæti D-listans fer fram þann 12. mars og rann framboðsrestur út þann 21. febrúar. Níu manns hafa boðið sig fram. Hér eru þau í stafrófsröð og aftan við er sæti sem þau biðja um; Ásmundur Friðriksson 1. sæti, Björk Grétarsdóttir 2. sæti, Eydís Indriðadóttir 1-3. sæti, Gústav Magnús Ás- björnsson 3. sæti, Ingvar Pétur Guðbjörnsson 1. sæti, Sóley Margeirsdóttir 1-3. sæti, Svavar Torfason 3. sæti, Sævar Jónsson 4-6. sæti og Pröstur Sigurðsson 4. sæti.

Á-listinn hefur auglýst eftir áhugasöm- um í framboð og gefur til kynna að mikill áhugi sé hjá fólki almennt að taka þátt. Úr herbúðum Á-listans, áhugafólks um sveitarstjórnarmál, er það helst að fréttu að Eggert Valur Guð- mundsson, fyrrverandi formaður bæjarráðs í Árborg og einn reyndasti sveitarstjórnar- maður á Suðurlandi, er genginn til liðs við framboðið. Eggert hefur nýlega flutt aftur á Hellu en hann bjó þar á árum áður. Unnið er að uppstillingu á Á-listann þar sem markmiðið er að skapa sterka liðsheild sem er tilbúin til að vinna saman að hagsmunamálum fyrir sam- félagið. Stefnt er að því að kynna listann og helst á áherslumál seinni hluta marsmánaðar.



Nýr skóli Tölvugerð mynd af fyrirhugaðri byggingu Grunnskólans á Hellu sem reisa á í sumar.

Framkvæmdir á svæðinu sunnan þjóð- vegar og austan vegarins að Gaddstaðflötum eru á hönnunarstigi. Þar er fyrirhugað að hafa eldsneytisþjónustu og þvottaplan fyrir bíla vestast á svæðinu, ásamt ýmissi annarri þjón-ustu. Austar er í undirbúningi að úthluta allt að 40 lóðum fyrir verslanir og aðra starfsemi svo sem athafna- og iðnaðarlóðir.

Rangárfitt, ný líkamsræktarstöð, verður opnuð á Hellu í mars. Þar verður líkamsrækt- arstöð í anda Crossfit, sem byggð verður upp á hóptímum. Markmiðið er að allir geti tekið þátt, óháð aldri og líkamsástandi. Æfingarnar verða lagaðar að getu hvers og eins.

Eins og vegfarendur hafa tekið eftir er

búið að jafna við jörðu tvær gamlar byggingar sem stóðu sunnan við hringtorgið á Hellu. Parna voru áður fyrir annars vegar Pakkhúsið og hins vegar gamalt bíla- og dekkjaverk- stæði. Þetta voru hús sem ekki þóttu lengur til þrýði fyrir umhverfið. Fyrirtækið Hagar á þessar lóðir og samkvæmt upplýsingum frá þeim hafa engar ákvarðanir verið teknar um hvernig þessar lóðir verða nýttar í framtíð- inni.

Ferðafélag Rangæinga verður stofnað á þriðjudaginn, 1. mars, í Menningarhúsinu á Hellu. Áhugahópur um stofnun félagsins boð- ar til þessa fundar og eru allir velkomnir að vera stofnfélagar óháð búsetu eða öðrum flokkunum. Starfssvæðið er Rangárvallasýsla og verður þessu áhugamannafélagi ætlað að hvetja til útivistar af fjölbreyttu tagi.



Morgunblaðið, 12.03.2022, síðu 14
grein stærð: 121.76 sm²
grein hæð: 12.01 sm

Prófkjör á fimm stöðum í dag

● Sjálfstæðisflokkur og Píratar velja

Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir prófkjörum um helgina fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí og kosningu í prófkjörum Pírata í tveimur bæjarfélögum lýkur.

Kosning í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi fer fram í dag en kosið er um sex efstu sætin á framboðslista flokksins fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í maí. Fjórtán frambjóðendur taka þátt og sækjast tveir eftir efsta sætinu á D-listanum, þær Ásdís Kristjánsdóttir og Karen Halldórsdóttir.

Kosið er um fimm efstu sætin í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í

Múlaþingi sem fer fram í dag. Átta gefa kost á sér í prófkjörinu. Berglind Harpa Svavarsdóttir býður sig fram í 1. sæti og Jakob Sigurðsson býður sig fram í 1.-3. sæti.

Níu frambjóðendur eru í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Rangárþingi ytra sem fram fer í dag. Kosið er um



Morgunblaðið/Ómar

Kosning Prófkjörum hjá tveimur stjórnarmálahreyfingum lýkur í dag.

sex efstu sætin. Ásmundur Friðriksson gefur kost á sér í oddvitasæti listans, Ingvar P. Guðbjörnsson sækist einnig eftir fyrsta sæti og Eydís Þorbjörg Indriðadóttir býður sig fram í 1.-3. sæti.

Prófkjöri Pírata í Hafnarfirði sem hófst 5. mars lýkur í dag. Tólf einstaklingar gefa kost á sér. Einnig lýkur prófkjöri Pírata í Árborg kl 15 í dag en þar eru þrír frambjóðendur í kjöri.



Ingvar Pétur efstur á öflugum lista

● Auðvitað vonbrigði, segir Ásmundur

„Hópurinn er öflugur og listinn sigurstranglegur,“ segir Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Hann varð efstur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Rangárþingi ytra sem haldið var á laugardaginn, fékk alls 219 atkvæði í efsta sæti listans, sem hann sóttist eftir. Ásmundur Friðriksson alþingismaður sem einnig sóttist eftir oddvitasætinu komast ekki á blað í sex efstu sætum.

Eydís Porbjörg Indriðadóttir mun skipa annað sætið, en hún fékk 184 atkvæði í 1.-2. sæti. Skv. úrslitum prófkjörsins mun Björk Grétarsdóttir svo skipa 3. sæti, Próstur Sigurðsson í því fjórða, Svavar Leópolð Torfason verður sá 5. og í 6. sæti verður Sóley Margeirsdóttir. Alls tóku 412 þátt í prófkjörinu. Auðir seðlar og ógildir voru 12.

„Verkefnið fram undan í Rangárþingi ytra eru mörg og spennandi. Þar er bygging nýs húsnæðis grunnskólans á Hellu ofarlega á blaði,“ segir Ingvar Pétur. „Svo þarf að setja fókussinn á skipulagsmálin og brjóta ný lönd undir byggingu íbúðarhúsnæðis. Nú erum við farin að nálgast lóðaskort, því mikið hefur verið byggt á Hellu síðustu árin og fólki fjölgað. Úti í dreifbýli sveitarfélagsins, það er Pykkvabæ, Holtum, Landsveit og Rangárvöllum, eru miklir vaxtarmöguleikar. Komin er ljósleiðaratenging heim á alla bæi sem skapar mögu-



Ingvar Pétur Guðbjörnsson




Ásmundur Friðriksson

leika á fjarvinnu, eins og margir stunda nú og hefur gjörbreytt atvinnumöguleikum.“

Ingvar Pétur Guðbjörnsson, sem er 43 ára að aldri, býr á Hellu og á allar sínar rætur í Rangárþingi ytra. Þar var hann í sveitarstjórnarmálum á árunum 2002-2014. Snýr nú aftur á það svið, eftir að hafa verið síðustu árin í blaðamennsku, aðstoðarmaður ráðherra og síðast upplýsingafulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

„Auðvitað eru þessar niðurstöður mér vonbrigði. Lífið heldur þó áfram; mótið tapast ekki þótt einn leikur farið ekki að vonum,“ segir Ásmundur Friðriksson um niðurstöðuna. „Útkoman úr þessu öllu er sigurstranglegur listi valinn af meira en 400 manns, og svo mikil þátttaka er í raun lýðræðisveisla sem andstæðingum ætti að vera umhugsunarefni.“ sbs@mbl.is



Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri Votlendissjóðs – 50 ára

„Guð hefur verið mér gjafmildur“

Einar Þór Bárðarson fæddist 18. mars 1972 í Reykjavík en ólst upp á Selfossi og bjó þar sleitulaust nánast til aldamóta. „Sem barn var ég mikið í Reykholti í Biskupstungum hjá móðurorömmu minni og -afa og hennar fólki. Eftir gagnfræðaskóla fékk ég tækifæri á að fara sem skiptinemi til Bandaríkjanna á vegum Rotary á Íslandi. Tækifæri sem ég er ennþá þakklátur fyrir.“

Eftir fjölbrautaskólaárin á Selfossi fór Einar svo aftur til Bandaríkjanna í háskólann í Arizona þar sem hann lagði stund á markaðsfræði. Hann lauk síðan MBA-námi frá Háskólanum í Reykjavík árið 2012.

Einar Bárðarson var um tíma einn umfangsmesti tónleikahaldari landsins og umboðsmaður. Hann starfaði um tíma í London í útgáfu og umboðsmennsku. Einar var formaður dómnefndar í Idol stjörnuleit og X Factor á Stöð 2 2006-2008 og framkvæmdastjóri Íslensku tónlistarverðlaunanna 2002-2006. Árið 2007 kom út bókinn Öll trixín í bókinni eftir Arnar Eggert Thoroddsen um smelli og skelli afmælisbarnsins sem gefin var út hjá JPV.

Einar er lagahöfundur og eftir hann liggja mörg vinsælustu lög „aldamótahljómsveitanna“. Hann hefur sinnt trúnaðarstörfum fyrir STEF og FTT. Hann var framleiðandi og útgefandi, þar á meðal plötu Garðars Thors Cortes sem enn í dag er ein mest seldu plata Íslands og var tilnefnd til Bresku tónlistarverðlaunanna árið 2008, en hún var í þrjár vikur mest seldu klassíska platan í Bretlandi.

Árið 2009 stofnaði Einar útvarpsstöðina K100, hann seldi hana árið 2011 og stöðin er ennþá í rekstri sem hluti af fjölmiðlasamstæðu Árvakurs. Einar hefur sinnt dagskrárgerð í útvarpi á Bylgjunni í þáttunum Bítinu og Bakarínu og nú síðasta árið á K100 í þættinum Helgarútgáfunni.

Árið 2012 var Einar ráðinn forstöðumaður Höfuðborgarstofu sem ber ábyrgð á viðburðahaldi og ferðaþjónustuverkefnum Reykjavíkur. Þá starfaði hann einnig sem rekstrarstjóri Reykjavík Excursion og sam-



Fjölskyldan Saman að sinna verkefnum á vegum Votlendissjóðs í tengslum við Vetrarhátíð Reykjavíkur sl. febrúar.



Hjónin Einar og Áslaug í landi Garðabæjar á plokkeginum 2020.

skiptastjóri Hafnarfjarðar. Hann var svo ráðinn framkvæmdastjóri Votlendissjóðs árið 2019 og stýrir honum í dag.

Samhliða þeim verkefnum hefur hann byggt upp ásamt góðum hópi umfangsmestu afþreyingarmótaröð landsins, Víkingamótaröðina, sem

meðal annars samanstendur af Salomon Hengil Ultra, stærsta utanvegahlaupi landsins, og KIA-gullhringnum, sem er stærsta hjólræiðakeppni landsins.

Árið 2018 stofnaði Einar Facebook-hópinn Plokk á Íslandi sem í dag telur um 7.400 félaga og skipu-

leggur ásamt fleirum stóra plokkeginum, sem er umhverfishreinsunardagur á landsvísu.


Einar sigraði í Söngvakeppni sjónvarpsins fyrir Eurovision 2001. Hann var valinn framúrskarandi ungur Íslendingur JCI árið 2006, hlaut Heimshorn Sunnlenska fréttablaðsins 2006 og bronsmerki FRÍ 2019. Hann tók við umhverfisviðurkenningu Reykjavíkurborgar árið 2018 fyrir hönd Plokks á Íslandi svo eitthvað sé nefnt

„Ég hef alltaf verið heppinn og Guð hefur verið mér gjafmildur. Ég er heppinn með foreldra, fjölskyldu, eiginkonu og börnin mín, vini, samstarfs- og samferðafólk. Ég hef getað unnið við það sem ég hef unun af og í dag vinn ég við endurheimt vistkerfa og náttúruvernd hjá Votlendissjóði og það eru forréttindi sem ég minni mig á daglega. Börnin okkar Áslaugar eru okkur sífelld uppspretta gleði og kærleiks og við erum svo stolt af þeim og okkur sjálfum fyrir allt það sem við höfum farið saman í, í öllum skilningi þess, og eignast fullt af minningum. Vonandi skilur maður





Ætt Einars Bárðarsonar



eitthvað verðmætt eftir í huga samferðafólks okkar.“

Fjölskylda


Eiginkona Einars er Áslaug Thelma Einarsdóttir, f. 11.8. 1975, MBA. Þau eru búsett í Garðabæ. Foreldrar Áslaugar: Einar S. Leifsson, f. 24.5. 1953, d. 6.6. 2002, bjó í Keflavík og Hrefna Þorbjörg Traustadóttir, f. 21.7. 1953, búsett í Garðabæ. Þau skildu. Sambýlismaður Hrefnu er Kristján Helgason, f. 4.5. 1952. „Tengdafaðir minn féll frá langt fyrir aldur fram. Ég kynntist honum lítillega og það var fyrir fæðingu barnanna okkar. En sambýlismaður tengdamóður minnar, Kristján Helgason, hefur reynst börnum okkar afskaplega góður afi. Ég er þakklátur fyrir þessa menn í okkar lífi.“

Börn Einars og Áslaugar eru Klara Þorbjörg, f. 12.5. 2006, og Einar Birgir, f. 10.9. 2008.

Sammæðra bróðir Einars er Arngrímur Fannar Haraldsson, f. 23.4. 1976, tónlistarmaður og við-

skiptastjóri í Hörpu, búsettur í Reykjavík. Samfeðra systkini Einars búsett í Noregi eru Cathrine Einarsson, f. 31.5. 1986, og Kristoffer Sannerholt, f. 4.7. 1995.

Foreldrar Einars eru Klara Sæland, f. 3.4. 1951, bóndi í Þjóðólfs­haga III, Rangárþingi ytra, og Bárður Einarsson, f. 23.4. 1950, smiður, búsettur í Noregi. Þau skildu. Klara giftist 4.10. 1975 Haraldi Arngríms­syni, f. 16.12. 1951, bónda í Þjóðólfs­haga III. „Mamma mín og blóðfaðir skildu þegar ég var of ungur til að muna en Haraldur Birgir Arngríms­son gekk mér í föðurstað og þau mamma giftust um það bil sem ég lærði faðirvorið. Hann hefur reynst mér afar vel og allt hans fólk. Hann og mamma voru í eigin rekstri allt mitt uppeldi og ég þekki ekki neitt annað en vinnusemi, skipulag og útsjónarsemi sem ég hef frá þeim. Nú hafa þau söðlað um og eru bændur í Þjóðólfs­haga III í Holta- og Land­ sveit þar sem okkur finnst mjög gaman og gefandi að heimsækja þau.“



Bláskjaldráttur
Íslenska í Hósti
20.03.2022

Í vörn og sókn á vondum vetri

13.3.-18.3.

Andrés Magnússon
andres@mbl.is



Stríðsrekstri Rússa í Úkraínu var mótmælt með fjölmennri andófgöngu frá Hallgrímskirkju að sendiráði Rússlands.

Systurnar **Sigríður, Elísabet og Elín Eyþórsdætur** (Sigga, Beta og Elín) sigruðu í undankeppni Evrósjón, söngvakeppni Ríkisútvarpsins, með laginu *Með hækkanði sól*. Þær báru sigurord af Reykjavíkurdætrum, en óhætt er að segja að aðdáendur hinna síðarnefndu hafi tekið ósigrinum illa.

Ásdís Kristjánsdóttir hlaut afgerandi kosningu í 1. sæti á lista sjálfstæðismanna í Kópavogi, en keppinautur hennar um það sæti í prófkjöriinu féll langt niður lista.

Sjálfstæðismenn í Rangárfingi ytra héldu einnig prófkjör, þar sem **Ingvor Pétur Guðbjörnsson** varð hlutskarpastur í baráttu um efsta sætið. Þingmaðurinn **Ásmundur Friðriks-son**, sem keppti að sama marki, komst hins vegar ekki á blað um sex efstu sætin.

Fyrstu **farfluglarnir** eru farnir að tínast til landsins og líst ekkert á blikuna. Skúmurinn er kominn, nokkrar álfur, grágæsir og skógarprestir, en lóan hefur enn ekki látið á sér kræla og láí henni hver sem vill á þessu nístingsvori.

Rússar héldu áfram **stórskotahrið** á borgir í Úkraínu og er talið að þrjár

milljónir manna hafi flúið landið á jafnmörgum vikum, en auk þess eru milljónir á vegangi innan landsins undan hernaði Rússa.

Búið er við um 300 **flóttamönnum** til landsins á næstunni, en þegar hafa 179 manns með úkraínskt ríkisfang óskað verndar hér á landi frá því innrásin hófst, margir með fyrri tengsl við Ísland.

Elkem hefur þurft að draga úr framleiðslu á kísilmálm í verksmiðju sinni á Grundartanga vegna skertrar **raforkuafhendingar** Landsvirkjunar, sem aftur má rekja til bágrar stöðu í uppistöðulónum virkjana.

Hins vegar vantaði ekki ofankomuna í endalausum og ömurlegum **veðrum**, sem gengu yfir landið.

Heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytin, sem haft hafa aðstöðu í Skógarhlíð, þurfa að yfirgefa bygginguna vegna **myglu**.

Útanríkisráðherra greindi frá því að nýtt **sendiráð** yrði opnað í Varsjá í Póllandi í haust. Pólland hefur haft sendiráð á Íslandi frá 2013, en hér á landi búa hátt í 30 þúsund manns af pólsku bergi brotin, en í Póllandi er einnig mikið af fólki með tengsl við Ísland frá fyrri dvöl.

Harpa, tónlistarhöll alþýðunnar, var sektuð um milljón krónur vegna óþarfrar og ólögmatrar söfnunar á **persónuupplýsingum** við miðasölu á netinu. Harpa vildi bæði vita kennitölu og fæðingardag kaupenda.

Boris Johnson forsætisráðherra Bretlands tók á móti **Katrínu Jak-**



Morgunblaðið/Óttar

Innrás rússneskra stjórnvalda í Úkraínu og miskunnarlausum hernaðaraðgerðum þeirra þar var harðlega mótmælt af fólki sem gekk frá Hallgrímskirkju að sendiráði Rússa í Reykjavík. Um 600 manns tóku þátt í mótmælagöngunni.

obsdóttur og öðrum kollegum þeirra frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum, sem eru í svonefndum JEF-ríkjahópi. Þau fordæmdu innrásina í Úkraínu og lýstu þungum áhyggjum af stöðunni.

Hagstofan birti upplýsingar um **lífskjör** heimilanna, sem bentu til þess að ástandið væri bærilegt og raunar aldrei færri, sem áttu í erfiðleikum með að láta enda ná saman um mánadamót.

Halla Hrun Logadóttir orkumálastjóri vekur athygli á því að hefja þurfi undirbúning vegna beislunar vindorku úti á sjó sem fyrst, því rannsóknir geti tekið allt að áratug áður en hefjast má handa við að setja upp vindmyllur undan landi.

Gert er ráð fyrir að húsnæði fyrir **ósakhaft** fólk verði tilbúið suður með sjó ekki síðar en snemma árs 2024, en senn verður kynnt frumvarp um vistun þess og aðbúnað.

Eliza Reid forsetafrú átti fund vest-

anhafs með **Jill og Joe Biden**, forseta- hjónum Bandaríkjanna, og fór vel á með þeim. Forsetafrúin tók jafnframt þátt í hátíðinni Taste of Iceland í Washingtonborg, þar sem kynna mátti sér Ísland í mat, drykk og menningu.

Dauðsföllum hefur fjölgað í elstu aldurshópum að undanförunu og er líklegt talið að kórónuveiran komi þar við sögu.

Frambjóðendur í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík vilja margir taka upp samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og telja útfærslu borgarstjóra á **borgarlínunni** fjarstæðukennda.

Ríkislögreglustjóri undirbýr mögulega þátttöku íslenskra **lögregluþjóna** á FRONTEX, landamæragæslustofnun Evrópu, sem hefur fjölgað mjög í liði sínu í Austur-Evrópu vegna innrásarinnar í Úkraínu.

Heilbrigðisráðherra svaraði fyrirspurn á Alþingi um **undanþágur** frá sóttvarnareglum, en samkvæmt svörum voru engar undanþágur í gildi á **Bessastöðum** við afhendingu bókmenntaverðlauna í janúar, þvert á það sem haldið var fram þá.

Skáksambandið hyggst efna til veglegrar afmælishátíðar vegna þess að 50 ár eru liðin frá „einvígi aldarinnar“ þegar Bandaríkjamadurinn **Bobby Fischer** lagði rússneska heimsmeistarann **Boris Spasskij** í miðjum frosthörkum kalda stríðsins fyrri.

Verkalýðsbaráttan náði nýjum hæðum þegar verkalýðshreyfingin logaði í illdeilum milli helstu forystumanna og hópa. Í aðsigi mun vera mótframboð gegn **Drífu Snædal**, forseta Alþýðusambands Íslands.

Ár er liðið frá því að **eldgos** hófst í Fagradalsfjalli, en það reyndist vera meðalstórt. Talið er að þar á svæðinu kunni að gjósa aftur á 20-25 ára fresti.

Ráðgert er að reisa tilraunahús úr **hampsteypu**, en hampræktendum hefur fjölgað mjög hér á landi. Hún hefur ekki áður verið notuð hér á landi og því ástæða til þess að kanna hvort hún stenst íslenska veðráttu.

Um þrjú hundruð **flóttamenn** eru komnir til Íslands frá Úkraínu, en

ekki hefur reynt vandalaust að finna þeim húsnæði og búið við að allt að 1.500 manns bætist við á næstu vikum og mánuðum.

Eitthvað mun hafa á því borið að flugfélög hafi neitað að skrá í flug úkraínsk börn án vegabréfa. **Jón Gunnarsson** dómsmálaráðherra sagði að rætt hefði verið við þau vegna þessa, svo að fjölskyldur á flóttu yrðu ekki á flæðiskeri á flugvöllum ytra.

Önnur fyrirhuguð gestakoma vakti þó ekki minni athygli, því greint var frá því að von væri á bandarísku poppstjórnumni **Katy Perry** til landsins í sumar til þess að gefa skemmtiferðaskipi nafn við Skarfabakka í Reykjavík.

Staðfest var að **dauðsföllum** vegna farsóttarinnar hefur fjölgað að undanförunu, en alls hefur nú 91 látist með Covid-19, þar af 54 frá áramótum.

Í **Vík** hafa menn verið í óðaönn við að flytja sand, sem þangað hefur fokið í vetur, aftur niður í fjöru, svo hann geti fokið aftur í þorpið næsta vetur.

Ráðstöfunartekjur á mann jukust um 7,5% á liðnu ári, en **kaupmáttur** jókst um 1,1%. Launagreiðslur hækkuðu um 155 milljarða króna frá 2020 til 2021, bæði vegna kauphækkana og minna atvinnuleysis.

Heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á **biðlista** eftir ýmsum skurðaðgerðum og er biðin nú orðin meiri en Landlæknir miðar við að hún megi mest vera.

Tap af alþjónustu **Íslandspósts** hefur numið um 6,6 milljörðum króna síðastliðin áramót, en á aðalfundi hans kom fram að rekstrarhagnaður hefði verið á síðasta ári, alls um 256 m.kr., en það gerðist þó aðeins vegna 560 m.kr. framlags frá Byggðastofnun.

Fjármálaráðherra ákvað að fela Bankasýslu ríkisins að selja það sem eftir stendur af hlut ríkisins í **Íslandsbanka**, alls um 65% hluta.

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík hófst á föstudag og fór vel af stað. Í sama mund voru framsóknarmenn að tygja sig á fyrsta **flokksþing** sitt í fjögur ár.

Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði frá máli Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á hendur **SanteWines** vegna netverslunar með vín.




Sveitarfélög með mestu hlutfallslegu fjölgun íbúa 2021 til 2022

15 sveitarfélög með mesta fjölgun (%)

Heimild: Hagstofa Íslands

Mannfjöldi á Íslandi var **368.792** 1. janúar 2021 og **376.248** 1. janúar 2022

Sem savarar til fjölgunar um **2,0%**



Mannfjöldi 2021 og 2022:

19.676	1.740	17.693	2.369	98	647	1.064	492	201	620	758	2.778	653	56	66
20.416	1.810	18.445	2.481	103	687	1.131	525	215	665	814	2.984	704	61	79

Íbúum fjölgaði um 2%

- Landsmönnum heldur áfram að fjölga milli ára
- Körlum fjölgaði meira en konum í fyrra
- Mest fjölgar á Suðurlandi

Alls bjuggu 376.248 á Íslandi hinn 1. janúar síðastliðinn. Íbúum landsins hafði fjölgað um 7.456 frá því í ársbyrjun 2021, eða um 2%. Alls voru 193.095 karlar og 183.153 konur búsettir á landinu í upphafi ársins og fjölgaði körlum um 2,1% árið 2021 en konum um 1,9%, að því er fram kemur í yfirliti Hagstofu Íslands.

Þar kemur einnig fram að hlutfallsleg fólksfjölgun var mest á Suðurlandi. Á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 4.354 fleiri 1. janúar 2022 en fyrir ári. Það jafngildir 1,8% fjölgun íbúa á einu ári en fjölgunin nam 3,3% á Suðurlandi. Á Suðurnesjum var fólksfjölgun 3,2%. Minnst fjölgun varð á Norðurlandi vestra en þar fjölgaði einungis um fimm einstaklinga eða 0,07%.

Reykjavík var sem fyrr fjölmenn-



Morgunblaðið/Ingó

Rólótför íbúum landsins fjölgaði um tæplega 7.500 á milli ára.

asta sveitarfélagið með 135.688 íbúa í fyrra en Árneshreppur á Ströndum það fámennasta með 42 íbúa.

Í samantekt Hagstofunnar kemur fram að árið 2021 fækkaði íbúum í 18 af 69 sveitarfélögum landsins og var fækkunin hlutfallslega mest í Eyja- og Miklaholtshreppi (14,2%). Þegar horft er til ellefu stærstu sveitarfélögganna með 5.000 íbúa eða fleiri fjölgaði hlutfallslega mest í Garðabæ (4,3%), Reykjanesbæ (3,8%) og Sveitarfélaginu Árborg (3,7%).

Minnst fjölgun í Hafnarfirði

Fjölgun var einnig yfir landsmeðaltali í Mosfellsbæ (3,5%), Fjarðabyggð (2,5%) og á Akureyri (2,2%) en fjölgun var undir landsmeðaltali á Akranesi (1,9%), Reykjavík (1,8%), Kópavogi (1,7%) og Múlaþingi (0,7%). Af 11 stærstu sveitarfélögum fjölgaði minnst í Hafnarfirði (0,3%).



Bændablaðið, 24.03.2022, síðu 10
grein stærð: 87.53 sm2
grein hæð: 8.55 sm

Rangárþing ytra:


Fiskiræktun í Eystri-Rangá

Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur lýst yfir vilja sínum til þess að skipta upp jörðunum Fossi og Árbæ í sveitarfélaginu, þannig að meginhluti jarðarlands hvorrar jarðar verði á sér landnúmerum. Það land sem eftir stendur á hvorri jörð fyrir sig ber þá upprunalega landnúmerið og samkvæmt lögum þá fylgir veiðiréttur upprunalega landnúmerinu.

Jafnframt lýsir sveitarfélagið yfir vilja til að leigja óstofnuðu félagi um fiskirækt í efri hluta Eystri-Rangár, sem Lýður Skúlason, Guðmundur Ingi Hjartarson og Finnur Björn Harðarson eru í forsvari fyrir, land það sem verður á upprunalegu

landnúmerunum. Leigunni fylgir aðgengi að efri hluta Eystri-Rangár, innan jarðanna, og er fyrrgreindum aðilum veitt vilyrði um leyfi fyrir að þeir leggi nauðsynlega veiðislóða, gerist þess þörf, með fyrirvara um samþykki leyfisveitenda varðandi skipulag og umhverfismál. Þetta kemur m.a. fram í síðustu fundargerð sveitarstjórnar. Þar segir enn fremur að um sé að ræða leigu til allt að 5 ára eða þar til kemur í ljós hvort áætlanir um fiskiræktina muni ganga eftir. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum varðandi árangur í fiskirækt er vilji til að framlengja leiguna til allt að 30 ára.

/MHH



Framsækið sveitarfélag í sjálfbærri þróun

Sveitastjórn Flóahrepps ákvað í lok ársins 2019 að hefja stefnumótun með nýja framtíðarsýn, sem tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Tilgangurinn er að innleiða sjálfbæra og framsækna þróun í sveitarfélaginu og stuðla að heilsusamlegu og bættu samfélagi.

elin@frettabladid.is

Eydís Þorbjörg Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, segir að í framhaldi af skuldbindingu Íslands 2015, hafi heimsmarkmiðin verið kynnt meðal annars á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar hafi hún og Árni Eiríksson oddviti heillast af hugmyndafræðinni og sent kynningarefni á allar nefndir sveitarfélagsins í framhaldi af því. „Það var síðan í lok ársins 2019 sem sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti einróma að vinna að heildarstefnumótun til næstu ára og þróa heildarframtíðarsýn með heimsmarkmiðin að leiðarljósi. Um leið styrkjum við stöðir sjálfbærrar þróunar,“ segir Eydís.

Varmadæluvæðing í Flóaskóla

„Innleiðing gengur vel og ýmis verkefni eru þegar komin af stað. Við höfum til dæmis verið að skipta um orkugjafa í Flóaskóla. Skólinn er staðsettur á köldu svæði og fram til síðasta árs hefur hann verið kyntur upp með rafmagni. Við fjárfestum í varmadælu og fengum styrk til þess frá Orkusjóði. Þetta er stórt verkefni og það þurfti að gera ákveðnar breytingar eins og að tengja loftræstikerfi við varmadælu, plægja niður 2,3 km af lögnum í skólalóð og fleira.

Í sumar munum við skipta út rafmagnsþilofnum sem voru til staðar í einum áfanga byggingarinnar,“ segir Eydís. Bæði leik- og grunnskóli Flóahrepps taka þátt í verkefninu með því að starfa samkvæmt grænánastefnu, sem



Eydís Þorbjörg Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

gerir ríkar kröfur til þess að unnið sé með sjálfbærni að leiðarljósi. Gerðar eru úttektir á starfseminni reglulega. „Með þessari stefnu eru gerðar kröfur um að spara rafmagn, sporna við matarsóun og spara pappír svo eitthvað sé nefnt,“ segir Eydís, en í grunnskólanum eru 116 börn og um 40 í leikskólanum. Flóahreppur hefur einnig gert samning við Embætti landlæknis um verkefnið Heilsueflandi samfélag og taka skólarnir þátt í því.

„Samfélagið er ungt, með góðan aldursþíamíða, þannig að það eru hlutfallslega mörg börn í leik- og grunnskóla miðað við íbúafjölda. Um sjö hundruð manns búa á svæðinu. Við látum stefnu heimsmarkmiðanna ná til allra sviða sveitarfélagsins og allar stofnanir taka þátt í verkefninu. Þegar við vorum að innleiða þessa stefnu var það gert í samráði við þær sem og nefndir sveitarfélagsins. Við réðum verkefnastjóra, Evu Magnúsdóttur ráðgjafa hjá Podium, en hún hafði unnið að sambærilegu verkefni í Skaftárhreppi. Fulltrúar í nefndum og íbúar í sveitarfélaginu voru sömuleiðis kallaðir til samráðs og verkefnið kynnt á fundum og rafrænt. Við vorum ávallt að huga að sjálfbærni samfélagsins og velferð íbúanna,“ segir Eydís og bætir við að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sé gott tæki til þess og allir hafi unnið lausnamiðað að markmiðasetningu fyrir sveitarfélagið sitt. Nú er einnig búið að vinna skólustefnu Flóahrepps á sama grunni og birta hana á heimasíðu sveitarfélagsins.

Lærdómsríkt ferli

„Við erum nú að undirbúa gerð



Það er fallett í landslagið í Flóahreppi.
MYND/ÁRNI GEIR

loftslagsstefnu og nýtum okkur til þess veflausnir Umhverfisstofnunar.

Leiðtogahlutverk Sambands sveitarfélaga er mikilvægt í verkefnum eins og heimsmarkmiðavinnunni, en verkefnisstjórar frá þeim hafa stýrt reglulegum samráðsfundum þar sem við lærum hvert af öðru. Við höfum m.a. verið að vinna með Skútustaðahreppi, Hornafjarðarbæ, Kópavogi, Hafnarfirði og Fjarðarbyggð ásamt fleirum. Allir eru mjög áhugasamir að fara þessa leið og það er lærdómsríkt að fylgjast með hvað hin sveitarfélögin eru að gera.“

Flokka allt rusl

Mörg landbúnaðarfyrirtæki eru í Flóahreppi og segir Eydís að bændur séu líka að vinna að því að taka inn þessa hugmyndafræði. Núna, þegar aðföng eins og áburðargjöld eru að hækka í verði, er sjálfbærni og endurnýting góð leið til að halda kostnaði í lágmarki. Flóahreppur tók þá ákvörðun árið 2011 að flokka allt sorp í þaula í sveitinni

og er enginn afsláttur gefinn í því efni. Allur lífrænn úrgangur er sömuleiðis flokkaður og er sóttur á alla bæi sem óska eftir því. Aðrir nýta úrganginn til moltugerðar eða sem áburð.“

Eydís bendir á að mjög framsækið fyrirtæki sé starfandi í hreppnum, Orkugerðin. „Fyrirtækið er staðsett við Suðurlandsveg og er í eigu sláturleyfishafa og sveitarfélaga. Það tekur á móti úrgangi úr sláturhúsum og vinnur úr honum verðmætar afurðir. Afurðir eru fita til orkunotkunar og próteinríkt kjötmjöl. Mjölíð er notað í skógrækt og landgræðslu á Suðurlandi. Áhugi er fyrir því að nota mjölíð enn frekar, en reglur eru enn þá fullstrangar hvað varðar þau tíma-mörk sem eru frá dreifingu kjötmjólins til nýtingar á landi.

Það er mjög margt spennandi að gerast í sveitarfélaginu. Meðal annars höfum við skipt út bensínbíl hjá umsjónarmanni fasteigna fyrir rafbil og hugmyndin er að setja upp nútíma hraðhleðslustöðvar við allar stofnanir sveitarfélagsins.

Það er ákveðið tækifæri til þess að gera vel við starfsmenn með því að láta þá hafa starfsmannakort sem gengur að hleðslustöðinni. Með því hvetjum við starfsmenn til að skipta yfir í rafbíl.“

Sveitarstjórnin á förum

Eydís segir að tíminn sem sveitarstjóri Flóahrepps hafi verið einstaklega skemmtilegur og lærdómsríkur. Áður en hún tók við sem sveitarstjóri hafði hún verið oddviti Ásahrepps í Rangárvallasýslu í átta ár, með verkefni sveitarstjóra á borðinu. Þar á undan hafði hún verið eitt kjörtímabil í sveitarstjórninni þar. „Málefni sveitarfélaga brenna á mér og hafa verið mér hugleikin lengi. Það hefur verið sérstaklega lærdómsríkt að starfa hér enda vinnur sveitarstjórnin vel saman,“ segir Eydís en hún lætur af starfi í vor. „Ég gef kost á mér í Rangárþingi ytra. Ég hef búið í Rangárvallasýslu síðan 1996 og ákvað núna að fara aftur í heima-pólítíkina,“ segir hún. ■



Áform um virkjun í Þjórsá eru sprengja og eiturott í samfélagi, segir Sigprúður Jónsdóttir í Eystra-Geldingaholti

Sjálfbærni og sveitin haldi sama svip

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

„Umhverfisáhrif Hvammsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár yrðu mikil og óafturkræf og svo lengi sem mér endist líf og kraftur berst ég á móti,“ segir Sigprúður Jónsdóttir, náttúrufræðingur í Eystra-Geldingaholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

„Stundum er látið sem svo að málið sé komið í höfn og fátt stöðvi að hefjast megi handa. Raunin er önnur þótt áróður sé stífur. Að búa til fjögurra ferklómetra stórt jökullón inni í miðri sveit, grafa aðrennslisskurði, reisa stífur, vegi og fleira eru mikil inngríp sem hæfa ekki landslagi hér og umhverfi. Þá þarf að meta áhrif framkvæmdar á mannlíf hér í sveitasamfélaginu. Við verðum að lifa samkvæmt því að ganga ekki á höfuðstól náttúrunnar. Vera í anda sjálfberrar þróunar, þar sem taka þarf inn í myndina umhverfi, samfélag og efnahag.“

Erum gerð tortryggileg

Hjá Landsvirkjun er þess nú vænst að framkvæmdir við Hvammsvirkjun í Þjórsá fari í útbót síðar á þessu ári, enda séu öll leyfi þá fengin. Verklok yrðu þá væntanlega árið 2027. Umrætt orkuver yrði með 93 MW uppsett afl og væri eitt þriggja slíkra í neðri hluta árinna. Hinar stöðvarnar yrðu neðar í ánni, ein kennd við Holtin í Rangárvallasýslu og sú neðsta við Urriðafoss. Síðar nefndu virkjunarkostirnir eru þó enn í biðflokki rammaáætlunar, sem nú liggur fyrir Alþingi.

„Margir hér í sveit eru tengdir náttúrunni sterkum böndum og hér er talsverð andstaða við Hvammsvirkjun. Fyrirætlanir um virkjunina hafa lengi verið í umræðu og áhrif þeirra á samfélagið hér eru neikvæð og erfið. Ég líki áformunum við eiturott sprengju sem kastað var inn í samfélagið. Mér finnst dapurlegt að við and-



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Náttúruvernd Segja hingað og ekki lengra. Við getum ekki endalaust fórnað Guðs góðu sköpun, segir Sigprúður, hér með tókinni Kvísl.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Þjórsársvæði Á myndinni til vinstri er skógi vaxin Viðey, óspillt náttúruvin sem gæti verið hættu þúin verði Þjórsá virkuð. Tölumyndin til hægri sýnir fyrirhugaða stíflu og stöðvarhús Hvammsvirkjunar.

stæðingar virkjunar séum nánast gerð tortryggileg af sumum,“ segir Sigprúður.

Óafturkræf áhrif á stóru svæði

Þaðan sem Þjórsá fellur fram, frá Búrfellsvirkjun til sjávar, eru 92 kílómetrar. Sigprúður segir mikla rangfærslu að halda því fram að land við ána sé spillt eða



Tölvugerð mynd/Landsvirkjun

mjög mannert. Þvert á móti sé víða fallett og friðsælt við ána, þar sem eru göngu- og reiðleiðir.

„Í áliti Skipulagsstofnunar frá 2018 um áhrif Hvammsvirkjunar á landslag segir að virkjunin muni hafa veruleg og óafturkræf áhrif í ljósi þess að stóru svæði verði raskað. Mjög margir verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna breyt-

Hver er hún?

- Sigprúður Jónsdóttir er fædd árið 1962 og er Gnúpverji í húð og hár. Hún nam landbúnaðar- og síðar beit- arfræði við Bangor-háskóla í Wales í Bretlandi og er með meistarapróf þaðan. Hefur starfað hjá Landgræðslunni í nærri 30 ár og er nú sérfræðingur í beit- arfræðum og land- nýtingu.
- Á Náttúruverndarþingi á dögum var Sigprúður ein fjögurra sem fengu Náttúruverndarann, viðurkenningu fyrir ötula náttúruverndarbar- áttu. Þar var tiltekin baráttu Sigprúðar fyrir verndun neðri hluta Þjórsár og Þjórsárvera.

inga á ásýnd og yfirbragði. Einnig mat Skipulagsstofnun að Hvammsvirkjun væri líkleg til að hafa neikvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu vegna þeirra óhjákvæmilegu breytinga sem munu verða á upplifun ferðamanna af svæðinu. Í dag einkennist áhrifa- svæðið af landbúnaði en með virkjun fengi það yfirbragð um- fangsmikilla mannvirkja,“ segir Sigprúður.

Laxastofni stefnt í hættu

Í Þjórsá lifa allar ferskvatn- stegundir fiska sem fundist hafa í ís- lenskum ám og þjórsárlaxinn er stærsti villti laxastofn landsins. Á áhrifasvæði Hvammsvirkjunar eru mikilvægar hrygningar- og upp- eldisstöðvar hans. Sigprúður segir alls óvíst hvort boðaðar mót- vægisáðgerðir virki og því er laxastofninum stefnt í hættu.

Fyrir neðan áformaða stíflu Hvammsvirkjunar er svo Viðey í Þjórsá. Þar er gróskumikill birki- skógur sem vaxið hefur án áhrifa manna og dýra. Gróin eyjan, um- lukin straumbungri á, nýtur því náttúrulegrar verndar sem skerpt

var á formlega með friðlýsingu sem gekk í gegn fyrir um áratug vegna birkis og einstaks náttúrulegs gróurfars. Með stíflu of- an eyju fer náttúruleg vörn og í stað hennar á að reisa mannhelda girðingu sem Sigprúði list ekki á.

„Viðey er einstakur staður; er ónumið land en þó nánast inni í byggð. Stíflur, girðingar og annað slíkt yrði lýti í landinu.“

Sigprúður segir að Hvammsvirkjun muni ekki skila Skeiða- og Gnúpverjahreppi tekjum, nema á framkvæmdatíma. Stöðvarhús og fleiri slík mannvirki yrðu öll sunnan ár og því innan landamæra Rangárþings ytra, sem fengi fast- eignagjöldin. Gnúpverjar muni, verði af þessu, sitja upp með mikil inngríp í náttúru og landslag sem gæfi sveitinni nýjan svip mannvirkja. „Slíkt vil ég ekki og þykist þar mæla fyrir munn margra.“

Ríkið afhenti Landsvirkjun vatnsréttindin í Þjórsá rétt fyrir alþingiskosningar vorið 2007, sem var ólöglegur gjörningur eins og Ríkisendurskoðun kvað upp úr með síðar sama ár. Sigprúður segir að með meint vatnsréttindi í hendi hafi verið gengið hart að landeigendum að gefa eftir land vegna mannvirkja, svo sem lón í farvegi Þjórsár. Hótanir um eign- arnám hafi verið undirliggjandi.

Rafmagnsskortur er ekki raunin

Staðhæft hefur verið að undan- fórnun að auka þurfi raforkufram- leiðslu í landinu í fylgni við eftir- spurn. Um það segir Sigprúður:

„Rafmagnsskortur á Íslandi er ekki raunin heldur offramboð á eftirspurn, eins og Halla Hrund Logadóttir orkumálastjóri hefur sagt. Í raun er sama hve mikið verður virkað; eftirspurn verður aldrei fullnægt. Við verðum að draga línu í sandinn og segja hingað og ekki lengra. Við getum ekki endalaust fórnað náttúru og Guðs góðu sköpun fyrir rafmagn og óljósan gróða.“



Bændablaðið, 28.04.2022, síðu 8
grein stærð: 128.07 sm²
grein hæð: 12.52 sm



Mikill ásókn er í verslunar- og þjónustulóðir, hesthúsaloðir og íbúðaloðir á Hellu. Nánari upplýsingar um lausar lóðir má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins, www.ry.is.

Mynd / Guðmundur Arnason

Mikill áhugi á iðnaðar- og hesthúsaloðum á Hellu

Mikill áhugi er á lausum lóðum á Hellu sem hafa verið auglýstar til umsóknar. Um er að ræða verslunar- og þjónustulóðir við Faxaflatar ásamt athafna- og iðnaðarlóðum við Sleipnisflatar.

Einnig hefur verið opnað fyrir umsóknir um lóðir í öðrum áfanga nýs hesthúsahverfis á Rangárbökkum.

Á síðasta ári var öllum lóðum í fyrri áfanga hverfisins úthlutað og styttest í að framkvæmdir hefjist þar.

„Það hefur líka verið mikill uppgangur í byggingu íbúðarhúsnæðis og eru sem stendur aðeins fjórar einbýlishúsaloðir og þrjár raðhúsaloðir lausar til úthlutunar á Hellu, en unnið er að undirbúningi fyrir næstu íbúðagötur í Ölduhverfi, auk þess sem deiliskipulag fyrir hið nýja Bjargshverfi vestan Ytri-Rangár er í vinnslu,“ segir Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings ytra.

/MHH



Morgunblaðið, 09.05.2022, síðu 10
grein stærð: 167.77 sm²
grein hæð: 10.69 sm

Útsýni og aðgengi bætt

● Framkvæmdir við Ketubjörg, í Norðurfirði og víðar

Sveitarfélagið Skagafjörður fær tæplega 24 milljónir króna úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til uppbyggingar og betri aðstöðu við Ketubjörg á Skaga. Sá staður er við vestanverðan Skagafjörð, um 40 kílómetra fyrir norðan Sauðárkrók. Í Ketubjörgum, sem eru rúmlega 120 metra há, er stuðlaberg og úti fyrir eru stakir drangar. Í björgunum er mikið fuglalíf. Staðurinn komst í fréttirnar fyrir um þremur árum þegar mikil bergfylla, hundruð tonna, hrundi úr björgunum og í sjó fram, sem breytti ásynd umhverfis barna verulega.

Styrkurinn sem veittur er til verkefna við Ketubjörg nýtist til að bæta



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Ketubjörg Stórbrotið umhverfi á útnesinu nyrðra sem margir skoða.

aðgengi og aðstöðu fyrir ferðamenn á svæðinu. Búið er hanna tvö útsýnisstaði, skipuleggja og hanna merkingar og göngustíga og útbúa öryggisráðstafanir. Vaxandi fjöldi ferðamanna kemur á þennan stað.

Úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, sem Lilja Dögg

Alfreðsdóttir ferðamálaráðherra hafði með höndum, var að þessu sinni alls 548 milljónir króna. Lagt er lið verkefnum á ferðamannastöðum, jafnt þeim sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga eða einkaaðila.

Flétta saman útgerð og ferðaþjónustu


Hæstu einstöku styrkirnir að þessu sinni voru 55 milljónir kr. hvor fyrir sig. Þeir eru annars vegar til Árneshrepps á Ströndum til að bæta aðgengi að Norðurfjarðarhöfn. Viðmiðið þar er að flétta saman útgerð og þjónustu við ferðafólk. – Hinn styrkurinn, jafnhár, fer til Rangárþings ytra, en þar er ætlunin að bæta aðgengi og aðstöðu við Fossabrekkur. Þær eru efst í Landsveit við upp-tök Ytri-Rangár. Staðurinn er gróður-sæl vin í vikurauðn en fegurð þar þykir viðbrugðið. sbs@mbl.is


Úrslit kosninga til sveitarstjórna 2022

Kosið var til sveitarstjórna um land allt laugardaginn 14. maí 2022. Listar komu fram í 51 sveitarfélagi af 69. Í Tjörneshreppi og Skagaströnd kom aðeins fram einn listi og voru þeir því sjálfkjörnir. Í 13 sveitarfélögum komu engir listar fram og voru því allir kjörgengir íbúar í framboði.

Sveitarfélög með fleiri en 4.500 íbúa

Fjöldi bæjar-/borgarfulltrúa, eftir kosningar 2018 Fjöldi bæjar-/borgarfulltrúa, eftir kosningar nú









































Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórnunum eftir kosningar 2018

Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórnunum eftir kosningar nú


2.000-4.500 íbúar




Færri en 2.000 íbúar



Kjørsókn



Fjöldi á kjörskrá á landinu öllu





Morgunblaðið, 16.05.2022, síðu 12
grein stærð: 105.41 sm²
grein hæð: 6.81 sm

Mjótt á munum í Rangárþingi ytra

Stundum er sagt í hálfkæringi að hvert atkvæði geti skipti máli í kosningum. Í Rangárþingi ytra voru tvö framboð sem sóttust eftir því að stýra sveitarfélaginu næstu fjögur árin og þar munaði ekki mörgum atkvæðum. Rétt rúmlega eitt þúsund manns kusu í kosningunum á laugardaginn og Á-listi áhugafólks um sveitarstjórnarmál vann D-lista Sjálfstæðisflokksins með aðeins ellefu atkvæða mun.

Svo mjótt var á mununum að telja þurfti sex sinnum að sögn Eggerts Vals Guðmundssonar, oddvita Á-

listans, þegar blaðið ræddi við hann í gær. Eggert segist gríðarlega ánægður með stuðninginn sem listinn fékk enda hafi Sjálfstæðisflokkurinn verið við völd í sveitarfélaginu alla tíð.

„Nú komum við fram með svona þverpólitískt framboð sem vinnur þessar kosningar og við ætlum bara að standa undir því trausti,“ bætir hann við. Skiljanlega hafi verið mikil spennan í kringum niðurstöðurnar eins og svo oft áður.

Eggert segir framboðið hafa boðað breytingar og að þær verði. „Nú

þarf ég bara að púsla þessu saman í hausnum á mér og það tekur einhverja daga að átta sig á stöðunni og svo auðvitað tökum við bara við eftir einhvern hálfan mánuð eða tíu daga og þá þarf ég náttúrulega bara að finna mér góðan sveitarstjóra og áfram gakk.“

Á-listinn fær fjóra bæjarfulltrúa og Sjálfstæðisflokkurinn þrjá en eins og fram kemur hjá Eggerti hef-ur Sjálfstæðisflokkurinn átt mikið fylgi á þessu svæði í gegnum áratug-ina og fékk hátt í 50% atkvæða. kris@mbl.is



Horfa hýru auga til nágranna sinna

● Meirihluti íbúa vill sjá sameiningu

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

Tveir þriðju íbúa í Rangárþingi eystra eru hlynntir sameiningu sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög. Þetta er niðurstaða könnunar sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir sveitarfélagið nýverið. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á fundi sveitarstjórnar í síðustu viku og var ákveðið að vísa þeim til nýrrar sveitarstjórnar.

Könnunin var gerð í gegnum síma og gekk misjafnlega vel að hafa uppi á öllum íbúum sveitarfélagsins. Erfiðlega gekk að finna símanúmer hjá ungu fólki og erlendir ríkisborgarar voru ekki mjög fúsir til svara, að því er fram kemur í kynningu Félagsvísindastofnunar. Svarhlutfall var á endanum 43%.

Af öllum þátttakendum voru 64% hlynnt sameiningu innan Rangárvallasýslu (Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur) sem er töluvert hærra hlutfall en í sameiningarkosningum í fyrra. Litlu lægra hlutfall, eða 63%, er hlynnt sameiningu Rangárþings eystra og Rangárþings ytra. Þá er minnihluti, tveir af hverjum fimm, hlynntur



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Hvolsvöllur Íbúar virðast vera nokkuð spenntir fyrir sameiningu.

sameiningu Rangárþings eystra og Mýrdalshrepps.

„Séu eingöngu þeir sem eru fylgjandi einhvers konar sameiningu skoðuð eru flestir hlynntir

sameiningu Rangárþings eystra við Rangárþing ytra og Ásahrepp eða 87%. Næstum því jafn hátt hlutfall (86%) er hlynnt sameiningu við eingöngu Rangárþing ytra. Langfæstir eru hlynntir sameiningu Rangárþings eystra við Mýrdalshrepp eða 51% af þeim sem eru fylgjandi einhvers konar sameiningu,“ segir í niðurstöðukafla könnunarinnar.



113 kjörnir fulltrúar

Eftir Óla Björn Kárason

Í stjórnmalum skiptast á skin og skúr-ir, líkt og í lífinu sjálfa. Niðurstaða sveitarstjórnarkosninganna síðastliðinn laugardag var ekki sérstakt tilefni til mikils fagnaðar fyrir Sjálfstæðismenn þegar lítið er yfir landið allt. En þó eru þar undan-tekningar – glæsilegur árangur víða um land.

Á laugardaginn var það enn og aftur staðfest að Sjálfstæðisflokkurinn er langöflugasta stjórn málaaflið í sveitarstjórnnum – ber höfuð og herðar yfir aðra stjórn málaaflokka. Alls fékk flokkurinn 113 fulltrúa kjörna í 35 sveitarfélögum þar sem flokkurinn bauð fram. Í 21 sveitarfélagi er Sjálfstæðisflokkurinn stærstur, víða langstærstur og með hreinan meirihluta. Sjálfstæðisflokkurinn bætti við sig fylgi í 11 sveitarfélögum. Í fyrsta skipti frá 2010 bauð flokkurinn fram í Húnaþingi vestra. Í sameinuðu sveitarfélagi, Blönduósi/ Húnavatnshreppi, fóru sjálfstæðismenn fram en síðast var framboð á þeirra vegum á Blönduósi árið 2006. Í báðum þessum húnvetnsku sveitarfélögum gekk vel og er flokkurinn stærstur í þessum sveitarfélögum.

Spádómar rættust ekki

Að meðaltali stóð fylgi Sjálfstæðisflokksins, í þeim 35 sveitarfélögum þar sem flokkurinn bauð fram, í 36,6%. Fyrir fjórum árum var þetta meðaltal um 40%. Fylgið minnkaði því um tæp 3,6% frá 2018. Ekki sérlega góð niðurstaða en langt í frá að



Óli Björn Kárason

geta kallast pólitískt áfall, sem margir andstæðingar Sjálfstæðisflokksins voru farnir að láta sig dreyma um. Að þessu leyti stóð flokkurinn af sér pólitískt gjörningaveður sem óvildarmenn kyntu undir með aðstoð nokkurra áhrifamikilla fjölmiðla. Spádómar um pólitíska jarðskjálfta rættust ekki.

Ekki þarf að fara

» Sjálfstæðisflokkurinn er langöflugasta stjórn málaaflið í sveitarstjórnnum – ber höfuð og herðar yfir aðra stjórn málaaflokka – með 113 fulltrúa kjörna.

mörgum orðum um góðan árangur Framsóknarflokksins, ekki síst í Reykjavík og raunar víðar á höfuðborgarsvæðinu. Hvernig kjörnum fulltrúum flokksins gengur að vinna úr þeim árangri á eftir að koma í ljós. Staða Framsóknarflokksins á höfuðborgarsvæðinu gjörbreyttist síðasta laugardag. Á líðnu kjörtímabili var flokkurinn aðeins með tvo kjörna fulltrúa (í Hafnarfirði og Kópavogi) en þeir eru nú orðnir 13 talsins.

Í sveitarstjórnarkosningum hefur staðan í landsmálum auðvitað áhrif, þótt þau séu misjöfn og sjálfsagt oft ofmetin. Staðbundin hagsmunamál skipta miklu og trúverðugleiki fram-þjóðenda vegur líklega þyngra en í alþingiskosningum.

En ef niðurstaða sveitarstjórnar-

Fylgi Sjálfstæðisflokksins eftir sveitarfélögum

Kosningar 2022

	Fulltrúar	Fylgi		Fulltrúar	Fylgi
Akranes	3	36,1%	Kópavogur	4	33,3%
Akureyri	2	18,0%	Mosfellsbær	4	27,3%
Árborg	6	46,4%	Múlaþing (m.v. 2020)	3	29,2%
Blönduós/Húnavatnshr.	4	37,7%	Norðurþing – Húsavík	2	23,9%
Bolungarvík	3	46,5%	Rangárþing eystra	3	42,4%
Borgarbyggð	2	25,4%	Rangárþing ytra	3	49,4%
Dalvíkurbyggð	2	32,8%	Reykjavík	6	24,5%
Fjallabyggð	2	32,3%	Reykjanesbær	3	28,1%
Fjarðarbyggð	4	40,6%	Seltjarnarnes	4	50,1%
Garðabær	7	49,1%	Skaftárhreppur	1	25,9%
Grindavík	2	24,8%	Skagafjörður	2	22,8%
Grundarfjörður	4	52,0%	Snæfellsbær	4	52,9%
Hafnarfjörður	4	30,7%	Suðurnesjabær	3	29,5%
Hornafjörður	3	38,3%	Vestmannaeyjar	4	44,1%
Hrunamannahreppur	3	56,5%	Vesturbyggð	3	48,3%
Húnaþing vestra	2	31,2%	Vogar	3	39,1%
Hveragerði	2	32,8%	Ölfus	4	55,9%
Ísafjarðarbær	2	24,7%	Samtals	113	36,65%

kosninganna er með einhverjum hætti mælikvarði á stöðu ríkisstjórnarflokka, þá geta þeir sæmilega vel við unað. Á höfuðborgarsvæðinu eru þeir með 43 kjörna fulltrúa af 74 (þar af er Sjálfstæðisflokkurinn með 29) eða tæplega sex af hverjum tíu.

Meirihluti fellur í annað sinn

Að sama skapi hlýtur niðurstaðan að vera umhugsunarefni fyrir stjórnarandstöðuna. Viðreisn ríður ekki feitur hesti frá kosningunum eftir harða stjórnarandstöðu á þingi. Það litla sem flokkurinn virðist hafa áor-
k

og fyrir fjórum árum yrði þá ákall kjósenda um breytingar að engu haft.

Ná ekki eyrum

Því er ekki að neita að sjálfstæðismenn um allt land vonuðust til að niðurstaðan í Reykjavík yrði betri en raun varð á. Flokkurinn má svo sannarlega mafa fífl sinn fegurri í höfuðborginni.

Sjálfstæðismönnum hefur ekki tekist að ná eyrum borgarbúa í mörg ár. Í grein undirritaðs, sem birtist hér í Morgunblaðinu 5. febrúar 2014, fjallaði ég um stöðu Sjálfstæðisflokksins í höfuðborginni í aðdraganda kosninga. Þar hélt ég því fram að borgarþátttakendur ættu erfitt með að átta sig á því fyrir hvað sjálfstæðismenn í Reykjavík standa:

„Á undanföllum árum hafa borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins gefið kjósendum misvísandi skilaboð. Engu er líkara en að frambjóðendur flokksins í komandi kosningum ætli að halda því áfram. Borgarstjórnarflokkur og frambjóðendur Sjálfstæðismanna hafa ekki komið fram sem ein heild – samhentur hópur með sömu sýn á framtíðina. Afleiðingin er sú að kjósendur eru ringlaðir.“

Ég fæ ekki betur séð en að skrifin frá 2014 eigi því miður of vel við á kosningarárinu 2022. Reykjavíkurverkefni Sjálfstæðisflokksins er enn óklárað. Þrátt fyrir það kemst enginn flokkur með tærnar þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur hælana í sveitarstjórnnum. Síðastliðinn laugardag sannaðist enn og aftur að Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur þéttbýlis og dreifbýlis – sveitarstjórnarflokkurinn um allt land!

Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.



Litlar tekjur af nýtingu þjóðlendna

● Vatnajökulsþjóðgarður hafði 25 þ.kr. í tekjur af nýtingu

Guðmundur Sv. Hermannsson
gummi@mbl.is

Tekjur sveitarfélaga, þar sem þjóðlendur er að finna, af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna námu samtals rúmlega 20 milljónum króna á síðasta ári.

Þá hafði Vatnajökulsþjóðgarður 25 þúsund krónur í tekjur af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna.

Þetta kemur fram í skýrslu Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra, sem lögð var fram á Alþingi í gær.

Þjóðlendur er að finna í 38 sveitarfélögum og óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá þeim um þær tekjur sem þau höfðu af nýtingu þeirra á árinu 2021. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um ráðstöfun þeirra tekna af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóð-



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

þjóðgarður Jökulsárgljúfur í Vatnajökulsþjóðgarði.

lendna, sem sveitarfélög öfluðu á árinu.

Af sveitarfélögnum svöruðu 34 þeirra fyrirspurninni, eða hartnær 89%. Alls höfðu 26 sveitarfélög engar tekjur af nýtingu lands innan þjóðlendna á árinu 2021, eða um 76%. Þá höfðu átta sveitarfélög

tekjur innan þjóðlendna í einhverju formi, eða 23,5%.

Fjögur sveitarfélög svöruðu ekki fyrirspurn ráðuneytisins, þ.e. Sveitarfélagið Ölfus, Rangárþing ytra, Húnaþing vestra og Akrahreppur.

Tekjur innan þjóðlendna eru mismiklar milli sveitarfélaga, allt frá rúmum 35 þúsund krónum í Sveitarfélaginu Skagafirði í rúmar 8,2 milljónir króna í Ásahreppi. Tekjum af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna virðist að mestu leyti varið til endurbóta, umsjónar eða eftirlits innan þjóðlendna.

Færst hefur í vöxt að sveitarfélög geri samninga um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna í samráði við og með samþykki ráðuneytisins. Er þar einkum um að ræða skála og aðstöðu vegna áforma um uppbyggingu í tengslum við aukna ferðaþjónustu.



Loo byggir bílaþvottastöð í nágrenni Hellu

● Athafnamaður frá Malasíu með stórhuga áform um uppbyggingu þjónustu

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

„Við höfum ekki haft þvottaplan fyrir íbúa og ferðamenn í fjölda ára. Þetta er það sem okkur vantar,“ segir Haraldur Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings ytra.

Malasíski athafnamaðurinn Loo Eng Wah heldur áfram stórhuga áformum sínum um uppbyggingu við Hellu. Nú hefur hann gert samning við Skeljung og Löður um byggingu bensín- og þvottastöðvar í nágrenni við bæinn. Stöðin verður á Faxaflötum



Loo Eng Wah

sem er rétt sunnan við Suðurlandsveg, austan við Stracta-hótelid.

Áð sögn Haraldar Birgis er verið að leggja lokahönd á teikningar af þessari uppbyggingu og framkvæmdir gætu hafist á næstu dögum. Parna verða eldsneytisstöðvar fyrir allt að átta bíla og rafhleðslustöðvar fyrir allt að fjóra bíla.

„Við lögðum mikla áherslu á að það yrði sett upp þvottaplan fyrir bíla og rútur,“ segir skipulagsstjórinn sem kveðst telja að ekki sé vanþörf á fleiri kostum fyrir fólk á ferðinni til að æja. Sökum umferðar sé farið að þrængja að aðstöðu við Olíustöðina á Hellu. „Það er verið að spá komu tveggja milljóna ferðamanna til landsins og 70-80 prósent þeirra koma hingað. Ég veit ekki hvar er betri stað að finna fyrir uppbyggingu og hér er allt til alls fyrir þá sem það vilja gera. Þegar nýja brú-




Morgunblaðið/Árni Sæberg

Hella Fjölgun ferðamanna kallar á aukna þjónustu og það veit Loo.

in verður komin yfir Ölfusána þá er Hella orðin fyrsta stopp frá Reykjavík á eftir Hveragerði. Hérna eru allar íbúðalódir farnar og frekari uppbygging fyrirhuguð á næstunni.“

Bygging bensín- og þvottastöðvar er síður en svo eina uppbyggingin sem Loo Eng Wah er með á teikni-borðinu. Áform hans um ferðaþjónustu við Leyni 2 og 3 í Landsveit, sem Morgunblaðið hefur fjallað ítarlega um síðustu ár, eru í biðstöðu meðan álits Skipulagsstofnunar er beðið. Hann hefur fengið útlutaðar tvær atvinnulódir á Hellu og staðfesti nýverið að uppbygging þar væri enn fyrirhuguð. Á annarri lóðinni á að byggja 2-3 hæða hótél við ána og þjónustumiðstöð við hina. Skammt frá bensinstöðinni hyggst hann svo reisa 1.000-1.200 fermetra miðstöð þar sem gert er ráð fyrir alls konar ferðatengdri þjónustu. „Svo er hann að byggja sér einbýlishús á Hellu og er með tvö önnur einbýlishús í bígerð,“ segir Haraldur Birgir.



Eftirvænting í hestasamfélaginu

- Skipuleggjendur Landsmóts hestamanna á Hellu búa sig undir að taka við mörgum gestum
- Hestamenn vilja hittast eftir langt hlé ● Meiri áhersla lögð á íþróttagreinir en á fyrri landsmótum

SVIÐSLJÓS

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is



Skipuleggjendur Landsmóts hestamanna sem haldið verður á Rangárbökkum á Hellu í júlí vonast eftir góðu móti og góðri aðsókn. Finna þeir fyrir þörf hestamanna til að koma saman og taka þátt í eða fylgjast með góðu móti eftir langt hlé vegna heimsfaraldurs.

Landsmót var skipulagt á Hellu á árinu 2020 en því var frestað vegna kórónuveirufaraldursins.



Magnús Benediktsson

Magnús Benediktsson segir að þótt mótið hafi verið lengi í undirbúningi hafi óvissa lengi verið uppi og því tími til að ganga frá samningum og vinna að raunverulegum undirbúningi ekki verið langur. Hann segir að fyrir löngu hafi verið ákveðið að halda mótið en óvissan hafi verið um það hvernig mót. Hvort það yrði mót í beinni útsendingu án áhorfenda, mót með takmörkuðum fjölda áhorfenda í samræmi við gildandi samkomutakmarkanir eða stórt mót eins og nú verður haldið. Stór hluti af skipulagningunni felist í þjónustu við gesti og ekki hægt að skipuleggja þá þætti fyrir en ljóst varð hvernig mót ætti að halda. „Það fór loks allt í gang upp úr áramótum,“ segir Magnús.

frá samningum og vinna að raunverulegum undirbúningi ekki verið langur. Hann segir að fyrir löngu hafi verið ákveðið að halda mótið en óvissan hafi verið um það hvernig mót. Hvort það yrði mót í beinni útsendingu án áhorfenda, mót með takmörkuðum fjölda áhorfenda í samræmi við gildandi samkomutakmarkanir eða stórt mót eins og nú verður haldið. Stór hluti af skipulagningunni felist í þjónustu við gesti og ekki hægt að skipuleggja þá þætti fyrir en ljóst varð hvernig mót ætti að halda. „Það fór loks allt í gang upp úr áramótum,“ segir Magnús.

„Loksins landsmót“

Mótið á Hellu verður haldið dagana 3. til 10. júlí. Magnús segir mótíð langþráð og að það ríki mikil eftirvænting í hestasamfélaginu. „Það ætla allir á landsmót enda fannst okkur vel við hæfi að hafa kjörorð mótsins: „Loksins landsmót,“ eftir þessa löngu bið,“ segir Magnús.

Landsmót á Hellu hafa oft verið fjölsótt og í ljósi þess og aðstæðna nú gera skipuleggjendur sér vonir um fjölmenni. „Við vitum að það koma frábærir hestar og bestu knapar landsins, auk tuga keppenda í barna- og unglingaflokkum. Við vitum hins vegar ekki hvernig veðrið verður, það er alltaf stóri óvissuþátturinn í landsmótshaldi. Við horfum ákveðið til þess að mótið verði í blíðu veðri og miðum okkur við það. Ef það gengur eftir er frábært landsmót fram undan,“ segir Magnús.

Míðasala gengur vel, að sögn Magnúsar, þegar hafa tæplega þrjú



Morgunblaðið/Ómar

Breiðfýlking Hefðbundið er að forystumenn og sérstakir gestir ríði með íslenska fánann í fararbroddi hópreiðar hestamanna við setningu landsmóts.



Morgunblaðið/Eva Björk

Stemming Áætlað er að um 10 þúsund gestir hafi sótt Rangárbakka heim í júlí 2014, síðast þegar Landsmót hestamanna fór fram á Hellu.

þúsund aðgöngumiðar verið seldir. Venjulega koma margir gestir erlendis frá. Magnús segir að víða sé enn verið að glíma við kórónuveirufaraldurinn og því erfitt að átta sig á því hvort hestaáhugafólk ákveði að sitja heima eða skella sér á landsmót. Hann hefur þó orðið var við

áhuga þar sem erlendir gestir hafi verið að leita eftir aðstoð við að finna gistingu. Fólk sé að ákveða þetta um þessar mundir. Telur hann að allir eigi að geta fundið gistingu við hæfi, þótt líklega sé þétt bókað í næsta nágrenni mótsstaðar.

Velja hesta og knapa

Um þessar mundir og næstu daga og vikur verða kynbótahross og gæðingar valdir inn á mótið. Það fer fram á sérstökum mótum úti í héraðum. Sömuleiðis kappreiðahross.

Meðal nýmæla á landsmótinu á Hellu er að þar verður efnt til íþróttakeppni. Magnús tekur fram að íþróttakeppni hafi verið áður á landsmótum en nú sé hún tekin með beinum hætti inn í dagskrána.

„Landsmót er stærsti viðburðurinn í Íslandshestamennskunni í heiminum. Okkur finnst að þar eigi allir bestu knaparnir og hestarnir heima,“ segir Magnús. Nefnir hann sem dæmir að bestu fjórgangari landsins árið 2018, Flaumur frá Sólvangi, hafi verið inni í hesthúsi allt síðasta landsmót vegna þess að engin grein var fyrir hann. Hann hafi síðan keppt á Heimsleikum íslenska hestsins. Alltaf er keppt í tölti en nú er bætt við fjórgangi, fimmgangi, gæðingaskiði og slaktaumatölti. Tuttugu efstu hestar á stöðulista í hverri grein vinna sér rétt til þátttöku en þrjátíu í töltinu eins og verið hefur.

Tekur Magnús fram að gæðinga-

keppnin verði eigi að síður aðalgrein landsmótsins, eins og alltaf hefur verið.

Risatjöld fyrir þjónustu

Mótssvæðið á Rangárbökkum er þekkt stærð og það hefur lítið breyst nema hvað gróðurinn tekur sífellt betur við sér. Hann veitir vissst skjól. Tveir vellir verða notaðir en þeir eru beggja vegna við grasbrekkuna. Brekkurnar geta tekið við miklum fjölda gesta, eins og reynslan sýnir.

Risatjald verður fyrir veitingasölu, 90 metra langt og 15 metra breitt. Þar að auki verður markaðstjald og útímahöll. Þessi þjónusta verður öll í hjarta mótssvæðisins.

Kvöldskemmtanir og dansleikir verða á fimmtudags-, föstudags- og laugardagskvöldi. Páll Óskar, Helgi Björns og Paparnir eru meðal þeirra sem skemmta gestum. Skipuleggjendur búa svo vel að hafa tvö landsmótslög. Landsmótsnefndin fékk afnot af lagi sem Dagur Sigurðsson, landsliðsþjálfari Japans í handknattleik, samdi. Þá samdi Fríða Hansen frá Leirubakka landsmótslag með Hreimi úr Landi og sonum. Til viðbótar má nefna að samið var landsmótslag fyrir mótið 2020 sem aldrei var haldið. Magnús segir að lögin séu ólík og á von á því að þau verði öll flutt á mótinu.

Lýkur á laugardagskvöldi

Ákveðið hefur verið að reiðhöllin

og nýtt svæði sem skipulagt hefur verið fyrir hesthús Hellubúa verði girt af. Það svæði verði tekið frá fyrir knapana og þeirra nánustu aðstoðarmenn. Magnús sagði mikilvægt að veita knöpunum næði til að undirbúa sig og hesta sína fyrir keppni. Það sé forsenda góðs móts.

Mótið hefst sunnudaginn 3. júlí. Eins og venjulega fer það hægt af stað með forkeppnum í ýmsum greinum en spennan fer stífgandi eftir því sem líður á vikuna. Mótið verður formllega sett á fimmtudagskvöldi og keppni lýkur laugardagskvöldið 9. júlí með úrslitum í A-flokki gæðinga og Papa-balli. Það er nýjung á Hellu því áður hafa síðustu úrslit verið á sunnudegi. Magnús segir að þetta sé gert til þess að dreifa umferðarálagi. Sunnudaginn 10. júlí skipuleggur verkefnið *Horses of Iceland* opið hús hjá hrossaræktarbum í nágrenninu. Reiknar Magnús með að margir gestir muni nýta sér það.

Hlakka til að sjá sem flesta

Magnús tekur fram að sveitarfélögin á svæðinu hafi verið ákaflega velviljuð, sérstaklega Rangárþing ytra, og það hjálpi mikið. Nú eru skipuleggjendur að þúsla saman síðustu kubbunum. Magnús tekur fram að stór hópur af samstilltu fólki standi að verkefninu. „Ég er viss um að þetta verður stórkostlegt mót og ég hlakka til að sjá sem flesta gesti,“ segir hann.



Morgunblaðið, 08.06.2022, síðu 8
grein stærð: 151.70 sm²
grein hæð: 14.94 sm

Andlát

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, fyrirverandi bæjarstjóri í Grundarfirði og sveitarstjóri á Hellu, lést á Landspítalanum 4. júní, 71 árs að aldri. Hann fæddist 14. september 1951 í Reykjavík og var sonur þeirra Elínar Bjarnveigar Ólafsdóttur Þjóns og Gunnlaugs Birgis Daníelssonar sölu-manns. Þau skildu.

Guðmundur fór tveggja mánaða gamall til fósturforeldra sinna í Hveragerði, þeirra Ingibjargar Jónsdóttur húsmóður og Guðmundar Ólafssonar, ökukennara og bifreiðarstjóra. Hann fór í landspróf í Hveragerði en lauk því frá Vesturbæjarskóla í Reykjavík. Eftir það var hann um tíma við nám í MR og MH. Guðmundur tók síðar meira-próf og lauk námi sem leiðsögu-maður frá Ferðamálastóláskóla Íslands.

Guðmundur rak Fossnesti á Sel-fossi frá 1981 til 1986, en það var mjög vinsæll viðkomustaður þar í bæ. Skemmtistaðurinn Inghóll var byggður ofan á Fossnesti og rak hann þann stað einnig. Guðmundur



var svo hóteltjóri á Hótel Örk í Hveragerði í nokkra mánuði 1986. Eftir það starf-aði Guðmundur hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga í fjögur ár þar til hann sneri sér að sveitarstjórnarmálum.


Hann var virkur í starfi Sjálfstæðis-flokksins og var sveitarstjóri á Hellu frá 1990 til 2006. Þá var Guðmundur ráðinn bæjarstjóri í Grundar-

firði og gegndi því embætti í fjögur ár. Hann tók þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Rangárbíngi ytra 2010, lenti í fyrsta sæti og var oddviti sjálfstæðismanna í sveitarstjórn 2010-2014.

Guðmundur gegndi ýmsum fleiri trúnaðarstörfum og var virkur í þjóðmálaumræðunni. Þá tók hann þátt í Oddfellow til æviloka.

Eftirlifandi eiginkona Guðmundar er María Busk sjúkraliði. Hann lætur eftir sig fimm uppkomin börn, tíu barnabörn og þrjú barnabarnabörn.

Útförin verður gerð frá Selfosskirkju föstudaginn 10. júní klukkan 14.



Hvers eiga Þykk- bæingar að gjalda?

Eftir Svein
Runólfsson

ar blómlegra byggða í Þykkvabæ og nágrannasveitum héldu nú loksins að þeir væru lausir við leifarnar af vindorkuverum í Þykkvabæ, þá berast þær fréttir að fjárfestar þeir sem keyptu draslið af gjaldþrota eigendum áformi nú að byggja ný og enn stærri vindorkuver á brunarústunum. Hvers áttu íbúar í elsta þéttbýli landsins að gjalda að þurfa að horfa upp á þessa hörmung árum saman, sem löngu átti að vera búið að fjarlægja? Ekki bara íbúarnir þar, því þessi óskapnaður blasti við nær öllum íbúum í gamla Djúpárhreppi og gömlu sveitarfélögunum í Ásahreppi, Holtunum, Landmannahreppi, Rangárvallahreppi og Vestur-Landeyjum. Ný möstur eiga að verða enn hærri en þau fyrri og spyrja verður til hvers og fyrir hvern?

Ný sveitarstjórn Rangárþings ytra hlýtur að íhuga gaumgæfilega að afturkalla þau leyfi, sem fráfarandi sveitarstjórn hafði veitt fyrir rekstri nýrra vindorkuvera. Hún verður að gera þá lágmarkskröfu að nýr rekstraraðili leggi fram óbyggjandi upplýsingar og sannanir fyrir því að hærri vindorkuver á þessum stað valdi íbúum í næsta nágrenni ekki alvarlegu heilsutjóni. Allir þeir sem hafa eitthvað kynnt sér rekstur vindorkuvera í Evrópu, Ástralíu, Nýja-Sjálandi og víðar vita að almennt er talið að vindmylla geti verið íbúum skaðleg sem nemur tífaldri þeirri fjarlægð sem nemur hæðinni á efstu stöðu spaðanna. Vonandi ber Orkustofnun einnig gæfu til að gefa ekki virkjunarleyfi fyrir stærra vindorkuveri við Þykkvabæ. Íbúar í Þykkvabæ hljóta einnig að gera



Sveinn Runólfsson

kröfu um háar skaðabætur fyrir það verðfall sem verður óhjákvæmilega á fasteignum þeirra, verði af þessum virkjunaráformum. Reynslan af vindorkuverum hjá nágrannaþjóðum okkar sýnir að orkufyrirtækin eru að hrekjast með þau út fyrir strendur viðkomandi landa þar sem þeim er ekki vært lengur með þau nálægt

» Næsta víst að hvergi nokkurs staðar á landinu verði sátt um vindorkuver. Það væri þjóðarskömm ef þau yrðu reist á hálendi landsins og engin sátt verður um vindorkuver á mörkum hálendis og byggða.

byggðu bóli. Á sama tíma eru einstaka fjárfestar jafnvel farnir að skoða möguleika á að reisa stór vindorkuver við strendur Íslands – í landinu þar sem næstum því allt er leyfilegt fyrir minnstu gróðavon.

Það verður aldrei sátt um tilvist þessa vindorkuvers í Þykkvabæ. Reyndar er næsta víst að það verði hvergi nokkurs staðar á landinu sátt um vindorkuver. Það væri þjóðarskömm ef þau yrðu reist á hálendi landsins og engin sátt verður um vindorkuver á mörkum hálendis og byggða, og vonandi mun ekkert sveitarfélag sætta sig við að þau verði reist í sveitum landsins. Mál er að linni.

Höfundur er fyrrverandi
landgræðslustjóri.
sveinnrunn@gmail.com



Morgunblaðið, 13.06.2022, síðu 25
grein stærð: 217.95 sm²
grein hæð: 20.73 sm

Hvers eiga Þykk-bæingar að gjalda?

Eftir Svein Runólfsson

ar blómlegra byggða í Þykkvabæ og nágrennasveitum héldu nú loksins að þeir væru lausir við leifarnar af vindorkuverum í Þykkvabæ, þá berast þær fréttir að fjárfestar þeir sem keyptu draslið af gjaldþrota eigendum áformi nú að byggja ný og enn stærri vindorkuver á brunarústunum. Hvers áttu íbúar í elsta þéttbýli landsins að gjalda að þurfa að horfa upp á þessa hörmung árum saman, sem löngu átti að vera búið að fjarlægja? Ekki bara íbúarnir þar, því þessi óskapnaður blasti við nær öllum íbúum í gamla Djúpárhreppi og gömlu sveitarfélögunum í Ása-hreppi, Holtunum, Landmannahreppi, Rangárvallahreppi og Vestur-Landeyjum. Ný möstur eiga að verða enn hærri en þau fyrri og spyrja verður til hvers og fyrir hvern?

Ný sveitarstjórn Rangárbings ytra hlýtur að íhuga gaumgæfilega að afturkalla þau leyfi, sem fráfarandi sveitarstjórn hafði veitt fyrir rekstri nýrra vindorkuvera. Hún verður að gera þá lágmarkskröfu að nýr rekstraraðili leggi fram óyggjandi upplýsingar og sannanir fyrir því að hærri vindorkuver á þessum stað valdi íbúum í næsta nágrenni ekki alvarlegu heilsutjóni. Allir þeir sem hafa eitthvað kynnt sér rekstur vindorkuvera í Evrópu, Ástralíu, Nýja-Sjálandi og víðar vita að almennt er talið að vindmylla geti verið íbúum skaðleg sem nemur tífaldrí þeirri fjarlægð sem nemur hæðinni á efstu stöðu spaðanna. Vonandi ber Orkustofnun einnig gæfu til að gefa ekki virkjunarleyfi fyrir stærra vindorkuveri við Þykkvabæ. Íbúar í Þykkvabæ hljóta einnig að gera



Sveinn Runólfsson


kröfu um háar skaðabætur fyrir það verðfall sem verður óhjákvæmilega á fasteignum þeirra, verði af þessum virkjunaráformum. Reynslan af vindorkuverum hjá nágrennaþjóðum okkar sýnir að orkufyrtækin eru að hrekjast með þau út fyrir strendur viðkomandi landa þar sem þeim er ekki vært lengur með þau nálægt

» Næsta víst að hvergi nokkurs staðar á landinu verði sátt um vindorkuver. Það væri þjóðarskömm ef þau yrðu reist á hálendi landsins og engin sátt verður um vindorkuver á mörkum hálendis og byggða.

byggðu bóli. Á sama tíma eru einstaka fjárfestar jafnvel farnir að skoða möguleika á að reisa stór vindorkuver við strendur Íslands – í landinu þar sem næstum því allt er leyflegt fyrir minnstu gróðavon.

Það verður aldrei sátt um tilvist þessa vindorkuvers í Þykkvabæ. Reyndar er næsta víst að það verði hvergi nokkurs staðar á landinu sátt um vindorkuver. Það væri þjóðarskömm ef þau yrðu reist á hálendi landsins og engin sátt verður um vindorkuver á mörkum hálendis og byggða, og vonandi mun ekkert sveitarfélag sætta sig við að þau verði reist í sveitum landsins. Mál er að linni.

Höfundur er fyrrverandi landgræðslustjóri.
sveinnrun@gmail.com



Sveitarfélög og stjórnsmál:

Nýir sveitarstjórnarar kringum landið

Niðurstöður sveitarstjórnarkosninganna urðu til þess að mörg sveitarfélög eru í þann mund að bjóða nýtt fólk velkomið í brúna.

Allnokkur sveitarfélög hafa ákveðið að fá inn fagráðinn sveitarstjóra og hafa mörg þeirra auglýst eftir slíkum, þar á meðal Dalabyggð, Fjallabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Húnabyggð, Hveragerðisbær, Mosfellsbær, Norðurþing, Rangárþing ytra, Svalbarðsströnd og Sveitarfélagið Vogar. Nokkrir nýir sveitar- og bæjarstjórnarar hafa þegar verið kynntir sem munu taka til starfa á árinu. Bændablaðið hleraði fjóra þeirra. /ghp

Einar Freyr Elínarson:

Húsnæðisuppbygging fram undan

– Mýrdalshreppur

Einar Freyr Elínarson tekur við af Þorbjörgu Gísladóttur eftir sigur B-lista Framsóknar og óháðra í hreppnum.


„Ég er ótrúlega spenntur fyrir starfinu og þakklátur fyrir stuðninginn sem við hlutum í kosningunum. Það eru mikil foréttindi að fá tækifæri til þess að gera að aðalstarfi það sem maður virkilega brennur fyrir, sem er að byggja upp samfélagið. Mitt fyrsta verk sem sveitarstjóri verður að hefjast handa við undirbúning fjárhagsáætlunar næsta árs sem tekur mið af stefnumálum okkar. Við ætlum að ráðast í mikla húsnæðisuppbyggingu, uppbyggingu á skólasvæðinu og koma upp glæsilegri líkamsræktarástöðu. Það krefst þess að vandað sé til verka við áætlanagerð. Við ætlum að sjá til þess að ríkið standi við gefin loforð um uppbyggingu í heilbrigðisþjónustu og vinna að auknu samstarfi við ríkið um uppbyggingu innviða í ferðaþjónustu.“



Einar Freyr Elínarson.

húsnæðismarkaði. Erfitt er að finna íbúðarhúsnæði og nær ekkert framboð er af leiguhúsnæði á almennum markaði. Það jákvæða er þó það að margir sjá sér hag í því að byggja og ég er hjartsýnn á að við munum sjá markaðinn þróast í jákvæða átt á næstu árum. Mikil fjölgun hefur orðið í hópi erlendra íbúa sem margir hafa kosið að skjóta hér rótum. Við höfum unnið að því að virkja erlenda íbúa betur og ákváðum m.a. að setja á fót enskumælandi ráð á vegum sveitarfélagsins til þess að skoðanir allra íbúa fengju hljómgrunn,“ segir Einar Freyr.

Mýrdalshreppur er 755 ferkilómetrar að stærð, sem er fremur landlítið sveitarfélag, miðað við mörg önnur á Suðurlandinu að sögn Einars. Íbúar eru nú um 840 manns og því fer nærri að hann hafi tvöfaldast á 10 árum. Flestir starfa við ferðaþjónustu.



SUÐURLAND
Mýrdalshreppur

Arna Lára Jónsdóttir:

Íbúum fjölgar aftur

– Ísafjarðarbær

Arna Lára Jónsdóttir tók til starfa sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar í byrjun mánaðarins.

Áður gegndi Birgir Gunnarsson starfinu. Arna hefur verið bæjarfulltrúi síðan árið 2006. Hennar fyrsta verk í starfi var að taka á móti forsetahjónunum sem komu í sína fyrstu opinberu heimsókn til Ísafjarðarbæjar.

„Ég hefði ekki getað valið mér betra upphaf. Þetta er mikill heiður fyrir mig að fá að sinna þessu ábyrgðarmikla starfi í umboði bæjarbúa. Þetta er í senn spennandi og krefjandi en ég er full tilhlökkunar fyrir starfinu.“

Það er mikil uppbygging fram undan í Ísafjarðarbæ og íbúum farið að fjölga aftur. Það kallar á að skipulagsmálin verði ofarlega á blaði. Finna þarf lóðir og undirbúa byggingu nýs íbúðarhúsnæðis, en mikil þörf er á slíku. Við þurfum fleira fólk hingað vestur, þar sem atvinnulífið er í miklum vexti. Sveitarfélagið þarf að styðja við og liðka til við hinar ýmsu framkvæmdir sem einstaklingar og fyrirtæki eru að ráðast í. Það liggur einnig fyrir að við þurfum að huga að fleiri leikskólaláttum og svo er farið að þrengja að grunnskólanum á Ísafirði. Við erum að klára lengingu á Sundabakka og þar skapast



Arna Lára Jónsdóttir.

mikil tækifæri fyrir höfnina og hafnartengda starfsemi. Þannig það eru hjartir tímar í Ísafjarðarbæ og mikið undir að við spilum vel úr þeim aðstæðum sem hér eru fyrir hendi.

Helstu styrkleikar sveitarfélagsins liggja í samfélaginu og í fólkinu sem hér býr. Það er mikil gróska, drifkraftur og seigla sem einkennir þetta samfélag. Gjöful fiskimið og falleg náttúra skapa okkur eftirsóknarverða sérstöðu.

Helstu áskoranir Ísafjarðarbæjar og annarra sveitarfélaga á Vestfjörðum er að verulega skortir upp á að ríkið hafi sinnt skyldu sinni við að

VESTFIRDİR
Ísafjarðarbær



byggja upp innviði samfélagsins. Hér vísa ég í raforkuöryggi sem er ófullnægjandi og samgöngur eru ekki boðlegar samfélagi á 21. öldinni. Það vantar nokkur jarðgöng og almennilega vegi sem uppfylla nútímakröfur svo fólk komist öruggt á milli byggðarlaga, auk þess sem við þurfum að koma afurðum okkar á markað.

Ísafjarðarbær er í mikilli þörf fyrir auknar tekjur til að standa undir þeim vexti sem er fram undan og við horfum til þess að fá stærra hluta af auðlindagjöldum af fiskeldi til sveitarfélagsins,“ segir Arna Lára.

Ísafjarðarbær varð til 1. júní 1996 þegar Ísafjörður, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri sameinuðust, en áður hafði Hnífsdalur sameinast Ísafirði. Stærð sveitafélagsins er 2.379 ferkilómetrar. Íbúafjöldinn er 3.840 manns. Atvinnulíf á Vestfjörðum byggir á frumframleiðslugreinum og þá fyrst og fremst á sjávarútvegi, en það er sú grein sem skilar mestu tekjum á svæðinu. Fiskeldi er sú atvinnugrein sem vex hraðast á í sveitarfélaginu.

Sigurjón Andrússon:

Kraftur og sjálfsbjargarviðleitni

– Sveitarfélagið Hornafjörður

Sigurjón Andrússon hefur verið ráðinn bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar og hefur störf þann 1. júlí nk.

Hann hefur starfað sem ráðgjafi og verkefnastjóri hjá Sveitarfélaginu Ölfusi.

„Eins og gefur að skilja stend ég auðmjúkur frammi fyrir því trausti sem mér er sýnt með því að vera ráðinn í þetta starf. Ég hlakka til að flytja á Höfn og starfið leggst mjög vel í mig. Ég er geysilega spenntur fyrir nýjum áskorunum. Það eru metnaðarfull markmið sem koma fram í nýjum málefnaáætlunum og ég veit að það eru mikil tækifæri fram undan hjá sveitarfélaginu.“

Fyrir utan það að kynna nýjum vinnustað, rekstrinum og samfélaginu betur, þá munum við fara strax í að brjóta nýjan málefnaáætlun upp og forgangsraða verkefnum. Það verður mikilvægt að gera hlutina í réttu röð á næstu misserum og á hraða sem sveitarfélagið ræður við.

Það er af nægu að taka hvað varðar stór og mikilvæg verkefni hjá okkur á næstu misserum. Eitt af þeim verkefnum er að taka á móti höfuðstöðvum Vatnajökulsþjóðgarðs til Hornafjarðar. Flutningurinn er rökrétt og góð ákvörðun hjá núverandi stjórnvöldum og skiptir okkur sem búum og störfum í mestu nábyli við jökulinn miklu máli.

Styrkleikar sveitarfélagsins Hornafjarðar eru íbúarnir. Samfélagið einkennist af krafti og sjálfsbjargarviðleitni. Fólk hefur



Sigurjón Andrússon.

alla tíð þurft að bjarga sér sjálft og það býr í fólki mikið frumkvæði til einmitt þess. Öflugt atvinnulíf til sjávar og sveita ásamt blómlegu mannlífi hefur ekki komið að sjálfu sér og við horfum björtum augum til framtíðar og þeirra verkefna sem bíða okkar.

Okkar áskoranir felast meðal annars í að styrkja innviði og efla grunnþjónustu sveitarfélagsins.

Við viljum eiga lifandi samtal við íbúa og munum stórefla upplýsingagjöf til þeirra. Við ætlum að vaxa og dafna, en á sama tíma tryggja að reksturinn standi undir sér og sé áfram ábyrgur.

Að okkar mati þarf einnig að skilgreina betur hver ber ábyrgð af kostnaði sem stefnumarkandi ákvarðanir ríkisins hafa haft í för með sér á fjárhag sveitarfélaga. Okkur er sniðinn mun þrengri stakkur í öflun tekna en ríkinu og samtal um þetta mun verða fyrirferðarmikið hjá sveitarfélagunum á næstu árum að okkar mati,“ segir Sigurjón.

Sveitarfélagið nær frá Skeiðarsandi í vestri að Hvalnesskriðum í austri og þar búa um 2.500 manns. Höfn í Hornafirði er eini þéttbýliskjarninn. Í sveitarfélaginu er fjölbreytt atvinnulíf en undirstöðuáttvinnugreinar eru sjávarútvegur, ferðaþjónusta og landbúnaður.



SUÐURLAND
Sveitarfélagið
Hornafjörður



Aldís Hafsteinsdóttir:

Mikil matarkista

– Hrunamannahreppur

Aldís Hafsteinsdóttir tekur við af Jóni G. Valgeirssyni.

Aldís hefur verið bæjarstjóri Hveragerðis í sextán ár og er formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

„Ég hlakka mikið til að taka við starfi sveitarstjóra í Hrunamannahreppi og er bæði auðmjúk og stolt yfir því að ný sveitarstjórn skuli hafa leitað til mín varðandi starfið. Ég þekki auðvitað vel til helstu verkefna sveitarfélaga almennt. Ég er Árneseingur og stolt af þeim uppruna. Í gegnum störf mín undanfarin ár þekki ég afar vel til okkar fjölmörgu sameiginlegu verkefna bæði í sýslunni en einnig á Suðurlandi almennt, þannig að það má kannski segja að þó ég flytji nú um set þá er ég enn á heimavelli. En sveitarfélög eru ólík og því verður það mitt fyrsta verk að fara um sveitarfélagið, kynnast enn betur nýrri sveitarstjórn og íbúum sveitarfélagsins, heimsækja bændur, fyrirtæki og stofnanir og þannig reyna að átta mig enn betur á staðaranda og sérstöðu sveitarfélagsins.

Hrunamannahreppur er um margt einstakt samfélag. Sumir myndu segja að hér slái hjarta Árnessýslu. Mikil matarkista, einstaklega blómlegt landbúnaðarhérað, þar sem fjölbreytt starfsemi er stunduð, bæði hefðbundinn landbúnaður en ekki síður er hér gríðarlega mikil garðyrkja sem mér þykir auðvitað áhugavert, komandi frá Hveragerði. Á sumrin margfaldast íbúatalan þegar allt fyllist af ferðamönnum, sem komnir eru til að njóta veðurs eins og það gerist best á landinu.

Styrkleikar sveitarfélagsins eru sú mikla fjölbreytni sem hér er bæði hvað varðar atvinnulíf en einnig hvað varðar lífsgæði íbúa almennt. Svo má ekki gleyma því að Hrunamenn eiga sína eigin hitaveitu, hér eru ríkir möguleikar til orkuöflunar og uppbyggingar á því sviði. Mér sýnist líka sem




Aldís Hafsteinsdóttir.

hér sé gott og jákvætt samfélag sem ég hlakka svo sannarlega til að kynnast betur.

Tækifæri Hrunamannahrepps felast ekki síst í því að koma þessum gæðum sveitarfélagsins á framfæri bæði við þá sem hafa hug á að reka fyrirtæki en ekki síður við almenning í landinu, sem kannski er ekki alveg nógu vel meðvitaður um að Hrunamannahreppur er ákjósanlegur til búsetu allt árið um kring. Vegbætur á Suðurlandi og þá ekki síst nýr Suðurlandsvegur koma til með að stytta vegalengdir enn frekar.

Gatnagerð og úthlutun lóða í framhaldinu er meðal fyrstu verka nýrri sveitarstjórnar og að halda áfram að byggja upp góða innviði svo tryggt sé að íbúar og fyrirtæki njóti framúrskarandi þjónustu. Einnig myndi ég vilja fylgja fast eftir nauðsynlegum vegaframkvæmdum í sveitarfélaginu og þá má ekki gleyma að Hrunamannahreppur nær langt inn á hálendið og Kerlingarfjöll eru til dæmis hluti af sveitarfélaginu þar sem nú á sér stað mikil uppbygging,“ segir Aldís.

Hrunamannahreppur er 1.375 ferkílómetrar. Þar búa nú um 820 íbúar. Um 450 manns búa á Flúðum þar sem grunn- og leikskóli er staðsettur, íþróttamannvirki og önnur þjónusta. Meginatvinnuvegir sveitarfélagsins eru landbúnaður, þ.m.t. garðyrkja, iðnaður og ferðaþjónusta.





Bændablaðið, 07.07.2022, síðu 24
grein stærð: 210.63 sm²
grein hæð: 19.55 sm

Á döfinni í júlí ...

Austurland & Austfirðir

- 7.-9. júlí Eistnaflug, árleg tónlistarhátíð í Neskaupstað
- 8.-10. júlí Bæjar- og fjölskylduhátíðin Vopnaskak á Vopnafirði
- 8.-10. júlí Sumarhátíð UÍA – Íþróttahátíð á Egilsstöðum
- 9. júlí Dyrfjallahlaupið á Borgarfirði eystri, 12 eða 14 km
- 10.-17. júlí Listahátíðin LungA, tónleikar og list á Seyðisfirði
- 14.-17. júlí Bæjarhátíðin Útsæðið á Eskifirði, kassabílarallí, kvöldvaka, flugeldasýning og margt fleira
- 23. júlí Tónlistarhátíðin Bræðslan

Norðurland & Norðausturland

- 28. júní-10. júlí Hriseyjarhátíð
- 6.-10. júlí Þjóðlagahátíð Siglufjarðar, dansar, námskeið, tónleikar
- 14.-17. júlí Húnavaka – Bæjarhátíð sem haldin er á Blönduósi
- 15.-17. júlí Miðaldadagar á Gásum við Hörgárósa í Eyjafirði
- 22.-24. júlí Mærudagar Húsavíkur
- 23. júlí Fjölskylduhátíðin Trilludagar á Siglufirði, útsýnis-siglingar, trilluball og markaðir

Reykjanes, Suðurland, Suðaustur- & Suðvesturland

- 3.-10. júlí Landsmót hestamanna á félagssvæði Geysis á Rangárbökkum á Hellu
- 7.-10. júlí Kótelettan – Fjölskyldu- og tónlistarhátíð á Selfossi
- 8.-10. júlí Flughátíðin á Hellu; karamellur, grillveisla og skýlisball
- 16.-17. júlí Götubíthátíð í Hljómskálagarðinum, stærsta matarvagna- og götubíthátíð landsins

Vesturland, Norðvesturland & Vestfirðir

- 7.-10. júlí Sandara- og Rífsaragleði í Snæfellsbæ
- 9. júlí Bátadagar á Breiðafirði 9. júlí 2022, haldnir af félagi áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum. Farið verður til Hvalláturs þar sem rekin var afkastamikil bátasmíðastöð fram á 7. áratug síðustu aldar.
- 14.-17. júlí Hlaupahátíð á Vestfjörðum þar sem keppt er í hlaupum, hjóleiðum, sjósundi og þríþraut
- 16. júlí Ógurball í Súðavík
- 20.-24. júlí Eldur í Húnaþingi – Bæjarhátíð á Hvammstanga

(Svo er nú sjálfsagt eitthvað sem hefur ekki komist á lista, en hér að ofanverðu er ýmislegt upptalið sem má skemmta sér við.)





Morgunblaðið, 13.07.2022, síðu 10
grein stærð: 85.70 sm²
grein hæð: 8.23 sm

STUTT

Jón nýr sveitarstjóri Rangárbings ytra

Jón G. Valgeirsson hefur verið ráðinn sveitarstjóri Rangárbings ytra, að því er segir í tilkynningu frá sveitarfélaginu. Jón er lögfræðingur að mennt og fæddur og uppalinn í Þverspyrnu í Hrunamannahreppi. Hann hefur verið sveitarstjóri á Suðurlandi síðustu 15 ár, síðast í Hrunamannahreppi. Guðbjörg Viðarsdóttir, kennari frá Svanavatni í Austur-Landeyjum, er kona Jóns og eiga þau saman tvö börn. Jón tekur við 15. ágúst nk. „Ég er þakklátur og auðmjúkur fyrir að hafa verið treyst fyrir svo mikilvægu starfi fyrir samfélagið hérna,“ er haft eftir Jóni í tilkynningu sveitarfélagsins.



Ráðning Jón G. Valgeirsson (t.h.) og Eggert Valur Guðmundsson, oddviti sveitarstjórnar.



Ekki öll von úti fyrir sumarið

09.07.-15.07.

Orri Páll Ormarsson
ori@mbl.is



Stelpurnar okkar gerðu jafntefli við **Belga** í fyrsta leik sínum á **EM á Englandi**, 1:1. **Berglind Björg Þorvaldsdóttir** skoraði mark-ið.

Flugfélög og flugvellir í **Evrópu** og **N-Ameríku** glíma við manneklu og hefur verið mikið um tafir og afbók-anir ferða af þeim sökum.

Síldarvinnslan hf. í **Neskaupstað** hefur keypt allt hlutafé sjávarút-vegsfyrirtækisins **Vísis hf.** í **Grinda-vík** fyrir 20 milljarða króna. Vaxta-berandi skuldir Vísis hf. nema um 11 milljörðum króna og nema viðskiptin því samtals um 31 milljarði króna.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráð-herra og **Bjarni Benediktsson** fjár-málaráðherra eru hvort á sinni skoð-uminni um kaupin á Vísi. Hún hefur áhyggjur en hann ekki. **Sigurður Ingi Jóhannsson** innviðaráðherra er mitt þar á milli.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfa-dóttir utanríkisráðherra segir mik-ílvægt að gera grein fyrir þeirri áhættu sem kann að felast í því að stunda viðskipti við ríki þar sem réttarríkið á undir högg að sækja. Aðilum sé þó frjálst að eiga viðskipti þar sem þeir kjósa en ábyrgðina bera þeir sjálfir.

Einfættur Ítali, **Andrea Deicenzi**, ætlar að hjóla hringinn í kringum landið á rúmum þremur vikum.

Brögð eru að því að gelt sé á **sam-kynhneigða karlmenn** á almanna-færi sem þykir til marks um að bak-slag sé komið í réttindabaráttu hinsegin fólks á **Íslandi**.

Þess var minnst í vikunni að hálf öld er síðan **Bobby Fischer** og **Boris Spasski** settust að taflborðinu í **ein-vígi aldarinnar** og ugglaut allra tíma.

Málmhátíðin **Eistnaflug** var haldin á ný eftir tveggja ára hlé. Sem fyrr fór lítið fyrir fávitum.

Rykið var dustað af silfurpeningi **Filippusar á Bjólu** sem mun ekki hafa verið gömul specia.

3.000 stelpur spiluðu fótbolta á **Símamótinu** í **Kópavogi** landinu.

•••

Óánægja er meðal íbúa í **Skorradal** vegna framkvæmda **Skógrækt-arinnar**.

Þrjú af hverjum fjórum börnum sem smitast höfðu af **Covid-19** á **Íslandi** fyrir haustið 2021 sýndu meðalmikil einkenni en tæplega fjórðungur barna var einkennalaus.

Tekist er á um hvort hán **Hamlet** megi ekki bara vera ólétt en brjóst **Guðrúnar Köru Ingudóttur** fóru fyrir brjóstið á einhverjum gestum á sýningu Listaháskóla **Íslands**. Barnshafandi kona hefur víst ekki í annan tíma leikið prinsinn/prinsessuna í heimssögunni.

Laun á **Íslandi** hafa hækkað á síðasta kjarasamningstímabili og eru því há í alþjóðlegum samanburði, sam-



Stelpurnar okkar hafa gert sitt allra besta á EM á Englandi til að færa okkur smá sumar heim í stofu.

Morgunblaðið/Eggert

kvæmt nýrri skýrslu. Á móti kemur að óvissan fram undan er mikil.

Ökumaður sem slapp ómeiddur úr banaslysi á **Meðallandsvegi** er grunaður um ölvun.

Regína Ásvaldsdóttir hefur verið ráðin í starf bæjarstjóra í **Mos-fellsbæ**.

Mikil þörf er fyrir aukna sjúkra-flutninga með nýrri gerð sjúkra-þyrlna og þarf tafarlaust á frum-kvæði stjórnvalda að halda til að tryggja það, að mati **Sveins Hjalta Guðmundssonar**, þjálfunarflugs-tjóra hjá **Air Atlanta Icelandic**.

Fyrirverandi stjórnandi **Uber** lak 124.000 skjölum í fjölmiðla.

•••

Skemmtiferðaskip eru dagleg sjón í **Reykjavíkurhöfn** um þessar mund-ir.

Erlendur karlmaður starfaði í heil-

an mánuð hjá hóteli í **Reykjanesbæ** án þess að fá nokkuð greitt.

Guðlaugur Þór Þórðarson, um-hverfis-, orku- og loftslagsráðherra, hefur skipað starfshóp til að gera til-lögur til ríkisstjórnarinnar um nýt-ingu **vindorku**.

Staðan á **spítölum** landsins er enn þung og **kórónuveirusmitum** fer fjölgandi.

Ríki og **sveitarfélög** hafa undirritað samkomulag um uppbyggingu rúm-lega 35 þúsund íbúða næstu tíu árin.

Það snjóar í **júlí**. Um er að ræða fræ af hinum fjölséðu **alaskaöspum** sem finna má víða um land.

2022 gæti orðið metár í **umferðinni** en landinn er á faraldsfæti sem aldr-ei fyrr, þrátt fyrir svimhált verð á eldsneyti.

Björn Bjarki Þorsteinsson hefur verið ráðinn nýr sveitarstjóri **Dala-byggðar**. Hann sótti ekki um starfið.

Jón G. Valgeirsson hefur verið ráð-inn sveitarstjóri **Rangárpings ytra**. Hann sótti um starfið.

Símar eru stranglega bannaðir á tónleikum **Bobs Dylans** og verða að vera í lokuðum pokum. Hljómar ábyggilega í eyrum sumra eins og pyntingaradferð gagnvart stríðs-föngum.

•••

Munnkvillar eru algengir á **hjúkr-unarheimilum**.

Björn Zoëga, nýskipaður stjórn-arformaður **Landspítalans**, segir að fækka þurfi stjórnögum á spít-alanum og einfalda hlutina.

Vínbúðin hefur hert á skilareglum.

Engin **lúxussnekkja** hefur komið til **Reykjavíkur** í sumar.

Mannbjörg varð þegar feðgum á **strandveiðum** var bjargað úr bát á **Breiðafirði** sem tekinn var að leka.

Erfitt er að fá **hótelgistingu** á **Ís-landi** í sumar.

Mánaðabið er eftir sérgreinalækn-um.

Lóð sem nýtt hefur verið undir **bíla-stæði** seldist á 5,5 milljónir króna.

Fjölskylda **Johns Snorra Sigur-jónssonar** biðlar til fjallgöngufólks að taka ekki myndir af líki hans þar sem það liggur á fjallinu **K2** í **Pak-istan**.

Simone Biles, fremstu fimleikakonu sögunnar, var boðin litabók um borð í flugvél. Hún afpakaði enda orðin 25 ára.

•••

Stelpurnar okkar gerðu aftur 1:1-jafntefli í öðrum leik sínum á **EM á Englandi**, gegn **Ítölum**. Líðið á enn möguleika á að komast áfram í átta liða úrslit mótsins en þarf helst að vinna ógnarsterkt lið **Frakka** á morgun, mánudag, til að láta draum-inn rætast.

Landeigendur í **Hvammsvík** hafa kynnt áform um að bæta við 25 lóð-um undir heilsárshús. Það ku vera gert vegna mikillar eftirspurnar.

Bandaríski flugherinn hefur óskað eftir 94 milljóna bandaríkjadala framlagi vegna framkvæmda á **Keflavíkurflugvelli**.

Guðjón Reynisson var endur-kjörinn stjórnarformaður **Festar**. Honum líst vel á nýkjörna stjórn og vill sjá frið umhverfis félagið en gastað hefur um það að undanförun eftir að forstjórann var sagt upp.

Skemmtiferðaskip sigldi inn **Skagafjörð** í fyrsta sinn í 45 ár.

Mikið er byggt í **Hafnarfirði**.

Smíðjan í **Vík** í **Mýrdal** var fyrsta brugghús landsins sem fékk í hend-urnar leyfi til þess að selja bjór á framleiðslustað í samræmi við breytt lög um smásölu áfengis.

Heildartekjur einstaklinga á **Íslandi** námu 640 þúsund krónum í fyrra, samkvæmt skattframtölum, og hækkuðu því um 49 þúsund krónur á milli ára.

Karlalið **Breiðabliks** er komið áfram í **Sambandsdeild Evrópu** í knatt-spurnu.

Erlendur ferðamaður sofnaði á sal-erni rútu og missti fyrir vikið af flugi. Hann ku hafa verið við skál. **Lögregla** ræsti manninn sem gekk sína leið.

Siggi stormur segir að ekki sé öll von úti fyrir **sumarið** í ár.



Fréttablaðið, 19.07.2022, síðu 4
grein stærð: 63.18 sm2
grein hæð: 12.73 sm



Frystihólf.


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lokun frystihólfa verður sett á ís

gar@frettabladid.is

RANGÁRÞING YTRA Hætt hefur verið við það í bili að stöðva rekstur á frystihólfum á vegum Rangárþings ytra. Ákveðið hafði verið að hætta rekstrinum í haust og láta notendur hólfanna vita af því með góðum fyrirvara eða strax í upphafi þessa árs.

„Í ljósi þess að sú kynning hefur ekki farið fram, þá verður rekstri frystihólfanna haldið áfram. Ljóst er að búnaðurinn er orðinn gamall og óvíst hversu lengi hann mun endast og því rekstraröryggi hólfanna ekki tryggt,“ segir sveitarstjórnin, sem vill að tillaga um fyrirkomulag á rekstri frystihólfanna verði rædd á næsta fundi byggðarráðs. ■



Á döfinni í júlí & ágúst

Austurland & Austfirðir

- 21.-24. júlí Franskir dagar - Bæjarhátíð á Fáskrúðsfirði
23. júlí Tónlistarhátíðin Bræðslan
24. júlí Flug & Fákár á Egilsstaðaflugvelli milli kl. 12.-16, boðið er upp á að skoða bæði fornþíla og flugvélar
29. júlí-1. ág. Verslunarmannahelgin Neistaflug - Fjölskylduhátíð í Neskaupstað, markaður, strandblaksmót, flugeldar o.fl.
12.-14. ág. Flugeldasýning Jökulsárlóni

Norðurland & Norðausturland

- 22.-24. júlí Mærudagar Húsavíkur
23. júlí Fjölskylduhátíðin Trilludagar á Siglufirði, útsýnis-siglingar, trilluball og markaðir
29. júlí-1. ág. Síldarævintýri á Siglufirði - fjölskylduhátíð
29. júlí-1. ág. Ein með öllu og íslensku sumarleikarnir á Akureyri
29. júlí-1. ág. Berjadagar, árleg tónlistarhátíð í Ólafsfirði
26. -28. ág. Akureyrarvaka – Menningarhátíð Akureyrar

Reykjanes, Suðurland, Suðaustur- & Suðvesturland

28. júlí-1. ág. Flúðir um Versló - Bæjarhátíð á Flúðum
29. júlí-1. ág. Tónlistarhátíðin Innipúkinn í Reykjavík
29. júlí-1. ág. Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum
29. júlí-1. ág. Unglingalandsmót UMFÍ - vímulaus íþrótt- og fjölskylduhátíð þar sem börn og ungmenni á aldrinum 11-18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum
29. júlí-1. ág. Kotmót Hvítasunnukirkjunnar, kristilegt fjölskyldumót að Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð
2.- 6. ág. Hamingjan við hafið - Fjölskylduhátíð í Þorlákshöfn
4.- 7. ág. Sumar á Selfossi - Bæjarhátíð á Selfossi
6. ág. Grímsævintýri, fjölskylduhátíð í Borg í Grímsnesi
2.- 7. ág. Hátíðin Hinsegin dagar eru í Reykjavík
6. ág. Gleðigangan, hápunktur Hinsegin daga fer fram
12.-14. ág. Töðugjöld - Bæjarhátíð á Hellu á Rangárvöllum
12.-14. ág. Blómstrandi dagar - Bæjarhátíð í Hveragerði
12.-14. ág. Bæjarhátíðin Fjölskyldudagar í Vogum
20. ág. Menningarnótt í Reykjavík - tónleikar, skemmtanir flugeldasýning o.fl.
22.-28. ág. Bæjarhátíð í Suðurnesjabæ
26. -28. ág. Í túninu heima – Bæjarhátíð Mosfellsbæjar
26. -28. ág. Kjötsúpuhátíðin á Hvalsvellum

Vesturland, Norðvesturland & Vestfirðir

- 20.-24. júlí Eldur í Húnaþingi - Bæjarhátíð á Hvammstanga
22.-24 júlí Reykholtshátíðin - Tónlistarhátíð sem leggur áherslu á klassíska tónlist frá 18. og 19. öld.
29. júlí-1 ág. Norðanþönk í Laugarbakka Vestur-Húnavatnssýslu
29. júlí-1 ág. Sæludagar KFUK&KFUM - vímulaus hátíð við Eyrarvatn
4-6 ág. Act Alone – árleg leiklistarhátíð á Suðureyri.

(Svo er nú sjálfsagt eitthvað sem hefur ekki komist á lista, en hér að ofanverðu er ýmislegt upptalið sem má skemmta sér við.)





Bændablaðið, 21.07.2022, síðu 24
grein stærð: 215.83 sm²
grein hæð: 20.93 sm

Á döfinni í júlí & ágúst

Austurland & Austfirðir

- 21.-24. júlí Franskir dagar - Bæjarhátíð á Fáskrúðsfirði
23. júlí Tónlistarhátíðin Bræðslan
24. júlí Flug & Fákár á Egilsstaðaflugvelli milli kl. 12.-16, boðið er upp á að skoða bæði fornbíla og flugvélar
29. júlí-1. ág. Verslunarmannahelgin Neistaflug - Fjölskylduhátíð í Neskaupstað, markaður, strandblaksmót, flugeldar o.fl.
12.-14. ág. Flugeldasýning Jökulsárlóni

Norðurland & Norðausturland

- 22.-24. júlí Mærudagar Húsavíkur
23. júlí Fjölskylduhátíðin Trilludagar á Siglufirði, útsýnis-siglingar, trilluball og markaðir
29. júlí-1. ág. Síldarævintýri á Siglufirði - fjölskylduhátíð
29. júlí-1. ág. Ein með öllu og íslensku sumarleikarnir á Akureyri
29. júlí-1. ág. Berjadagar, árleg tónlistarhátíð í Ólafsfirði
26. -28. ág. Akureyrarvaka – Menningarhátíð Akureyrar

Reykjanes, Suðurland, Suðaustur- & Suðvesturland

28. júlí-1. ág. Flúðir um Versló - Bæjarhátíð á Flúðum
29. júlí-1. ág. Tónlistarhátíðin Innipúkinn í Reykjavík
29. júlí-1. ág. Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum
29. júlí-1. ág. Unglingalandsmót UMFI - vímulaus íþróttar- og fjölskylduhátíð þar sem börn og ungmenni á aldrinum 11-18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum
29. júlí-1. ág. Kotmót Hvítasunnukirkjunnar, kristilegt fjölskyldumót að Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð
2.- 6. ág. Hamingjan við hafið - Fjölskylduhátíð í Þorlákshöfn
4.- 7. ág. Sumar á Selfossi - Bæjarhátíð á Selfossi
6. ág. Grímsævintýri, fjölskylduhátíð í Borg í Grímsnesi
2.- 7. ág. Hátíðin Hinsegin dagar eru í Reykjavík
6. ág. Gleðigangan, hápunktur Hinsegin daga fer fram
12.-14. ág. Töðugjöld - Bæjarhátíð á Hellu á Rangárvöllum
12.-14. ág. Blómstrandi dagar - Bæjarhátíð í Hveragerði
12.-14. ág. Bæjarhátíðin Fjölskyldudagar í Vogum
20. ág. Menningarnótt í Reykjavík - tónleikar, skemmtanir flugeldasýning o.fl.
22.-28. ág. Bæjarhátíð í Suðurnesjabæ
26. -28. ág. Í túninu heima – Bæjarhátíð Mosfellsbæjar
26. -28. ág. Kjötsúpuhátíðin á Hvalsvellum

Vesturland, Norðvesturland & Vestfirðir

- 20.-24. júlí Eldur í Húnaþingi - Bæjarhátíð á Hvammstanga
22.-24. júlí Reykholtshátíðin - Tónlistarhátíð sem leggur áherslu á klassíska tónlist frá 18. og 19. öld.
29. júlí-1. ág. Norðanþönk í Laugarbakka Vestur-Húnavatnssýslu
29. júlí-1. ág. Sæludagar KFUK&KFUM - vímulaus hátíð við Eyrarvatn
4-6 ág. Act Alone – árleg leiklistarhátíð á Suðureyri.

(Svo er nú sjálfsagt eitthvað sem hefur ekki komist á lista, en hér að ofanverðu er ýmislegt upptalið sem má skemmta sér við.)





Morgunblaðið, 25.07.2022, síðu 6
grein stærð: 115.39 sm2
grein hæð: 11.24 sm

Gagnrýnir verkferla Ljósleiðarans

● Hafi ekki séð tilgang í að skrifa undir

Landeigandi í Rangárþingi ytra segir fjarskiptafyrirtækið Ljósleiðarann hafa sýnt af sér frekju við plægingu ljósleiðarastrengs um Þykkvabæ. Telur hann meðal annars að fyrirtækið hafi átt að ræða við landeigendur við gerð samnings sem þeim var sendur vegna lagningar ljósleiðarans.

„Fyrir það fyrsta er þetta svo einhliða. Þarna er fyrirtæki að fá að fara í gegnum land hjá fólki en það var ekki boðið upp á neitt fyrir landeigendur heldur var bara einhliða upptalning þeirra á því sem þeir ætluðu að gera. Svo hét þetta samningur og ég átti bara að skrifa undir allt sem þeir fóru fram á. Ég held að fólk hér hafi ekki séð neinn tilgang í því að skrifa undir,“ segir Þórólfur Már Antonsson, líffræðingur og

lóðareigandi í Rangárþingi ytra.

Í skriflegu svari til Morgunblaðs segir Elísabet Guðbjörnsdóttir, verkefnastjóri hjá Ljósleiðaranum, að áhersla hafi verið á góð samskipti við landeigendur. „Landeigendur þarna í Þykkvabænum eru tæplega 70 talsins og við höfum verið í samskiptum við þá frá því í fyrrahaust, haft samband við hvern og einn persónulega og sent þeim öllum formlegu bréf um réttindi og skyldur aðila.“

Þá sé samningurinn sem sendur var landeigendum staðlaður. „Slíkt samkomulag er staðlað og byggist á lagalegum réttindum og skyldum, fjarskiptafélagsins og landeigenda. Ljósleiðarinn, og vafalaust flest innviðafyrirtæki, gera aragrúa slíkra samninga þegar þörf er á.“
ingathora@mbl.is



Morgunblaðið, 02.08.2022, síðu 4
grein stærð: 147.78 sm²
grein hæð: 14.27 sm

Mörg brot við vinnustaðaheimsóknir

● „Svört skýrsla“ segir eftirlitsfulltrúi

Vinnustaðaeftirlit Verkalýðsfélags Suðurlands heimsótti 81 vinnustað á dögnum. Í ljós kom að í tæplega 60% tilvika er þörf á frekari eftirfylgni eftirlitsins. 6 af alls 48 tilvikum voru send áfram til frekari meðferðar hjá opinberri stofnun eða ASÍ.

„Þetta er að mörgu leyti svört skýrsla um ástandið á svæðinu. Maður er bara hryggur yfir þessari niðurstöðu, að í meirihluta tilvika er traðkað á réttindum vinnandi fólks,“ segir Ástþór Jón Ragnheiðarsson, eftirlitsfulltrúi Verkalýðsfélags Suðurlands, um niðurstöður eftirlitsins.

„Við erum ekki bara að tala um réttindi sem byggjast á kjarasamningum, heldur líka brot á húsaleigulögum og lögum um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda. Það er ekki bara verið að brjóta á kjarasamningum sem stéttarfélagin gera. Sum tilvikin varða líka við lög sem gilda hér á landi.“

Vinnustaðaeftirlit er samstarfsverkefni ASÍ og SA. Verkalýðsfélags Suðurlands sinnir eftirliti á sínu félagssvæði, í sveitarfélögum Rangárþingi ytra, Rangárþingi


eystra, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Ásahreppi. „Þetta snýst fyrst og fremst um að við mætum á vettvang og spjöllum við viðeigandi aðila,“ útskýrir Ástþór.

„Í 29 heimsóknum voru starfsmenn skráðir í rangt stéttarfélag og í sumum tilvikum var ekki verið að greiða í neitt stéttarfélag. Almenn brot á kjarasamningnum, t.d. var verið að greiða undir taxta, tvískiptar vaktir, hátt álag á vöktum, ekki verið að skila gjöldum, ekki verið að greiða yfirvinnu, og mörg málanna varða húsnæðismál. Þar hefur húsaleigulögum ekki verið fylgt, um rétt til uppsagnarfrests á húsnæði og þess háttar.“

Ástþór segir vera alvarleg dæmi um atvinnurekanda sem skuldi starfsmönnum hundruð þúsunda, jafnvel milljónir í vangoldin laun.

„Þá eru sex mál þess eðlis að við, sem verkalýðsfélag, getum ekki tekið þau að okkur, t.d. skattamat og mansal.“

Þá komst upp um 13 tilvik, í kjölfar heimsóknar eftirlitsins, fyrir tilstuðlan félagsmanna stéttarfélagsins, sem höfðu samband við eftirlitið.



Morgunblaðið, 03.08.2022, síðu 6
grein stærð: 367.00 sm²
grein hæð: 14.16 sm

Óánægja með lokun pósthússins

● Bæjarráð Grindavíkur bókaði andstöðu við lokun pósthússins ● Forstjóri Íslandspósts segir breytta þjónustu vera betri og í takt við nútímann ● Ekki sátt um breytt fyrirkomulag í Rangárvallasýslu

Fyrir dyrum stendur að loka pósthúsinu í Grindavík og færa þjónustuna í svipað horf og verið hefur í Rangárvallasýslu, eftir að pósthúsum á Hellu og Hvolsvelli var lokað. Bæjarráð Grindavíkur fjallaði um málið í síðustu viku og var bókað, að bæjaryfirvöld mót-mæltu þessum áformum harðlega.

Í bókuninni kemur einnig fram að bilanir hafi orðið í póstboxum og að ferðir póstbils séu áætlaðar þegar meginþorri manna er í vinnunni. Þetta sýni að þjónustustigið sé ekki viðunandi.

„Bæjarráðið er með bókuninni að mótmæla því að verið sé að loka pósthúsinu og þeirri skerðingu á þjónustu sem fylgir í kjölfarið. Grindavík er bæjarfélag sem telur um 3.600 manns. Við lítum svo á að það séu engin rök fyrir því að loka pósthúsinu hérna,“ segir Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkur.

Skoðun bæjarfélagsins skýr

Fannar segir að Íslandspóstur geri ráð fyrir að breytingarnar taki gildi með haustinu. „Póstafgreiðsl-



Morgunblaðið/ Arnþór Birkisson

Grindavík Pósthúsinu við Víkurveg verður að öllum líkum lokað í haust.

an hefur verið í húsi Landsbankans hér í Grindavík, þannig að það er ekki verið að reka sérstakt pósthús hér í bænum, heldur höfum við litið þannig á að það hljóti að vera ákveðin samlegðaráhrif og sparnaður með þessu fyrirkomulagi. Skoðun bæjarbúa er skýr. Það er verið að skerða pósthjónustu í bæjarfélaginu og færa hana í verra horf. Við teljum að jafnstórt og öflugt bæjarfélag eins og Grindavík

eigi það ekki skilið að pósta-fgreiðslunni verði lokað.“

Þjónustan nánast farin

Pröstur Ólafson, bóndi á Sperðli í V-Landeyjum, segir íbúa á svæði Hellu og Hvolsvallar almennt óánægða með breytt fyrirkomulag á pósthjónustu á svæðinu.

„Það má segja að þjónustan sé nánast farin. Það þurfa allir að keyra á Selfoss ef þeir eru með ein-

hverjar sendingar. Jú, þeir segja að það séu einhver póstbox, en við eigum eftir að sjá hvernig veturinn verður og ef hann líkist eitthvað síðasta vetri erum við ekki í góðum málum.“

Margir hætta að nota Póstinn

Pósthúsið á Hvolsvelli var aðeins opið í fjóra tíma á dag. „Það var hægt að ganga að því sem vísu, sem nú er ekkert hægt. Ég þarf þá annað hvort að bíða eftir bílnum eða fara á Selfoss. Maður heyrir það að menn eru mikið hætta að nota Póstinn og farnir að nota aðra flutningsaðila, því fyrirtæki sem hafa reitt sig á það að geta farið í pósthúsið á hverjum morgni til að sækja, t.d. varahluti, geta það ekki lengur. Maður sér fyrir sér að pósthjónustan leggist nánast af, þótt þeir komi þrisvar í viku og keyri um allar sveitir og setji eitt og eitt bréf í póstkassa.“

Breytingar erfiðar en til góðs

„Við erum að bregðast við breyttu umhverfi, þar sem bréfum

fækkar ár frá ári og pakkasendingum fjölga með netverslun. Við teljum þjónustuna betri ef eitthvað er. Við erum að fjölga póstboxum mikið um allt land. Þá geta viðskiptavinir okkar sótt sínar vörur allan sólarhringinn þegar þeim hentar og svo er hægt að hringja í póstbílinn. Pósthús á landsbyggðinni eru oft opin aðeins hluta dagsins, og þetta hlýtur að vera betra fyrirkomulag, segir Þórhildur Ólöf Helgadóttir, forstjóri Íslandspósts.

Spurð um óánægjuna á Hellu og Hvolsvelli, segir Þórhildur að þar komi líka inn stöðupólítík, en stöðugildi færðust úr bæjarfélögum yfir á Selfoss sem mæltist ekki vel fyrir.

„Við reynum að gera þetta í samvinnu með bæjarfélögum og ég held að með meiri reynslu muni fólk sjá að þessi tilhögun sé betri. Það er kannski helst elsta kynslóðin sem er ekki með snjallsíma sem á erfitt með þetta, en til að mæta því höfum við sent póstbílinn reglulega á vistheimilin til að at-huga með pósti.“



Hvað er að gerast núna um helgina?

12. ág. Föstudagur

■ Töðugjöld

Hella – alla helgina (Standa yfir 10. – 13. ágúst)

Á föstudeginum er frisbigolfmót og á laugardegi frisbigolfmót og dagskrá á útisvæði með hoppuköstulum og fegurðar- og hæfileikakeppni dýra, barnasöngvakeppni auk fjölda annarra viðburða.

■ Fjölskyldudagar í Vogum Vogar á Vatnsleysuströnd – alla helgina

Hverfaleikar, fjársjóðsleit fyrir átta ára og yngri, lasertag og bubbluboltar, danssýningar, töframenn og Leikhópurinn Lotta. Tónlist bæði kvöldin og listamenn á borð við Flóna, Brieti og Selmu Björns ásamt fleirum. KK, Þorgerður Ása og fleiri leika ljúfa tóna á sunnudeginum.

■ Reykhóladagar

Reykhólum – alla helgina

Reykhólahreppur slær upp stærðarinnar afmælishátíð enda á sundlaugin 75 ára afmæli, sveitarfélagið 35 ára afmæli og leikskólinn 30 ára afmæli. Sveitarfélagið býður til grillveislu í Hvannagarðabrekku á föstudeginum. Full helgi af dagskrá með hestafimi, dráttarvélaskrúðgöngu, brúðusýningu og lifandi tónlist.

■ Blómstrandi dagar

Hveragerði – alla helgina

Bæjarhátíðin Blómstrandi dagar er haldin í Hveragerði. Hápunktur hátíðarinnar er á laugardegi en dagskráin stendur alla helgina. Listsýningar og tónlistarviðburðir um allan bæ og heilsutengd atriði fyrir alla aldurshópa.

13. ág. Laugardagur

■ Jazzhátíð Reykjavíkur

Miðborg Reykjavíkur – 13.-19. ágúst

Vikulöng djasshátíð í Reykjavík, Jazzhátíð Reykjavíkur, hefst með formlegum hætti. Norrænir flytjendur eru áberandi og hátíðinni lýkur með stærðarinnar djassaðri sálumessu í Hallgrímskirkju.

■ Álfahátíð

Hellisgerði í Hafnarfirði kl. 14.00 og fram eftir degi

Barnahátíð í Hellisgerði fer fram með fjölbreyttri fjölskylduvænni dagskrá. Tónlist og leiklist, andlitsmálun og söluþjald í bland við fullt af álfum. Gestir eru hvattir til að mæta í álfabúningum og aðgangur er ókeypis.



■ „Elskum plötubúðir“

Plötubúðir Reykjavíkur kl. 13.00-17.00

Plötubúðir borgarinnar lifna við og slá upp tónlistarveislu í samstarfi við Tónlistarborgina Reykjavík. KK og Cyber koma fram í plötubúðum borgarinnar auk fleiri dagskrárliða.

■ Vegan Festival 2022

Vegan búðin kl. 13.00-16.00

Fjölskylduskemmtun og matarveisla með veislutjaldi og básum með vegan kræsingum. Hoppukastali og poppvél á staðnum ásamt leiktækjum. Tónlistaratriði og sirkus ásamt fleiri skemmtiatriðum.

14. ág. Sunnudagur

■ Neyzlan – Reykjavík á 20. öld

Árbæjarsafn kl. 10.00-17.00

Sýning í Lækjargötu húsi á Árbæjarsafni þar sem sífellt aukin framleiðsla og neysla á 20. öld er í brennidepli.



■ GH Django Trió

Reykjadalsskáli kl. 15.00

Gunnar Hilmarsson mætir með Djangó Trió. Trióið skipa auk Gunnars Jóhann Guðmundsson gítarleikari og Sigurgeir Skafti bassaleikari.

■ Hús talar upp úr svefni

Balinn, Þingeyri kl. 10.00-17.00

Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Egill Sæbjörnsson, Ágústa Oddsdóttir og Emilie Dalum, með framlagi frá Sesselju Fanney Kristjánsdóttur og Ágústu Birnu Kristjánsdóttur, setja upp sýninguna Húsið sem talaði upp úr svefni í Balanum listarými. Notaðir hlutir, frásagnir og tengingar milli þátíðar og nútíðar eru viðfangið í leit að glötuðum sögum.



Húsavæðing og Ístaka
 Húsavæðing og Ístaka
 Húsavæðing og Ístaka

Bændablaðið, 25.08.2022, síðu 22
grein stærð: 583.68 sm²
grein hæð: 37.80 sm



Tveir blóðtökubásar eru á Sólvöllum. Hanna Valdís lætur höfuð hryssu síga eftir að blóðtaka hefst. Starfsmaður Ísteka aðstoðaði við blóðtöku og stendur hjá annarri meri við blóðtöku. Faðir Hönnu Valdísar, Guðjón, aðstoðar einnig í starfsemi.

Myndir /ghp

Tamdar til reiðar og notaðar í blóðtöku

Hanna Valdís Guðjónsdóttir og Illugi Breki Albertsson eru ungir bændur á Sólvöllum í Rangárfingi ytra. Þar stunda þau sauðfjárbúskap ásamt því að halda hóp blóðmera. Bændablaðið fékk að fylgjast með blóðtöku á Sólvöllum.

Í ár eru 31 hryssa í blóðtökum á Sólvöllum. Í fyrra voru þær helmingi fleiri og hugðust Hanna Valdís og Illugi stækka stóðið enn frekar. Járngind af húsakosti sem er í byggingu við hlið annarra útihúsa búans var í reynd ætlaður til að uppfæra og stækka aðstöðu þeirra til að sinna starfsemi blóðmerarhalds enn betur.

En þær ætlanir breyttust í vetur. Myndband dýravemdarsamtakanna kom út á sama tíma og verð á aðföngum voru að hækka gífurlega. Þar sem rekstraráætlun bændanna gekk ekki upp miðað við forsendur og mikil óvissa ríkti um framtíð blóðmerarstarfseminnar tóku þau ákvörðun um að fækka ásettum merum um helming. Nýi húsakosturinn mun þó vonandi nýtast sem heimasláturhús og kjötvinnsla í náinni framtíð.

Þetta er þriðja ár Hönnu Valdísar og Illuga Breka í blóðbúskap en þau tóku við Sólvöllum af bónda sem var þegar með blóðmerastóð. Hún hafði einnig aðstoðað bóndann við blóðtöku í nokkur ár og hún þekkti því vel til starfseminnar.

Hanna Valdís er hestafræðingur að mennt og þau Illugi stunda sína hestamennsku samhliða störfum. Hún temur og mikill hluti reiðhrossa þeirra eru í reynd undan blóðgefandi hryssum. Einnig nota þau tamdar reiðhryssur frá sér í blóðtöku þegar þær eru í folaldseignum og sjá ekkert að því.

Hún bendir á að sú mikla umræða og gagnrýni sem starfsemi blóðbúskapar hefur orðið fyrir sé leidd áfram af fólki sem hefur ekki komið nálægt starfsemi. Hún fagnar umræðum um blóðmerarbúskap en



Að blóðtöku lokinni getur verið æskilegt að halda fyrir stungustað í stutta stund.

vill að hún byggi á þekkingu. Hún segist í raun sama um gagnrýni fólks sem þekkir ekki til hrossahalds en sárnar þegar aðrir hestamenn fordæma starfsemi á forsendum dýraníðs.

Hún nefnir að ef blóðmerarhald og starfsemi blóðtöku, eins og hún er starfrækt á Sólvöllum, sé á gráu svæði vegna meðferðar hryssanna þá geti tamningar á hrossum verið það líka. Álagið sem hryssurnar geta orðið fyrir sé almennt minna en í tilfelli reiðhrossa.

Velferð og heilsa meranna sé í fyrirrúmi enda sé það grundvöllur þess að hægt sé að nýta hryssurnar í hlutverk sitt. Mikilvægt sé að öll meðhöndlun hryssanna sé gerð af yfirvegum og hún kjósi að hafa sama fólk í verkinu í hvert sinn, enda eru merarnar rólegri með mönnum sem þær þekkjá.

Við val á blóðmerum skiptir geðslagið mestu máli, auk þess að vera með góða hormónastarfsemi. Hanna Valdís og Illugi tóku við stóði en hafa síðan þá verið að halda áfram

með ræktun þess. Einnig hefur Hanna Valdís tamið nokkur hross undan blóðmerum undanfarin ár og segir þá upp til hópa hafa reynt traustir og yfirvegaðir reiðhestar.

Stefna þeirra er að allar hryssur verði fortamdar á þann hátt að þær séu bandvanar, hægt sé að teyma þær og taka upp fætur enda leiði það til enn betri framgangs við meðhöndlun þeirra. Hanna Valdís bendir á að nokkrar merar í hópnum séu tamin sem reiðhross en aðrar séu eldri merar sem fylgdu jörðinni og minna bandvanar. Þær eru þó vanar meðhöndluninni og eru yfirvegaðar við blóðtöku.

Aðstaðan á Sólvöllum var innanhúss. Hryssunum er safnað saman í tvö hólf, en frá þeim er þeim hleypt inn á gang þar sem tveir blóðtökubásar eru staðsettir. Líkt og á Álftharhóli er hlið að framan og stöng sett fyrir aftan til að aftra ferð merar, svo strappi yfir. Múllinn settur á og merin staðdeyfð á stungustað. Þá er hausinn settur í stöðu, dýralæknirinn kemur nál fyrir og höfðinu síðan leyft að síga svo merin standi eðlilega. Eftir blóðtöku er hryssunni hleypt út.

Öll handtök þeirra sem meðhöndluðu merarnar voru nokkuð fumlau og framkvæmdin öll gerð af yfirvegum. Líkt og í blóðtökunni á Álftharhóli sýndu hryssurnar á Sólvöllum engin merki þess að vera hræddar við manninn eða þá aðstöðu þar sem framkvæmd blóðtökunnar fer fram. Þvert á móti sóttu sumar hryssur, og folöld þeirra, í að koma aftur inn.

Við blóðtökuna voru viðstödd Hanna Valdís, Illugi Breki, dýralæknir sem framkvæmdi blóðtökuna, til aðstoðar voru Guðjón, faðir Hönnu, og Sebastian sem starfar hjá Ísteka. Eftirlitsmaður frá MAST fylgdist einnig með blóðtökunni.


/ghp



Sumar merar og folöld sækja í húsnaðið eftir að meðferð þeirra er lokið, aðrar ganga niður í haga þar sem þær hafa aðgang að vatni og steinefnum.



Hanna og Illugi hugðust stækka blóðmerarstarfsemi og voru að reisa húsnaði til þess arna þar til í fyrra. Þau eru nú að endurhanna húsnaðið með heimasláturhús og kjötvinnslu í huga.



Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi – 40 ára

Kominn aftur á æskuslóðirnar

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson fæddist 6. september 1982 á St. Franciskuspítalanum í Stykkishólmi. „Ég ólst upp í Stykkishólmi í miklu návigi við fjölskylduna og átti á tímabili 15 ömmur og afa á lífi sem öll voru búsett í Hólminum og gott var að geta leitað til. Sterk fjölskyldutengsl og samheldni voru einkennandi fyrir uppvaxtarárin, sem hefur fylgt mér ætíð síðan. Móðurafi minn, Björgvin Kristján, og föðurafi, Jakob Kristinn, hjuggu báðir fram á fullorðinsár í Breiðafjarðareyjum og hef ég því ávallt haft sterkar taugar til eyjanna í firðinum.“ Þegar Jakob var á sextánda aldursári flutti hann ásamt fjölskyldu sinni frá uppeldisstöðvunum í Stykkishólmi til Rangárbings ytra.

Sem barn og unglingur stundaði Jakob Björgvin allar þær íþróttir sem hann komst yfir að sinna. Má þá helst telja til körfubolta og hestaíþróttir auk þess sem fótballi bættist við síðar á lífsleiðinni. Hann starfaði við tanningar lengi vel fram eftir aldri, samhliða námi. Starfaði hann þá bæði með Guðmundi uppeldisföður sínum sem og til sveita. Þar á meðal var hann við störf á unglingsárum sínum á sveitabænum Hamrandum í Dalasýslu. Sem unglingur keppti Jakob í íþróttum fyrir UMF Snæfell og Hestamannafélagið Snæfelling auk þess að hafa um tíma keppt í frjálsum íþróttum undir merkjum Ungmennafélags Ólafs Pá í Búðardal.

Tuttugu og tveggja ára hóf Jakob Björgvin að æfa fótballa hjá Knattspyrnufélagi Árborgar. „Það gerir mig að fyrsta og eina uppalda leikmanni félagsins. Þar spilaði ég í tíu ár, eða frá 2004 til 2014, við góðan orðstír og er einn af leikjahæstu leikmönnum félagsins, ásamt því að bera fyrirlíðaband Árborgar um tíma.“ Jakob varð meðal annars leikmaður ársins hjá félaginu árið 2004 og var tilnefndur sama ár í kjöri íþróttamanns Árborgar.

Á sínum yngri árum stundaði Jakob Björgvin nám við Tónlistarskóla Stykkishólms. Þar lærði hann á harmóníku hjá Hafsteini Sigurðs-



Í Helgafellssveit Jakob eldri og yngri staddir á Grákúlu í maí 2022.



Systurnar Móeiður Dröfn og Eva Sigríður í september 2022.

syni í Stykkishólmi. Síðar nam hann hjá Grétari Geirssyni harmóníkleikara í Rangárbingi ytra. Jakob spilaði á ýmsum harmóníkumótum. „Mér er eitt slíkt mót ansi minnisstætt. Það var mót sem haldið var í Galtalækjarskógi árið 1992 þar sem ég hlaut viðurkenningu sem yngsti harmóníkuleikari mótsins. Sú viðurkenning varð mér hvatning til frekara náms.“ Síðan hefur Jakob



Bræðurnir Jakob Elfi og Guðmundur Breki í Flatay í júlí 2022.

m.a. komið fram og spilað á nikkuna á Iceland Airwaves og ýmsum bæjarhátíðum.

Jakob sótti framhaldsnám í Fjölbrotaskóla Suðurlands áður en hann flutti búferlum til Reykjavíkur þar sem hann lagði stund á lögfræði í Háskólanum í Reykjavík og lauk meistaraþrófi þaðan árið 2010. Þá hefur hann verið með virk lögmannsréttindi frá árinu 2013. Á námsárum

sínum sat Jakob m.a. í stjórn Lögrettu, félags laganema við HR.

Eftir háskólanámið starfaði Jakob meðal annars hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og skattstjóranum í Reykjavík áður en hann gerðist verkefnastjóri hjá endurskoðunar- og ráðgjafarfirmunum Deloitte. Hann starfaði síðan um árabil sem lögmaður á höfuðborgarsvæðinu. Hann hefur einnig sinnt kennslu á sviði fyrirtækja- og skattaréttar í HÍ. Jakob hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir félagasamtök og setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja.

Árið 2018 flutti Jakob svo aftur á heimaslóðir í Stykkishólmi og tók við starfi bæjarstjóra Stykkishólmsbæjar. „Ég er gífurlega þakklátur fyrir það traust sem mér er gefið til að móta samfélagið sem ól mig upp á sínum tíma.“ Í dag starfar Jakob Björgvin sem bæjarstjóri sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar, en sveitarfélögin sameinuðust á þessu ári.

Áhugamál Jakobs eru m.a. golf, útivist með fjölskyldunni, hestamennska og veiðar. „Ég hef samt ekki haft mikinn tíma undanfarin ár til að sinna áhugamálunum, nema þá útivist með fjölskyldunni. Hef t.d. ekki stundað fluguveiði að neinu ráði síðastliðin 10 ár. Ég reyni hins vegar að fara í lok ágúst á hverju ári í Veiðivötn með fjölskyldunni og veiði þar bæði á stöng og net ásamt því að fara annað slag með litlu guttana að veiða á Breiðafirði. Það gefst nægur tími til að sinna öðrum áhugamálum síðar á lífsleiðinni þegar um hægist.“

Fjölskylda

Sambýliskona Jakobs er Soffía Adda Andersen Guðmundsdóttir, f. 24.11.1994, ML nemi í lögfræði. Þau eru búsett í Stykkishólmi. Foreldrar Soffíu eru hjónin Ragna Ragnarsdóttir, f. 24.2.1969, aðstoðarmaður tannréttingalækni, og Guðmundur Ólafur Einarsson, f. 4.11.1961, rennismiður. Þau eru búsett í Hafnarfirði.


Dóttir Jakobs og Huldu Drafnar Atladóttur f. 25.6.





Morgunblaðið, 06.09.2022, síðu 24
grein stærð: 233.90 sm²
grein hæð: 22.59 sm

Ett Jakobs Björgvins Jakobssonar




1982, er Eva Sigríður, f. 5.6. 2004, nemi, búsett á Selfossi. Maki hennar er Jakob Zielke, öryggisvörður hjá Öryggismiðstöðinni. Börn Jakobs og Soffíu eru Jakob Elí, f. 31.8. 2016, Guðmundur Breki, f. 27.2. 2019, og Móeiður Dröfn, f. 11.4. 2022.

Systkini Jakobs, sammæðra, eru Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson, f. 25.12. 1988, kennari og athafnastjóri, búsettur á Laugalandi í Holtum; Lárus Jóhann Guðmundsson, f. 3.1. 1990, tanningamaður og húsasmiður, búsettur á Stekkhólum í Holtum; Ólafur Logi Guðmundsson, f. 3.12. 1996, húsasmiður, búsettur á Selfossi. Bróðir Jakobs samfeðra er Aron Hansen Jakobsson, f. 15.9. 1997, verkamaður, búsettur í Reykjanesbæ. Stjúpysstir Jakobs er

Hólmsfríður Hansen Ingólfssdóttir, f. 28.3. 1996, aðstoðarmaður dýralæknis, búsett í Reykjanesbæ.

Foreldrar Jakobs eru Sigríður Dröfn Björgvinsdóttir, f. 3.7. 1964, verkakona og síðar höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferðaraðili, búsett í Árbæ í Holtum ásamt eigingmanni sínum, Guðmundi Ólafi Bæringssyni, og Jakob Ingi Jakobsson, f. 12.9. 1962, lögmaður, búsettur í Stykkishólmi. Var í sambúð með Sigríði Dröfn til 1985. Stjúpfaðir Jakobs frá fimm ára aldri er Guðmundur Ólafur Bæringsson, f. 17.1. 1967, tanningamaður og bústjóri í Árbæ. Foreldrar Guðmundar eru hjónin Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson og Jóna Gréta Magnúsdóttir, búsett í Stykkishólmi.



Morgunblaðið, 17.09.2022, síðu 12
grein stærð: 462.11 sm²
grein hæð: 17.91 sm

Orka og áburður í grænum iðnaði

- Orkídea athugar möguleika á framleiðslu á áburði og lífgasi í tveimur sveitarfélögum á Suðurlandi
- Auðlindastraumar fullnýttir í grænum iðngörðum ● Víða um land unnið að slíkum verkefnum

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

„Við teljum að þessi hugmyndafræði eigi mjög vel við í dag, að leita allra leiða til að auka virkni hringrásarhagkerfisins,“ segir Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Orkídeu, samstarfsverkefnis um nýsköpun á Suðurlandi. Orkídea kannar nú, samkvæmt viljayfirlýsingu við viðkomandi sveitarfélög, möguleika á starfsemi í grænum iðngörðum í Bláskógabyggð og Rangárþingi ytra.

Grænir iðngarðar eru atvinnusvæði sem styðja við sjálfbærni með því að innleiða félagsleg, efnahagsleg og umhverfisleg sjónarmið við skipulagningu, stýringu og framkvæmd. Grænn iðngarður er liður í því að byggja upp hringrásarkerfi í framleiðslu. Þeir eru gjarnan í skjóli annarrar starfsemi og nýta varma eða aðra auðlindastrauma eða koma sams konar hráefni til annarra, til þess að lágmarka úrgang.

Hugmyndin er ekki alveg ný af nálinni hér á landi og má benda á fjölda fyrirtækja í Auðlindagarði HS Orku á Reykjanesi og Jarðhitagarði Orku náttúrunnar á Helliheiði. Verið er að skoða þessa möguleika á Bakka við Húsavík þar sem kísilver PCC er staðsett, á Blönduósi þar sem glatvarmi er tiltækur í gagnaveri og á Reyðarfirði og Grundarfirði í tengslum við álver.

Unnið með garðyrkjunni

Verkefnið á Suðurlandi eru rétt að



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Garðyrkja Grænmetisrækt eða önnur matvælaframleiðsla er í forgrunni þegar rætt er um græna iðngarða.

hefst. Þrjár stórar garðyrkju-stöðvar standa að vinnunni í Reykholti með Bláskógabyggð og Orkídeu. Sveinn segir að stöðvarnar noti

sem svarar til sex MW raforku og geti fallið undir skilgreiningu á orku-frekri grænni stóriðju.

Verkefnið gengur út á það að að-

stoða fyrirtækin og sveitarfélagið við að auka hringrás lífrænna strauma í þessum fyrirtækjum og í sveitarfélaginu öllu. Fyrsta skrefið er að

skoða möguleika á að framleiða áburð og lífgas úr lífrænum úrgangi frá garðyrkjunni og sömuleiðis úr úrgangi frá hefðbundnum bænda-býlum í nágrenninu.

„Það eru augljóslega möguleikar á báðum svæðum, einmitt á þeim tímum þegar áburðarverð hefur tvöfaldað og olía sem notuð er í landbúnaði hefur sömuleiðis hækkað mikið. Þess vegna leggjum við áherslu á lausnir sem gætu skilað áburði og orku,“ segir Sveinn.

Leita að stórum framleiðanda

Verkefnið í Rangárþingi ytra er á svipuðum nótum. Þar er mikil matvælaframleiðsla, meðal annars kjúklingarækt og kjúklingavinnsla á Helli og nágrenni, mikil kartöflurækt í Þykkvabæ og stór kúa- og sauðfjárbú. Þar verða skoðaðir möguleikar á áburðar- og lífgasframleiðslu.

Ástæðan fyrir því að þessi vinna fer fram í Rangárþingi ytra en ekki annars staðar á Suðurlandi er að Landsnet hefur sett upp nýjan tengipunkt til að afhenda raforku í Lækjartúni, skammt austan við Þjórsá. Skapar það alveg nýja möguleika þar.

Unnið verður að því að finna stóran matvælaframleiðanda sem gæti með tímanum laðað að sér önnur fyrirtæki sem vildu nýta strauma frá stóra fyrirtækinu eða afhenda enn öðrum. Ýmislegt kemur til greina, að mati Sveins. Sem dæmi nefnir hann stóran framleiðanda í garðyrkju eða fiskeldi á landi.



ENGLAÐORIN



Morgunblaðið, 29.09.2022, síðu 4
grein stærð: 157.51 sm²
grein hæð: 15.11 sm

Uppbygging Loos kærð enn á ný

● Framkvæmdir hafnar við þvottastöð

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

Uppbygging malasíska athafnamannsins Loos Eng Wah á ferðabjónustu á Leyni 2 og 3 í Landsveit er enn á ný komin á ís. Skipulagsstofnun sendi frá sér endurskoðaða ákvörðun í júní um mat á því hvort uppbygging hans þyrfti að fara í umhverfismat. Niðurstaðan var að ekki þyrfti umhverfismat.




Loo Eng Wah

Nágrannar Loos, sem hafa barist gegn uppbyggingunni, kærðu þessa endurskoðuðu ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og nú er niðurstöðu hennar beðið.

Eins og Morgunblaðið hefur greint frá hefur Loo síðustu þrjú ár unnið að uppbyggingu á svæðinu. Þar á að reisa allt að 200 fermetra bjónustuhús fyrir tjaldsvæði, allt að 800 fermetra byggingu fyrir veitingastað, verslun, móttöku og fleira og allt að 45 gestahús á einni hæð,

sum þeirra 60 fermetra að stærð og kúluhús við hvert og eitt.

Þetta eru síður en svo einu áform Loos um uppbyggingu ferðabjónustu í Rangárþingi ytra. Framkvæmdir eru þegar hafnar við byggingu fjölorku- og þvottastöðvar á Faxaflötum sem er rétt sunnan við Suðurlandsveg, austan við Stractahóтелиð. Þá hefur Loo lagt fram teikningar vegna áforma við Miðvang 5 á Hellu, lóð skammt frá ráðhúsi bæjarins. Þar á að rísa þriggja hæða hús með verslunum á 1. hæð og íbúðum á 2. og 3. hæð. Að síðustu hefur hann kynnt áform sín á Rangárþakka 4. Þar verður þriggja hæða hús sem skiptist í hótelálmu og íbúðaálmu ásamt sérstæðu veitingahúsi við árbakkann. Athygli vekur að hið sérstæða veitingahús er kúluhús glerhýs og tónar útlit þess við áform Loos á Leyni. „Þetta er norðurljósa-hús. Það er mikið kallað eftir því núna, sérstaklega af ferðamönnum úr austri,“ segir Haraldur Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings ytra. Þá hefur Loo farið þess á leit við sveitarfélagið að lóðin gegnt fyrirhuguðu hóтели verði heimiluð undir bílastæði.



Eimverk Distillery:

Tífalda framleiðsluna á 10 árum

Eimverk stefnir að því að tífalda framleiðslu sína á viskú og öðrum sterkum vínnum á næstu tíu árum. Samhliða aukningunni ætlar fyrirtækið að tífalda ræktun á byggi. Auk þess sem það stundar tilraunæræktun á kúmeni.

Eva María Sigurbjörnsdóttir, framleiðslustjóri Eimverks, segir að hugmyndin sé að tífalda framleiðsluna af hreinum spíra á næstu tíu árum. „Það er nógur markaður fyrir vörunni og nóg til af landi til að auka ræktun á því byggi sem þarf til framleiðslunnar.“

Hámarksframleiðsla

Að sögn Evu ræktar fyrirtækið sjálft allt sitt bygg. „Í dag erum við að nota í kringum 100 tonn af byggi til að framleiða 40 þúsund lítra af hreinum spíra. Við þurfum því að auka ræktunina tífalt á næstu tíu árum til að ná markmiðinu um að auka framleiðsluna tífalt eða í þúsund tonn.“ Eimverk var stofnað árið 2009 og fyrstu vörur þess fóru á markað fjórum árum seinna. Vöxtur fyrirtækisins hefur verið hraður og nú er svo komið að það hefur náð hámarksframleiðslu með núverandi tækjabúnaði.

Markaður um allan heim

„Til þess að áformin gangi eftir þurfum við að bæta við okkur tækjum þar sem við erum í dag komin í hámarksframleiðslu með þeim tækjum sem við eigum. Næsta skref er að kaupa stærra kopareimingartæki og bæta framleiðsluferlana hjá okkur og skella okkur í að auka framleiðsluna.“

Eva María segir að í dag selji fyrirtækið yfir 90% framleiðslunnar erlendis. „Stærsti markaðurinn okkar er í Evrópu og sérstaklega í Þýskalandi en við erum líka að selja til Kína, Japan og Ástralíu. Við höfum verið róleg við að koma okkur á Bandaríkjamarkað þar sem við höfum einfaldlega ekki getað framleitt nóg til að sinna þeim markaði.“

Tífold ræktun á byggi

Eimverk á jörðina Bjálmholt í Holtum sem er 270 hektarar að stærð. „Jörðin hentar ekki öll til bygggræktar þar sem hún er mikið mýrlandi. Við leigjum Akra af Landgræðslunni í Gunnarsholti til að hafa aðgang að sendnum jarðvegi á móti mýrjarjarðveginum í Bjálmholti og svo höfum við einnig aðgang að landi við Læk í Rangárþingi ytra. Ástæðan fyrir því að við viljum



Næsta skref er að kaupa stærra kopareimingartæki og bæta framleiðsluferlana.



Eva María Sigurbjörnsdóttir, framleiðslustjóri Eimverks.

dreifa ræktuninni er til að draga úr áhættunni, því ef það eru þurr sumur virkar mýrjarjarðvegurinn vel en í blautum sumrum er betra að rækta í sandi. Þegar ræktunin hefur gengið best hjá okkur erum við að fá 125 tonn af 30 hekturum þannig að við erum að tala um bygg af tæpum 300 hekturum til framleiðslunnar. Auk þess sem við höfum keypt bygg frá Sandhóli og Þorvaldseyri.“

Eimverk kaupir vinnu við þreskingu byggsins en þurrkar það sjálft sem gengur fyrir heitu vatni auk þess sem fyrirtækið á eigin hreinsara og flokkara.

Tilraunaverkefni í kúmenrækt

Eva María segir að auk þess að rækta bygg sé Eimverk með

tilraunaverkefni í ræktun á kúmeni. „Í ár fengum við um 700 kíló af óhreinsuðu kúmeni en á síðasta ári töpuðum við allri uppskerunni í vonskuveðri og fræin dreifðust allt í kringum akurinn og ekki itt einasta fræ eftir sem við gátum nýtt.“

Upprunalega fræið í tilraunæræktunina tindi Eva úti í Viðey á Kollafirði í Faxaflóa þar sem það vex villt eftir að það smitaðist út eftir að Skúli fógeti flutti það þangað til ræktunar. Auk þess sem Eimverk hefur notast við finnskt yrki í tilrauninni.


„Byggið sem við notum er allt íslenskt og grunnurinn að öllum spíranum sem við framleiðum en við notum kúmenið í brennivínið.“

/VH




Bjálmholt í Holtum.


Myndir / Eimverk




Viðskiptablaðið, 13.10.2022, síðu 28, 29
grein stærð: 1645.13 sm²
grein hæð: 34.75 sm



Fyrirmyndarfyrirtæki
Í REKSTRÍ
eftir byggðarlögum



Aðsetur Framúrskarandi fyrirtækja 2022



Höfuðborgarsvæðið

Reykjavík	343
Kópavogur	138
Hafnarfjörður	73
Garðabær	41
Mosfellsbær	19
Seltjarnarnes	5

Samtals: **875**

Aðsetur	Fjöldi	Aðsetur	Fjöldi	Aðsetur	Fjöldi	Aðsetur	Fjöldi
Reykjavík	343	Egilsstaðir	8	Garður	3	Reykholahreppur	2
Kópavogur	138	Höfn í Hornafirði	8	Grenivík	3	Siglufjörður	2
Hafnarfjörður	73	Ólafsvík	8	Mývatn	3	Stykkishólmur	2
Akureyri	44	Borgarnes	7	Neskaupsstaður	3	Hnífsdalur	1
Garðabær	41	Grindavík	7	Reyðarfjörður	3	Hólmavík	1
Reykjanesbær og Keflavíkurflugvöllur (1)	22	Dalvík	6	Þorlákshöfn	3	Hveragerði og Ölfus	2
Mosfellsbær	19	Hellissandur	6	Blönduós	2	Kópasker	1
Selfoss	19	Sandgerði	6	Dranganes	2	Patreksfjörður	1
Akranes	17	Hella	5	Eskifjörður	2	Stokkseyri	1
Sauðárkrókur	13	Seltjarnarnes	5	Fáskrúðsfjörður	2	Tálknafjörður	1
Húsavík	10	Bolungarvík	4	Grundarfjörður	2	Vík	1
Vestmannaeyjar	9	Flúðir	4	Hvammstangi	2	Vogar	1
		Ísafjörður	4	Raufarhöfn	2	Þórshöfn	1



Rangárvallasýsla:

Fallegt fé á degi sauðkindarinnar



Alltaf jafn gaman að þuklinu.



Benedikt í Djúpadal átti litfegursta lambið. Í lambið heldur Pia Rumpf.



Sara Ástþórsdóttir í Álfhólum er með ræktunarfingur og átti tvær efstu kollóttu gimbrannar og efsta kollóttu hrútinn. Tveir vaskir sauðfjárþændur halda hér í hrútinn fyrir hana og Sigurjón í Fellsmúla er kampakátur með annað sætið.



Fjölskyldan á Kaldbak með bikar fyrir ræktunarbú ársins 2021.

Dagur sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu var haldinn hátíðlegur 1. október síðastliðinn á Hellu.

Fjöldi fólks mætti með lömb til sýningar og voru 80 gimbrar dæmdar og 50 hrútar en bændum var leyfilegt að koma með fé af svæðinu milli Þjórsár og Markarfljóts. Þeir Pétur og Sigurður Anton dæmdu lömbin fyrir RML og voru lömbin falleg og stíguðust vel. Athygli vakti að langflest lömbin voru með yfir 30 mm bakvöðva en það var lágmarkið fyrir að fá að taka þátt. Margt fólk kom síðan til að vera við sýninguna og sjá fallegt fé og varð hátíðin hin besta. Ahugasamir fengu að taka á lömbunum og finna vöðvafyllingu og ullargæði með hinu heimsfræga „hrútaþukli“. Heyrðist á fólki að það sé alltaf toppurinn að fá að finna fyrir sjálfan sig og meta saman við sín eigin lömb. Fjölmargir styrktu daginn með framlögum og fyrirtæki gáfu gjafir í happdrætti sem alltaf er gríðarlega vinsælt. Verðlaunin voru handmáluð listaverk eftir Gunnhildi Jónsdóttur frá Berjanesi en myndirnar hennar eru fágætar að gæðum og gaman að fá slík verðlaun til að hengja upp heima hjá sér.

Niðurstöður voru eftirfarandi:

Kollóttir hrútar:

1. sæti nr 95 frá Álfhólum, eigandi Sara Ástþórsdóttir.
2. sæti nr 137 frá Fellsmúla, eigandi Sigurjón Bjarnason.
3. sæti nr 745 frá Teigi, eigandi Félagsbúið Teigi.

Hyrndir hrútar:

1. sæti nr 730 frá S-Úlfsstöðum, eigandi Sigríkur Jónsson.
2. sæti nr. 2001 frá Raftholti, eigandi Sigurjón Hjaltason.
3. sæti nr. 2054 frá Djúpadal, eigandi Lilja og Benedikt Djúpadal

Kollóttar gimbrar:

1. sæti nr 63 frá Álfhólum, eigandi Sara Ástþórsdóttir.
2. sæti nr. 38 frá Álfhólum, eigandi Sara Ástþórsdóttir.
3. sæti nr 27 frá Árbæ, eigandi Guðmundur Bæringsson.

Hyrndar gimbrar:

1. sæti nr. 2259 frá Hreiðri, eigandi Hjalti Sigurðsson.
2. sæti nr. 57 frá Teigi, eigandi Félagsbúið Teigi.
3. sæti nr 2029 frá Djúpadal, eigandi Lilja og Benedikt Djúpadal.

Við þökkum öllum sem komu og gerðu daginn eins góðan og hann varð en ekki síður þeim sem styrktu hátíðina. Það voru: Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Aurasel, Bílaverkstæðið Rauðalæk, Fóðurblandan, Hellismenn ehf., Lava 47, Lífland, Midgard, Skálakot, Sláturfélag Suðurlands, Teigur Fljótshlíð, Valdís, Hvolsvelli og Uppspuni Smáspunaverksmiðja.

Félag sauðfjárþænda í Rangárvallasýslu.



Hvað líður endurskoðun á sauðfjársamningi?

Líkt og bændur vita þá líður að næstu endurskoðun sauðfjársamnings, hún á að fara fram á árinu 2023.



Trausti Hjálmarsson.

Í aðdraganda endurskoðunar er ágætt að staldra við og skoða hvað betur má fara í okkar umhverfi. Við síðustu endurskoðun voru gerðar ákveðnar breytingar á framkvæmd samningsins, kvótamarkaður var settur á laggirnar með greiðslumark og hefur það fyrirkomulag reynst vel. Það má með sannni segja að söguleg sátt ríki meðal sauðfjábænda um fyrirkomulag greiðslna til bænda.

Það sýnir afdráttarlaus stuðningur bænda við tillögur á tveimur stórum aðalfundum samtaka sauðfjábænda þar sem lagt var til að stöðva niðurtröppun greiðslumarks. Greiðslumarkið hefur þann kost umfram aðrar greiðslur að þar geta bændur skapað sér greiðslugrunn til framfærslu búans, lakari meðalvigt, minni ull, meiri vanhöld lamba og margar aðrar utanaðkomandi aðstæður hafa ekki áhrif á þessar greiðslur til bænda. Tekjugrunnur eða tekjutrygging hvers konar til bænda hlýtur alltaf að vera af hinu góða.

Líkt og kom fram í skýrslu Byggðastofnunar, sem gefin var út í maí 2022, þá var, og er enn, ríkjandi afkomuótti á meðal sauðfjábænda. Það er atriði sem við verðum að taka alvarlega. Það er beinlínis óvarlegt og óskynsamlegt að færa fjármuni á milli liða nú um næstu áramót, þegar það hefur jafnvel lítið annað í för með sér en að auka á óryggi bænda hvað varðar afkomu.

Stöldrúm heldur við, leyfum hinni sögulegu sátt að ríkja og göngum til endurskoðunar þar sem markmiðið verður að bæta lífsgæði sauðfjábænda, ekki að hringla með lífsafkomu þeirra frá ári til árs.

Bændasamtök Íslands óskuðu eftir því við Svandísi Svavarsdóttur landbúnaðarráðherra að gerð yrði breyting á Samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar, þannig að tilfærsla af greiðslumarki yfir á aðra liði samningsins myndi stöðvast.

Beiðnin byggði á ályktunum frá framhaldsaðalfundi LS sem haldinn var 11. nóvember 2021. Þar var eftirfarandi tillaga samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Sýslur	Munur á 2022 og 2023 greiðslum	Munur á 2022 og 2026 greiðslum
13. Múlasýslur	-11.100.633	-22.695.289
09. Skagafjarðarsýsla	-9.345.540	-19.012.510
12. Norður-Þingeyjarsýsla	-8.040.937	-16.377.238
11. Suður-Þingeyjarsýsla	-4.013.652	-8.300.358
04. Dalasýsla	-2.678.888	-5.662.396
07. Vestur-Húnavatnssýsla	-2.080.405	-4.575.268
05. Ísafjarðarsýslur	-1.573.714	-3.360.097
10. Eyjafjarðarsýsla	-1.315.099	-2.791.252
06. Strandasýsla	-1.257.845	-2.653.414
01. Gullbringu- og Kjósarsýsla	-766.781	-1.549.190
17. Árnessýsla	-296.369	-752.236
03. Snæfellsnessýsla	-256.121	-549.071
08. Austur-Húnavatnssýsla	493.068	681.770
15. Vestur-Skaftafellssýsla	464.912	772.766
14. Austur-Skaftafellssýsla	1.254.474	2.367.266
16. Rangárvallasýsla	1.950.677	3.757.235
02. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	3.390.742	6.526.593

Taflin hér að ofan sýnir greiningu Bændasamtaka Íslands á áhrifum þeirra breytinga sem verða á sauðfjársamningnum milli árunna 2022 og 2023, annars vegar og hins vegar 2022 og 2026, eftir sýslum. Útreikningar byggja í öllum tilvikum á grunni útteilingar ársins 2022 en forsendum árunna 2023 og 2026.

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjábænda haldinn 11. nóvember 2021 skorar á stjórn BÍ að endurskoða nú þegar gildandi samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar með það að markmiði að stöðva fyrirhugaða niðurtröppun á greiðslumarki sem koma á til framkvæmda 2023.

Málið var síðan talsvert rætt á búgreiðningi deildar sauðfjábænda sem haldið var 3.–4. mars síðastliðinn. Þar var einnig samþykkt með miklum meirihluta eftirfarandi tillaga:

Endurskoðun samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar: Fari fram sem fyrst og að endurskoðun verði lokið fyrir 1. janúar 2023. Að öðrum kosti að tilfærsla af greiðslumarki yfir á aðra liði samningsins stöðvist þar til endurskoðun hefur verið lokið. Leitast verði við að samningur um starfsskilyrði sauðfjábænda geri miklar sveiflur í afkomu sauðfjábænda ólíklegru og

innifeli stjórnþeki til að takast á við sveiflur þegar þær verða.

Erindi byggt á þessum tillögum var sent til ráðherra landbúnaðarmála 6. apríl og óskað eftir fundi til að fara yfir forsendur málsins.

Ráðuneytið boðaði til fundar 22. ágúst, þar sem erindið var rætt efnislega. Ekki kom fram eiginleg lokaniðurstaða á þeim fundi.

Bændasamtök Íslands ítrekuðu beiðnina í öðru erindi sent 4. október. Í svari, sem barst 11. október, kom fram að ráðuneytið féllist ekki á beiðni um breytingar á samningnum að svo stöddu, en jafnframt vísað til þess að á næsta ári fari fram endurskoðun á sauðfjársamningi.

Fyrirhuguð breyting á sauðfjársamningi 2023–2026

Bændasamtökin telja að þær breytingar sem verða á tilfærslu milli liða í samningnum á næstu árum færi stuðning frá svæðum sem njóta svæðisbundins stuðnings og hafa minni tækifæri til annarra

tekuöflunar. Þessi breyting vinnur því gegn þeim lið samningsins sem markvisst er ætlað að styðja við byggð á viðkvæmum svæðum landsins.

Yfirlit yfir þessa greiningu má sjá í meðfylgjandi töflu.

Breytingar sem gerðar voru á sauðfjársamningnum árið 2021 sköpuðu ákveðna sátt. Má þar sérstaklega nefna innlausnarmarkað með greiðslumark. Þar er tryggt að þeir sem eiga hlutfallslega lítið greiðslumark njóti forgangs við slík kaup. Framkvæmd markaðarins hefur styrkt vilja bænda til að halda áfram að byggja sauðfjársamninginn á greiðslumarki.

Það verður að segjast að það eru talsverð vonbrigði ef niðurstaðan verður sú að ekki verði farið að vilja bænda og þar með rofin sú sögulegu sátt sem um greiðslumarkið ríkir. Við höfum trú á því að oft sé hægt að skipta um skoðun að betur ígrunduðu máli og skorum því á matvælaráðherra að gera slíkt nú.

*Trausti Hjálmarsson,
formaður deildar sauðfjábænda.*



SKÍÐADAGAR

20-60% AFSLATTUR

SKÍÐI

SKÍÐAHJÁL MAR

SKÍÐAFATNAÐUR

Morgunblaðið, 29.10.2022, síðu 16
grein stærð: 413.56 sm²
grein hæð: 15.91 sm

Þjótandi rýkur upp á Gaddstaðafötum

ÚR ÆJARLÍFINU

Óli Már Aronsson
Hellu



Framkvæmdir standa nú yfir við fyrsta áfanga stækkunar grunnskólans á Hellu. Grunnflötur stækkunarinnar er 520m² og hljóðaði kostnaðarættun upp á 390 millj. króna. Reiknað er með að stækkunin komist í notkun haustið 2023. Ekki veitir af að styrkja innviðina því íbúafjöldun nam 3.5% á síðasta ári og er orðin sú sama á þessu ári. Aukin eftirspurn er eftir byggingarlóðum og stendur til að bjóða út nýjar gatnaframkvæmdir á næsta ári til að mæta henni.

Fulltrúar Á-lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra leggja til að komið verði á fót hverfaráðum í Rangárþingi ytra. Í greinargerð með tillögnum segir að eitt meginverkefni sveitarstjórnar sé að vinna að gagnsæri og opinni stjórnsýslu. Einnig að tryggja skilvirgni í þjónustu við íbúa og atvinnufyrirtæki í sveitarfélaginu og gefa íbúum möguleika á að koma að stefnumótun og ákvörðunum sveitarstjórnar.

Hverfaráðin verði samráðsvettvangur íbúa en hafi ekki endanlegt vald til ákvarðana eða fjárhúthlutana. Það er skoðun flytjenda tillögunnar að með stofnun hverfaráða í sveitarfélaginu skapist mikilvægur vettvangur fyrir íbúa til að hafa meiri áhrif á sitt nánasta umhverfi auk



Morgunblaðið/Óli Már Aronsson

Gaddstaðaflatir Aðstöðuhús fyrir starfsemi verktakafyrirtækisins Þjótanda rýkur upp þessa dagana. Húsið er um 1.800 fermetrar að flatarmáli.

þess að þau skapi gott tækifæri til þess að efla og styrkja samskipti íbúa og sveitarstjórnar.

Frystihólf í Þykkvabæ hafa nú verið rekin í fjölda ára með útleigu til einstaklinga. Ljóst er að búnaður í frystigeymslum í Þykkvabæ er úr sér genginn og fer að kalla á verulegt viðhald eða endurbætur. Byggðaráð leggur til að frystigeymslan verði rekin áfram út ágúst 2023 með þeim fyrirvara að ekki þurfi að ráðast í kostnaðarsamar aðgerðir á búnaðinum, komi til þess að hann bili. Frystihólfín hafa alltaf verið rekin með tapi og ekki er hægt að treysta á að þeim verði haldið gangandi mikið lengur. Notendur þurfa því að vera viðbúinir því að tæma frystihólfín, komi til bilunar.

Rangárþing ytra hlýtur gull-

merki Jafnvægisvogarinnar. Jafnvægisvogin veitti viðurkenningar til fimmtíu og níu fyrirtækja, sex sveitarfélaga og ellefu opinberra aðila úr hópi þeirra 209 þátttakenda sem hafa undirritað viljayfirlýsingu. Markmið Jafnvægisvogar um 40/60 kynjahlutfall í efsta stjórnendalagi var haft til hliðsjónar við matið. Stór hluti þeirra þátttakenda sem hafa skrifað undir viljayfirlýsingu Jafnvægisvogarinnar hafa náð góðum árangri á þessu sviði og fjölgaði þeim þátttakendum, sem hafa náð markmiðunum, um 23 á milli ára.

Þjótandi ehf. er nú að byggja gríðarstórt aðstöðuhús fyrir starfsemi sína austan við veginn að Gaddstaðafötum. Húsið er um 1.800 fm að stærð og kemur til með að kosta nokkur hundruð milljónir króna. Þjótandi er stórt verktakafyrirtæki

með heimilisfang á Hellu. Á sama svæði er Þjótandi að koma fyrir olíutönkum í jörð og byggja púða undir nýja bensínstöð Orkunnar. Þar verður einnig rafhleðslustöð og sjálfvirk þvottastöð.

Kaldbakur er sauðfjárræktunarbú ársins 2021 í Rangárvallasýslu.

Í upphafi mánaðarins var mikil stemning á Hellu þegar Dagur sauðkindarinnar var haldinn hátíðlegur í Rangárhöllinni. Mikill drifkraftur er í sauðfjárrækt í Rangárvallasýslu og mikill metingur á meðal bænda um það hver ræktar besta féð. Það var múgur og margmenni í Rangárhöllinni að skoða fallegt sauðfé úr Rangárvallasýslu, auk þess sem keppt var í nokkrum flokkum. M.a. var ræktunarbú ársins verðlaunað en það er búið á Kaldbak á Rangárv-

völlum hjá þeim Sigríði Heiðmundsdóttur og Viðari Steinarssyni. Þess má geta að þau hlutu landgræðsluverðlaunin fyrr í sumar.

Nýtt hesthúsaferfi er farið að byggjast upp á Hellu. Það liggur austan við Rangárhöllina og eru nokkuð margar lóðir tilbúnar þar. Áður var komið eitt hesthús og a.m.k. þrjú önnur eru nú í byggingu. Nokkrum fjölda lóða hefur verið úthlutað.

Hótel Rangá er besta hótelið á Íslandi að mati lesenda bandaríska ferðatimaritsins *Travel Leisure*, Blue Lagoon Retreat er í öðru sæti en Fosshótel við Jökulsárlón er í því þriðja. *Travel Leisure* er eitt virtasta ferðatimarit heims og er með yfir 9,2 milljónir lesenda í hverjum mánuði.



Singles' Day
Allt að 90% afbætur!

11.11

Lýkur á miðnætti!
heimkaup

Fréttablaðið, 11.11.2022, síðu 2
grein stærð: 83.86 sm²
grein hæð: 16.87 sm



Lengsti leggur keppinnar telur 86,5
kilómetra. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Opinbera leiðina gegn vilja haldara

benediktboas@frettabladid.is

RALLÝ Forsvarsmenn CanAm Iceland Hill Rally fóru þess á leit við sveitarstjórn Rangárbings ytra að halda leiðarlýsingunum fyrir sig, enda fer rallíið þannig fram að keppendur eru ekki upplýstir um nákvæma leiðarlýsingu og tíma-
setningu fyrr en daginn fyrir keppn-



**Lengsti leggurinn telur
tæpa 87 kílómetra.**

ina. „Förum við góðfúslega fram á að leiðarlýsing verði ekki gerð opinber á vef sveitarfélagsins,“ segir í bréfi forsvarsmanna rallýsins.

Sveitarfélagið hunsaði þó þessa beiðni og geta allir þeir sem vilja séð leiðirnar sem á að aka á vef sveitarfélagsins.

Stefnt er að því að halda keppnina á torfærum vegum þar sem notast verður við jeppa og skráðar og tryggðar buggy-bifreiðar. ■



Bændablaðið, 17.11.2022, síðu 10
grein stærð: 51.18 sm²
grein hæð: 5.01 sm


Hjólreiða- og göngustígur milli Hellsu og Hvolsvallar?

Nú eru uppi hugmyndir um að leggja hjólreiða- og göngustíg á milli Hellsu og Hvolsvallar samhliða lagningu jarðstrengs Landsnets milli Hellsu og Rimakots við Hvolsvöll við þjóðveg eitt.

Um 10–12 kílómetra malbikaða leið væri að ræða. Samkvæmt

kostnaðaráætlun kostar verkið um 171 milljón króna en 50% styrkur fæst á móti frá Vegagerðinni. Unnið verður áfram í málinu og vonast til þess að ákvörðun í því liggi fljótlega fyrir frá sveitarstjórnnum Rangárþings eystra og Rangárþings ytra.

/mhh




Fróðleiksmolar um perlur Suðurlands

Skírnr Garðarsson

Mig langar til að deila með ykkur bíltúr á Suðurlandi, á virkum degi, í rigningarhraglanda. Fyrst nöldur, svo hrós og góðar ábenningar. Þá styttr upp og fer að sjá til sólar.

Ekið er rakleiðis austur að Þjórsá, reyndar með töfum við Ölfusárbrú og umferðar-teppu á Selfossi. Við erum komin í Rangárþing, þar bíða okkar hraðamælingar á Markarfljótsaurum og rukkun á bílastæðagjaldi við Seljalandsfoss. Þá er haldið austur undir Eyjafjöll og allt austur í Mýrdal. Þar er hægt að komast á salerni við Reynisfjöru, gegn vægu gjaldi sem afgreitt er með kreditkort, eins gott að muna pin-númerið þar á sprengnum. Umferðaröngþveiti einkennir staðinn og lítill friður á salerninu vegna fjölda þeirra sem þangað vilja komast.

Nú er snúið við og ekið upp í Fljótshlíð, þaðan aftur niður á hringveginn og upp í Hreppa. Við Gullfoss og Geysi er örtröð. Þá er bara að skella sér niður Grímsnes og við Keríð tekur stór rúta fram úr langri bílaröð og skapar lífshættu. Við Keríð bíður ný rukkun. Þá liggur leið á Þingvöll. Ný rukkun þar, vei þeim



Skírnr Garðarsson

sem ekki borga, öryggismyndavélar út um allt. Erlendir ferðamenn spyrjast fyrir um hvar megi kafa. Rigningin ágerist og Óxará er í vexti. Þar var konum drekkt til forna, en sauðþjófur dæmdir til gálkans. Best að hypja sig yfir Mosfellsheiðina og láta þetta duga.

Nánast hvergi hitti maður fyrir íslenskumælandi fólk, enda

» Bíltúrin um Suðurland einkenndist af þungri umferð og við Keríð tók stór rúta fram úr ... en Suðurland heillar samt.

ekki við því að búast að Íslendingar leggi á sig svona lagað hringisól, hvað þá að landinn vinni í bransanum. Skálholti er hlíft við heimsókn, enda lítið að sjá þar nú orðið nema Duster. Þar er víst rukkað líka og meira að segja biskupsfrú rukkud þar fyrir örfáum árum, er hún vildi vitja leiðis í kirkjugarði staðarins.

Heimkominn í bæinn hugsar maður sitt, – en til að bæta úr skák vil ég deila með ykkur örlitum molum af jákvæðni.

Guðni Ágústsson og Bjarni Harðarson hafa haldið orðspori Suðurlands á loft um langa hríð, enda báðir sprotnir úr framsæknum jarðvegi landshlutans. Þá má og nefna Þórð heitinn Tómasson, Ragnar Böðvarsson, Guðmund Danielsson og fleiri góða penna.

Þeir hafa í bókum sínum bent á marga áhugaverða staði, sem ekki beinlínis eru á gullna hringnum (les: alfaraleið.). Hafandi þjónað Sunnlendingum um árabíl sem héraðs- og afleysingaprestur vil ég nefna nokkra staði líka, og leggja þar með í púkkið.

Pykkvibær er gersemi. Hábjarkirkja er yndisleg, – og umhverfið allt úti í Háfshverfi heimsóknar virði. Árbæjarhellisafleggjarinn vestan Hellu er ægífagur, að maður minnst ekki á vegarslóðann yfir hjá Steinkrossi og að Selsundi.

Hagahringurinn svokallaði er líka vel falin gersemi, Holtin leyna á sér og hvergi betra að sötra nestiskaffi en þar. Vegurinn að Gamla Akbrautarholti illfær, en þar á holtinu er ein fegursta útsýn sunnanlands.

Arnessýslumegin er náttúrlega Hrunakrókurinn gamli alger útivistarparadís, beygt til hægri við prestssetrið og ekið inn milli ásanna. Einnig er Laugakrókurinn fallegur, svo ekki sé minnst á eyðibýlið Jötu, en þangað er vandratað nú vegna þess að sú jörð er í eyði. Jata var talið fallegasta bæjarstæði sunnanlands.

Bæirnir á láglandi Guðna í Flóanum, til dæmis Oddgeirshólar og Birnustaðir á Skeiðum, eru þó vel samkeppnishæfir, einnig bæirnir Fjall og Skollagróf í Hreppum, ægífegur bæjarstæði.


Gaman er að skoða þetta allt saman, sums staðar er ljóst að landslagið hefur valið landnámsfólkið, en ekki fólkið staðina, svo öflug eru bæjarstæðin.

Bíltúr um Suðurland er gefandi, en varið ykkur í umferðinni.

Séra Þórður gamli í Reykjadal var meðvitaður um hættur sem að vegfarendum kunna að steðja. Sagt er að hann hafi beðið Guð almáttugan að fara fyrir sig í afleysingu að húsvitja sveitabæ einn á Suðurlandi, en sjálfur komst hann ekki vegna lasleika. Lagði klerkur hart að himnaföðurnum „að vara sig á henni Kotlaugakeldu“, en hún var farartálmi í vorleysingum í Hreppunum.

Slysalaus umferð er allra hagur. Góða ferð.

Höfundur er prestur.



Mikilvægt að vanda vel til verka

● Vinna Orkustofnunar við virkjanaleyfi fyrir Hvammsvirkjun er á lokastigi ● Nærri eitt og hálf tölva ári er liðið frá því umsóknin var lögð fram ● Tafir eru sagðar vera vegna umfangs og anna við aðrar umsóknir

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Vinna við útgáfu virkjanaleyfis fyrir Hvammsvirkjun í neðri hluta Þjórsár er á lokastigi. Drög að ákvörðun Orkustofnunar voru send Landsvirkjun 27. nóvember og eru þau í yfirllestri hjá fyrirtækinu. Nú er liðið

nærri hálf tölva ári frá því Landsvirkjun sótti um leyfið.



Halla Hrund
Logadóttir

Landsvirkjun sótti um virkjanaleyfi fyrir Hvammsvirkjun 11. júní á síðasta ári. Vinna við greiningu umsóknar hófst þó ekki fyrr en í janúar á þessu ári. Síðan hefur umsóknin verið í ferli, eins og sjá má á tímalínu sem birt er hér með, og samskipti verið milli stofnunar og fyrirtækis. Orkustofnun hefur verið gagnrýnd fyrir seinangang við málið.



Fyrirkomulag Hvammsvirkjun verður efsta virkjunin í neðri hluta Þjórsár. Á tölvueikningu sjást stífla og lón og stöðvarhúsið á austurbakkanum.

„Við tökum alvarlega allar ábendingar um hvað betur megi fara, til dæmis varðandi langan málsmeðferðartíma,“ segir Halla Hrund Logadóttir, orkumálastjóri. Vegna langs og flókins aðdraganda að núverandi útfærslu á Hvammsvirkjun er útgáfa leyfis flókið og umfangsmikið verkefni, að því er fram hefur kom-

id í fyrri skýringum Orkustofnunar. Halla segir að þegar umsóknin barst hafi legið fyrir fjöldi annarra umsókna sem fyrst hafi þurft að afgreiða. Telur hún að eðlilegur gangur hafi verið í málsmeðferð, eftir að umsóknin var tekin til greiningar.

Samkvæmt reglugerð ber að taka ákvörðun um virkjanaleyfi innan

tveggja mánaða frá því öll gögn hafa borist stofnuninni, það er 9. nóvember. Stofnunin sendi Landsvirkjun bréf tveimur dögum áður en fresturinn rann út og tilkynnti að þrátt fyrir mikinn vilja næðist ekki að kynna drög að ákvörðun fyrir tilskilinn frest.

Stjórnsýslan efl

Halla Hrund svarar ekki beint spurningu um það hvort eitt og hálf tölva ári teljist eðlilegur tími við afgreiðslu umsókna um virkjanaleyfi. „Við höfum verið að fara yfir okkar innra starf, ráða til okkar nýtt fólk til að geta sinnt hlutverki okkar sem best og afla aukins fjármagns. Við erum sífellt að bæta okkar vinnu. Orkuskiptin og loftslagsmálin eru metnaðarfull markmið en áherslan á þau þarf einnig að endurspeglast í stjórnsýslunni svo hún hafi burði til að fylgja málunum eftir,“ segir hún.

Í þessu sambandi má geta þess að í byrjun janúar var tilkynnt um að ráðnir hefðu verið þrjú nýir stjórnendur hjá Orkustofnun. Í byrjun síðasta

mánaðar var tilkynnt að stjórnsýsla hennar á sviði orku- og auðlindamála hefði verið eflað með ráðningu þriggja nýrra starfsmanna.

Halla segir mikilvægt að vinna hratt, án þess að kasta til þess höndunum. Það sé einnig hagur nýtingaraðila að málin séu vel unnin. „Það er alltaf ástæða til að minna á að hlutverk Orkustofnunar er að gæta langtímahagsmuna íslensks samfélags. Að fara með leyfisveitingar vegna rannsókna og nýtingar á auðlindum og orkuvinnslu fylgir mikil ábyrgð. Oft á tíðum er um að ræða framkvæmdir sem fela í sér rask sem hefur óafturkræf áhrif og það er mikilvægt að vanda vel til verka,“ segir Halla og getur þess að oft á tíðum kveði leyfin á um ótímabundna nýtingu auðlinda þjóðarinnar.

Landsvirkjun hefur nú þegar tekið til þau gögn sem fylgja þurfa umsókn til Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra um framkvæmdaleyfi. Ekki er hægt að senda þá umsókn fyrr en virkjanaleyfi liggur fyrir.



Morgunblaðið, 08.12.2022, síðu 4
grein stærð: 273.78 sm²
grein hæð: 10.65 sm

Stefnt að útboðum í byrjun árs

- Orkustofnun hefur veitt Landsvirkjun leyfi til að stífla Þjórsá, gera lón og byggja Hvammsvirkjun
- Nú verður sótt um framkvæmdaleyfi til sveitarfélaganna og hafinn undirbúningur framkvæmda

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Orkustofnun afhenti í gær Landsvirkjun virkjanaleyfi fyrir Hvammsvirkjun í neðrihluta Þjórsár, allt að 95 megavatta vatnsaflsvirkjun. Sótt var um leyfið fyrir einu og hálfu ári. Áætlað er að undirbúningsframkvæmdir hefjist um mitt næsta ár.

Eftir að Orkustofnun auglýsti umsókn Landsvirkjunar í Lögbirtingablaðinu í júní sl. barst fjöldi umsagna og athugasemda. Þær eru frá ábúendum á jörð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og fjölda einstaklinga sem flestir eiga rætur og tengsl í hreppnum en einnig frá nokkrum náttúruverndarsamtökum. Í greinargerð Orkustofnunar sem fylgir leyfisbréfi

inu segir að athugasemdirnar varði aðallega samninga við landeigendur og réttihafa vatnsréttinda, stöðu virkjunar í rammaáætlun, mat á umhverfisáhrifum, lög um stjórn vatnamála, áhættumat og neyðaráætlun og rekstrarhæfi Hvammsvirkjunar.

Orkustofnun fór ítarlega yfir athugasemdirnar í leyfisveitingaferlinu en sú yfirferð leiddi ekki til þess að útgáfu leyfis væri hafnað enda taldi stofnunin að með þeim upplýsingum sem fram hefðu komið hefði verið fullnægt viðmiðum laga um útgáfu virkjunarleyfis. Þá hefði gögnum um tæknilega og fjárhagslega getu Landsvirkjunar ásamt hönnunargögnum mannvirkja verið skilað. Bent var á að sumar athugasemdirnar sneru beint að öðrum leyfisveitendum.




Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Virkjað Inntakslón Hvammsvirkjunar er kennt við bæinn Haga sem sést til vinstri. Lónið verður afmarkað með varnargörðum beggja vegna.

Unnt er að kæra veitingu virkjunarleyfis til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Mannvirki Hvammsvirkjunar verða í Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Landsvirkjun mun nú sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarfélaganna. Stjórn Landsvirkjunar á eftir að ákveða formlega að virkja og mun hún á næstu vikum eða mánuðum fjalla um það hvenær útboðsferli hefst. Samkvæmt áætlun verkefnisstjórnar ætti sú vinna að geta hafist á fyrsta fjórðungi næsta árs. Ef allt gengur samkvæmt áætlun ættu undirbúningsframkvæmdir að geta hafist um mitt næsta ár. Áður hefur komið fram að eftir að öll leyfi eru fengin taki það 3-4 ár að bjóða út framkvæmdir og virkja.



MYND: STUNDIN / DAVID ÞÓR

Hvað varð um þingmennina?

Eftir síðustu alþingiskosningar viku 25 þingmenn af þingi. Nú, rúmu ári seinna, er allur gangur á hvað þetta fólk er að gera. Sumir eru atvinnulausir eða glíma við kulnun á meðan öðrum hafa verið falin margvísleg verkefni af fyrrverandi kollegum sínum á þingi.



Freyr Rögnvaldsson
freyr@stundin.is

Allt frá efnahagshruninu 2008 hefur það verið venja en ekki undantekning að gjörbreyting verði á þeim hópi þingmanna sem kjörnir eru í alþingiskosningum. Þannig voru 27 nýir þingmenn kjörnir á þing í fyrstu kosningunum eftir hrunið, árið 2009. Í kosningum árið 2016 kom 31 nýr þingmaður inn á þing en heldur færri, 19 talsins, í kosningunum árið eftir. Í alþingiskosningunum síðasta haust varð endurnýjunin svo 25 þingmenn.

En á móti hverjum einum sem tekur sæti á þingi hlýtur einn frá að hverfa. Því eru þeir vel á annað



Ég hef bara verið hérna fyrir vestan og er atvinnulaus

Lilja Rafney Magnúsdóttir

hundrað þingmennirnir fyrrverandi sem nú gegna öðrum hlutverkum. En hvað verður um alla þessa fyrrverandi þingmenn?

Þekkt dæmi eru um þingmenn sem hafa farið beina, eða því sem næst beina, leið af þingi í hagsmunagæslu hvers konar fyrir fyrirtæki, félög eða samtök. Þannig tók Einar Kristinn Guðfinnsson, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, ráðherra og forseti Alþingis, við formennsku í Landssambandi fiskeldisstöðva aðeins átján dögum eftir að hann lét af þingmennsku árið 2016. Landssamband fiskeldisstöðva eru samtök sem eiga mikið undir góðum tengslum við stjórnvöld og í Einar Kristni fengu þau slíkan mann, sem hafði setið á þingi í 25 ár og verið sjávarútvegsráðherra.

Annað viðlíka dæmi sem má nefna er Katrín Júlíusdóttir, fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar og ráðherra. Katrín sat á þingi í þrettán ár og lét af þingmennsku við alþingiskosningarnar í lok október 2016. Rétt eins og í tilviki Einars Kristins liðu ekki þrjár vikur, öllu heldur aðeins 20 dagar, þar til Katrín var komin í nýtt starf, sem framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja. Ekki þarf að efa að reynsla og tengsl Katrínar, sem meðal annars sat sem fjármála- og efnahagsráðherra á árunum 2012 til 2013, hafi reynst samtökunum vel. Katrín lét af af því starfi síðastliðið haust.

Burtséð frá einstaka fólki hlýtur það að vekja spurningar þegar fólk fer beint úr þingmennsku eða jafnvel ráðherrastólum í harða hagsmunagæslu.

Aðstoðarmenn og glímt við kulnun

Stundin kannaði hvaða þeir 25 fyrrverandi þingmenn sem viku af

þingi við síðustu kosningar, sjálfviljugir eða sökum þess að þeir náðu ekki kjöri, hafa haft fyrir stafni síðan haustið 2021. Kennir þar margra grasa, þannig er nokkur hópur varaþingmenn og hafa tekið sæti á þingi sem slíkir. Einn þingmaður var gerður að aðstoðarmanni ráðherra og annar að aðstoðarmanni flokksformanns. Einn fyrrverandi þingmaður náði kjöri í sveitarstjórn. Sumir eru atvinnulausir. Einn þingmaður er að vinna sig út úr kulnun.

Anna Kolbrún Árnadóttir var í framboði fyrir síðustu alþingiskosningar en náði ekki kjöri. Hún er hins vegar fyrsti varaþingmaður Miðflokksins í Norðausturkjördæmi og það sem af er, frá kosningunum í fyrra, hefur Anna Kolbrún tekið sæti á Alþingi í fjórgang.



Gunnar Bragi Sveinsson sóttist ekki eftir endurkjöri fyrir Miðflokkinn á Alþingi fyrir síðustu kosningar. Hann hóf nám við Háskólann á Bifröst haustið 2021. Í mars síðastliðnum tók Gunnar Bragi síðan við starfi sérstaks ráðgjafa framkvæmdastjóra stofnunar Sameinuðu þjóðanna um samning stofnunarinnar um varnir gegn eyðimerkurmyndun. Stofnunin er með aðsetur í Bonn í Þýskalandi og flutti Gunnar Bragi þangað.



Karl Gauti Hjaltason leiddi lista Miðflokksins í Suðvesturkjördæmi fyrir síðustu kosningar og var einn þeirra fimm frambjóðenda sem

hlaut jöfnunarþingsæti eftir að lokatölur í Norðvesturkjördæmi voru birtar. Eftir endurtalningu missti Karl Gauti hins vegar þingsæti sitt. Við það var hann mjög ósáttur, kærði framkvæmd kosninganna, kærði svo ákvörðun lögreglu um að fella rannsókn á framkvæmd kosninganna niður til ríkissaksóknara en allt án árangurs.



Síðan þá hefur Karl Gauti víða leitað fanga með störf en ekki haft erindi sem erfiði. Í nóvember á síðasta ári sótti hann þannig um embætti dómara við Héraðsdóm Suðurlands en hlaut ekki brautargengi. Karl Gauti sótti um embætti framkvæmdastjóra landskjörstjórnar sem auglýst var laust til umsóknar í desember á síðasta ári en var ekki skipaður. Hann sótti þá síðastliðið sumar um stöður sveitarstjóra Rangárþings ytra, Skaftárhrepps, Voga og um stöðu bæjarstjóra Hveragerðis. Hann varð ekki fyrir valinu í neinu sveitarfélaganna. Í nóvember síðastliðnum leysti Karl Gauti út lögmannsréttindi sín og hyggst sinna lögmenntu.

Ólafur Ísleifsson

ákvað að sækjast ekki eftir sæti á lista Miðflokksins í Reykjavíkurborg kjördæmi norður, vegna deilna innan flokksins. Hann var því ekki í kjöri í síðustu kosningum. Í samtali við Stundina sagði Ólafur að hann hefði frá því að hann vék sæti af Alþingi sinni ýmsum tilfallandi verkefnum, af fjölbreyttu tagi.



Sigurður Páll Jónsson

skipaði annað sæti Miðflokksins í Norðvesturkjördæmi fyrir síðustu kosningar. Hann náði ekki kjöri en er fyrsti varaþingmaður flokksins og hefur í tvígang tekið sæti á þingi síðan. Í maí síðastliðnum var Sigurður Páll skipaður í samráðsnefnd um sjávarútvegsstefnu, sem fulltrúi Miðflokksins.



Þorsteinn Sæmundsson

sóttist eftir að leiða lista Miðflokksins í Reykjavíkurborg kjördæmi suður fyrir síðustu þingkosningar en varð að lúta í lægra haldi í leiðtogaprófkjöri. Hann var því ekki í kjöri í kosningunum. Þorsteinn fór til starfa í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, sem sérfræðingur á skrifstofu fjármála og rekstrar. Áður en Þorsteinn settist á þing hafði hann einmitt unnið keimlíkt starf í umhverfisráðuneytinu.



Albertína Friðbjörg El-ásdóttir


sóttist ekki eftir sæti á framboðslista Samfylkingarinnar fyrir síðustu kosningar. Hún var ráðin framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra í júní síðastliðnum. Albertína situr þá í starfshópi innviðaráðherra um mótun borgarstefnu. Hún er einnig varamaður í stjórn Landsvirkjunar og varamaður í stjórn KEA.



Ágúst Ólafur Ágústsson

tók ekki sæti á lista Samfylkingarinnar fyrir síðustu kosningar. Uppstillingarnefnd flokksins bauð honum





sæti sem hann ekki þáði en hann hafði leitt flokkinn í Reykjavíkarkjördæmi suður í kosningunum 2017. Ástæðuna má rekja til þess að Ágúst Ólafur varð uppvis að kynferðislegri áreitni og ósæmilegri hegðun árið 2018 og verið áminntur fyrir af trúnaðarnefnd flokksins.

Frá kosningum hefur Ágúst Ólafur starfað sem ráðgjafi, hagfræðingur og lögfræðingur Sjúkraliðafélags Íslands. Hann hóf síðan doktorsnám í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands nú í haust og sinnir stundakennslu við skólann. Þá vinnur Ágúst Ólafur nú að úttekt af reynslu af búfjárefniritli MAST fyrir Dýrverndarsamband Íslands.

■ **Guðjón**

Brjánsson sóttist ekki eftir sæti á lista Samfylkingarinnar fyrir kosningarnar og var því ekki í kjöri. Guðjón situr sem varamaður í stjórn Norræna félagsins en ekki er að sjá að hann hafi tekist á hendur önnur störf eða verkefni. Guðjón er 67 ára og því kominn á aldur. Ekki náðist í Guðjón til að inna hann eftir því hvað hann hefði haft fyrir stafni síðastliðið rúmt ár.



S.

■ **Guðmundur Andri Thorsson**

sat í öðru sæti á framboðslista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi fyrir síðustu kosningar. Hann náði ekki kjöri en hefur einu sinni komið inn sem varaþingmaður frá kosningunum. Í mars á þessu ári var Guðmundur Andri ráðinn aðstoðarmaður Loga Einarssonar, þáverandi formanns Samfylkingarinnar. Hann lét hins vegar af þeim störfum þegar Logi hætti sem formaður, í lok október síðastliðinn. Guðmundur Andri situr í stjórn sjóðsins Gjöf Jóns Sigurðssonar. Hann sendi þá frá sér hljómplötu síðastliðið haust.



■ **Rósa Björk Brynjólfssdóttir**

var í 2. sæti framboðslista Samfylkingarinnar í Reykjavíkarkjördæmi suður í kosningunum. Eftir að lokatölur í Norðvesturkjördæmi voru kynntar var Rósa Björk inni á þingi sem jöfnunarmaður en datt út þegar atkvæði í kjördæminu voru endurtalin. Hún hefur í tvígang komið inn á þing sem varaþingmaður. „Ég flutti til Parísar með fjölskyldunni í júní. Kristján [Guy Burgess] maðurinn minn fékk þar starf sem sérfræðingur hjá UNESCO og við fluttum hingað út. Ég hef í sjálfu sér ekki verið að gera neitt ákveðið síðan við fluttum, hef verið að sinna sjálfri mér, börnunum og fjölskyldunni. Núna er ég hins vegar farin að hugsa mér til hreyfings varðandi einhver verkefni,“ segir Rósa Björk í samtali við Stundina.

■ **Ari Trausti Guðmundsson**

gaf ekki kost á sér til áframhaldandi þingsetu. Hann var í janúar síðastliðnum skipaður í starfshóp umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sem í mars skilaði skýrslunni Staða og áskoranir í orku-málum. Þá leiddi Ari einn af fimm hópum við vinnu að verkefnaáætlun í norðurlóðamálum. Ari er þá formaður hagsmunaráðs Landsnets. Í samtali við Stundina segir Ari að hann hafi þá ýmis önnur járn í eldinum, hann sinni skrifum, fyrirlestrahaldi, ráðgjöf og leiðsögn til að mynda. „Þetta er svona bland í poka, ég hef meira og minna farið



í það sem ég kunní áður en ég fór á þing. Ég er hinn brattasti og stendur ekki til að breyta því.“

■ **Kolbeinn Óttarsson Proppé**

dró framboð sitt í forvali Vinstri grænna í Reykjavík til baka í maí á síðasta ári. Ástæðan var slæm framkoma hans við konur og kvörtun til fagræðs flokksins undan hegðun hans. Áður hafði hann reynt fyrir sér í forvali í Suðurkjördæmi þar sem hann sóttist eftir að leiða listann en lenti í fjórða sæti. Kolbeinn er framkvæmdastjóri fyrirtækisins Grænafls sem vinnur að því að rafvæða strandveiðibátaflotann. Kolbeinn var þá á þessu ári skipaður í starfshóp um vindorku af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.



■ **Lilja Rafney Magnúsdóttir**

þurfti að lúta í lægra haldi í oddvitaslag í Norðvesturkjördæmi og sat því í öðru sæti á framboðslistanum. Hún náði ekki kjöri í kosningunum en hefur komið inn á þing í þriggja sem varaþingmaður frá kosningum. Í mars á þessu ári var Lilja Rafney skipuð í stjórn Tryggingastofnunar. Að öðru leyti hefur hún ekki haft öðrum störfum að sinna. Í samtali við Stundina sagði Lilja að hún væri að leita sér að starfi. „Ég hef bara verið hérna fyrir vestan og er atvinnulaus. Ég auglýsi hér með bara eftir vinnu fyrir mig.“



■ **Ólafur Þór Gunnarsson**

sat í þriðja sæti framboðslista Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi og var því ekki kjörinn á þing. Hann er annar varaþingmaður flokksins í kjördæminu og hefur einu sinni sest á þing frá kosningum sem varamaður. Ólafur Þór leiddi lista Vinstri grænna í sveitarstjórnarkosningunum í Kópavogi en náði ekki kjöri í kosningunum síðastliðið vor. Ólafur Þór var skipaður formaður stjórnar Tryggingastofnunar í mars síðastliðnum. Í sumar var hann síðan skipaður formaður verkefnastjórnar um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk, af félags- og vinnumarkaðsráðherra og heilbrigðisráðherra. Ólafur Þór starfar sem læknir á Reykjalundi og á Landspítala.



■ **Steingrímur J. Sigfússon**

ákað að gefa ekki kost á sér til endurkjörs eftir 38 ára setu á Alþingi, fyrir síðustu kosningar. Steingrímur var í júní síðastliðnum skipaður formaður svokallaðs spretthóps matvælaráðherra, sem skilaði tillögum vegna alvarlegrar stöðu í matvælaframleiðslu í sama mánuði. Steingrímur var þá skipaður formaður stýrihóps um heildarendurskoðun á örorkulífeyriskerfinu, einnig í júní 2022.



■ **Brynjar Nielsson**

sat í þriðja sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkarkjördæmi suður fyrir síðustu kosningar en náði ekki kjöri. Hann er fyrsti varaþingmaður flokksins en hefur ekki tekið sæti á þingi til þessa. Brynjar var gerður að aðstoðarmanni Jóns Gunnarssonar dómismálaráðherra í desember á síðasta ári.



■ **Kristján Þór Júlíusson**

sóttist ekki eftir endurkjöri og skipaði ekki sæti á lista Sjálfstæðisflokksins af þeim sökum. Kristján Þór var skipaður stjórnarformaður Isavia í apríl 2022. Hann hefur þá leyst af sem skipstjóri á hvalaskoðunarbatnum Hólmasól á Akureyri.



■ **Páll Magnússon**

gaf ekki kost á sér til áframhaldandi þingsetu fyrir síðustu kosningar. Hann var þó hvergi nærri hættur í pólitík heldur leiddi hann H-lista framboðsins Fyrir Heimaei í sveitarstjórnarkosningunum í Vestmannaeyjum í vor. Páll var kjörinn bæjarfulltrúi og situr hann sem forseti bæjarstjórnar í Vestmannaeyjum.



■ **Sigríður Á. Andersen**

sóttist eftir öðru sæti í sameiginlegu prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Væntingur hennar um árangur í prófkjörinu gengu hins vegar ekki eftir heldur beið hún afhroð og varð ekki meðal efstu átta framþjóðenda. Hún sat í heiðursseti lista flokksins í Reykjavíkarkjördæmi norður fyrir kosningarnar.



Sigríður var kjörin í bankaráð Seðlabanka Íslands í mars síðastliðnum. Að öðru leyti hefur hún ekki sinnt öðrum störfum frá því hún vék af þingi. „Ég ákvað fyrir löngu að taka mér ársfrí. Ég mæli með því við alla, þegar þeir standa á fimmtugu, að taka sér ársfrí. Ég ákvað fyrir tuttugu árum að gera þetta á fimmtugsárinu mínu og það stóðst upp á há. Ég er hins vegar núna að byrja í lögmenntu, er búin að innleysa réttindi mín og er að hefja eigin rekstur,“ sagði Sigríður í samtali við Stundina.

■ **Helgi Hrafn Gunnarsson**

ákað að sækjast ekki eftir endurkjöri fyrir Pírata fyrir síðustu kosningar. Í samtali við Stundina segir Helgi að frá því að hann vék af þingi hafi hann sinnt hugbúnaðargerð og ráðgjöf í hugbúnaðargeiranum. Viðskiptablaðið greindi frá því í janúar síðastliðnum að Helgi hefði í desember 2021 stofnað fjárfestingafélagið Green Submarine Invest ehf.



■ **Jón Þór Ólafsson**

gaf ekki kost á sér til áframhaldandi þingsetu. „Ég er búinn að vera að vinna mig út úr kulnun, kulnun sem ég keyrði mig inn í í þingstörfunum,“ segir Jón Þór í samtali við Stundina. Það var fyrst seinnipart sumars eða í haust sem segja má að Jón Þór hafi farið að ná árangri í þeirri glímu. Hann hafi, í frí með fjölskyldunni, loks náð að nýllstilla hugann svo hann fór að hvílast. Þá komst hann að hjá Virk endurhæfingu í ágúst og ber þeirri aðstoð afar vel söguna. „Minnið er komið aftur, og áhuginn, en úthaldið við að vinna með hugarum er enn þá lítið.“ Jón Þór segir að hann hafi haft hug á því, eftir að þingmennskunni lauk, að fara aftur að malbika eins og hann hafði áður gert. Hins vegar hafi verið búið að sjálfvirkniþæða gamla starfið hans og hann hafi því skoðað það að stofna eigin malbikunarþjónustu.



“**Ég mæli með því við alla, þegar þeir standa á fimmtugu, að taka sér ársfrí**”

Sigríður Á. Andersen

Þegar hann áttaði sig á því hversu mikið hark yrði við það bakkaði hann út. „Ég gæti farið út að malbika en ég gæti ekki staðið í sölumennskunni og því harki, ég myndi drepa mig.“

Jón Þór segir að fram til þessa hafi hann verið á atvinnuleysisbótum en á meðan hann nýti þjónustu Virk sé hann ekki í virkri atvinnuleit og hafi því bara takmörkuð réttindi. Þessi staða sé farin að taka toll af heimiliskhaldinu. Hann sjái bara tvo kosti í stöðunni, annaðhvort verði hann að fara á endurhæfingarlífeyri eða að finna sér vinnu eftir áramót. Það sé þó ekki jákvætt því hann sé enn að vinna bug á kulnuninni, og nefnir Jón Þór að í Svíþjóð sé talið að tvö heil ár þurfi til að ná sér af kulnun sem þessari. „Bataferlið mitt byrjaði ekki fyrr en í ágúst og taugakerfið mitt er ekki tilbúið. Ég myndi ekki geta farið að nota hausinn við neina vinnu, kannski fer maður bara í stöðumælavörsluna aftur, það er allavega góð útvíst.“

■ **Smári McCarthy**

gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu á þingi fyrir Pírata. Í janúar síðastliðnum stofnaði hann umhverfisfyrirtækið Ecosophy, sem hann stýrir sjálfur. Í samtali við Stundina segir Smári að um hafi verið að ræða hugmynd sem hann fékk fyrir nokkrum árum sem hafi síðan vaxið og orðið að sprotafyrirtæki. Hann sinni ekki öðrum störfum enda sé nóg að halda utan um sprotafyrirtæki sem þetta. „Er ekki sagt að frelsið við að vinna í „start-up“ fyrirtækjum sé svo mikið að það sé hægt að velja hvaða áttatíu klukkutíma í vikunni sem er, til að vinna?“ segir Smári.



■ **Silja Dögg Gunnarsdóttir**

náði ekki öðru sæti á lista Framsóknarflokksins í prófkjöri í Suðurkjördæmi fyrir síðustu kosningar. Hún þáði ekki þriðja sætið sem hún lenti í en skipaði þess í stað heiðursseti listans. Silja Dögg var kjörin formaður stjórnar RÚV á þessu ári. Í apríl síðastliðnum sótti Silja Dögg um stöðu bæði skrifstofustjóra sveitarfélaga- og byggðamála, og húsnæðis- og skipulagsmála í innviðaráðuneytinu, en var ráðin í hvorugt starfið. Í sumar sem leið sótti Silja Dögg um stöðu bæjarstjóra í Vogum en fékk ekki stöðuna. Í haust tók hún við starfi viðskiptastjóra Evrópumarkaðar líftæknifyrirtækisins Algalif.



Silja Dögg situr í stjórn Norræna félagsins og að því er hún sagði sjálf þegar Stundin hafði samband sinnir hún ýmsum öðrum verkefnum. Þannig er hún til að mynda formaður sóknarnefndar Njarðvíkurkirkju og í viðbragðsteymi Rauða krossins á Suðurnesjum. Hún segir þingsetuna hafa verið afar lærdómsríkan tíma en það sé líka léttir að vera horfin frá þeim störfum.

■ **Jón Steindór Valdimarsson**

sat í öðru sæti á framboðslista Viðreisnar í Reykjavíkarkjördæmi norður en náði ekki kjöri á þing. Jón Steindór hefur tekið sæti á Alþingi sem varaþingmaður í þriggja frá kosningunum. Hann sótti um embætti framkvæmdastjóra landskjörstjórnar í desember á síðasta ári en hafði ekki erindi sem erfði. Jón Steindór var kosinn í stjórn Isavia í apríl síðastliðnum. Hann er þá formaður Evrópuhreyfingarinnar. ■



“**Ég er búinn að vera að vinna mig út úr kulnun, kulnun sem ég keyrði mig inn í í þingstörfunum**”

Jón Þór Ólafsson



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Sund Lífsgæði íbúa eru skert með lokun laugarinnar á Selfossi.

Hitaveita biluð og vatn er sparað

● Sundlaug á Selfossi lokað út vikuna

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Áfram og næstu daga þarf að fara sparlega með heitt vatn í Árborg. Borhola í Laugardælum, skammt norðan og austan við Selfoss, hefur verið í ólagi síðan fyrir helgi þegar rafmagnsskápur fyrir dælubúnað brann. Þar með var úr notkun hola sem við bestu aðstæður skilar allt að 70 sekúndulítrum af heitu vatni. Það eru 30-40% þess vatns sem Laugardælasvæðið skilar inn á veitukerfið í Árborg, það er Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyri.

Að sögn Sigurðar Þórs Haraldssonar veitustjóra er dælubúnaðurinn nú kominn í lag að nýju svo heitavatnsöflun nálgast jafnvægi. Þó þarf áfram að handstýra inn á kerfið og fara sparlega með vatnið. Því verður útisvæði sundlaugar á Selfossi lokað þessa vikuna. Þá er vatni er ekki heldur veitt í undirlag gervigrasvalla á Íþróttasvæði.


Brunagaddur var á Selfossi í gær, -8,2 gráður, og áfram er kuldi í kortum. „Innlaugin er opin svo krakkar komist í skólasund, en öðru verður að sleppa. Þá hvetjum

við íbúa í Árborg til þess að spara heita vatnið, eins og kostur er,“ segir Sigurður. Mikil íbúafjölgun á Selfossi og sú staðreynd að byggðin hefur þanist út á allra síðustu árum hefur skapað mikið álag á hitaveituna í Árborg, svo stundum stappar nærri vatnsskort. Því er leitað leiða til að styrkja öflun, meðal annars með vatnsleit nærri miðbænum á Selfossi.

„Nú er ekki annað í stöðunni en að íbúar hér í Árborg fari sparlega með heita vatnið næstu daga. Vissulega er óheppilegt að svona bilun verði í kuldatíð, en það er nokkuð sem ekki verður ráðið við,“ segir Fjóla S. Kristinsdóttir, bæjarstjóri í Árborg, í samtali við Morgunblaðið. Hún væntir þess að hitaveitan komist í lag á næstu dögum.

Fleiri laugum lokað

Við þetta er að bæta að vegna kuldatíðar hefur tveimur sundlaugum í Rangárþingi ytra verið lokað til að spara vatn, það er laugunum á Laugalandi í Holtum og á Hellu. Þetta er gert að ósk Veitna, sem sjá byggðum þar eystra fyrir heitu vatni.



Bokashi jarðgerð í Rangárvallasýslu:

Hringrásarlausn fyrir lífrænan heimilisúrgang

– Bann við urðun tekur gildi nú um áramótin

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Frá 2020 hefur í Rangárvallasýslu staðið yfir tilraunaverkefni sem snýst um að jarðgera lífrænan úrgang, með hagnýtingu japönsku aðferðarinnar bokashi þar sem úrgangurinn er gerjaður við loftfirrðar aðstæður.

Um þessar mundir er að hefjast nýr fasi í framvindu verkefnisins þegar samstarf hefst við íbúa um að þróa nýtt fyrirkomulag um söfnun á þessum úrgangi. Á fyrri stigum verkefnisins hefur verið sýnt fram á að um vænlega aðferð er að ræða sem skilar að lokum af sér gæðaáburði.

Það er fyrirtækið Melta, sem áður hét Jarðgerðarfélagið, sem vinnur að þessari þróun og er hluti af stærra verkefni um að þróa nýja hringrásarlausn fyrir lífrænan heimilisúrgang – sérstaklega hugsað fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni. Um heildstætt endurvinnsluferfi er að ræða, frá flokkunarferli íbúa og þangað til næringunni er skilað ofan í moldina í formi áburðar.

Stöðugt flæði gæðaáburðar

Á bak við Meltu standa þær Björk Brynjarsdóttir og Julia Miriam Brenner, en fyrir skemmstu fengu þær styrk úr frumkvöðlasjóði Íslandsbanka til uppbyggingar á nýrri gerjunarstöðu á Strönd í Rangárbíngi ytra. Björk segir að hingað til hafi þessi aðferð einungis verið nýtt að einhverju marki til að meðhöndla landbúnaðarafurðir og í heimajarðgerð, en með þróunarvinnum Meltu sé hún í fyrsta sinn útfærð fyrir sveitarfélög. „Þróunarvinnan hefur farið fram í móttökustöðinni Strönd í samstarfi við Sorpstöð Rangárvallasýslu. Við höfum nálgast lausnina á heildrænan máta til að tryggja stöðugt flæði af hráefni svo úr verði gæðaáburður að meðhöndlun lokinni.

Heimaflokkunin er byggð upp á þann hátt að gera íbúum auðveldara að flokka rétt en að gera mistök. Í íbúaprófunum í Rangárvallasýslu á síðasta ári, sem stóðu yfir í sex mánuði, varð mælanlegur árangur af verkefninu. Það söfnuðust 3,6 tonn af hráefni og var magn ólífrænna efna langt undir Evrópuviðmiðum, einungis 0,06 prósent. Íbúaprófanirnar gengu vonum fram og reyndust þátttakendur mjög ánægðir með nýja fyrirkomulagið. Auk þess gerðum við ýmsar úrbætur á gerjunarferlinu sjálfu. Þar á meðal voru tilraunir sem sannreynu að sýklar eru örugglega kæfðir í gerjuninni. Eins



A bak við Meltu standa þær Julia Miriam Brenner og Björk Brynjarsdóttir.

Myndir / Melta

fengum við góðar niðurstöður úr áburðartilraunum með lokaafurðina sem kom úr úr ferlinu.“

Ávinningurinn af minni sóun

Að sögn Bjarkar er eitt af markmiðum verkefnisins að minnka sóun lífrænna efna, en nýta þá auðlind í staðinn til landbúnaðar og landgræðslu. „Þannig styðjum við vistkerfi landsins, aukum kolefnisbindingu í jarðvegi og fáum í kaupbæti hagstæð hagræn áhrif og jákvæð loftslagsáhrif. Um 40 prósent af íslenskum jarðvegi flokkast sem hrjóstrug eyðimörk og er áætlaður útblástur frá þeim um 10-20 þúsund tonn af kolefni árlega.

Með endurheimt á þessum svæðum komum við ekki einungis í veg fyrir útblástur heldur er áætlað að þau geti bundið um eina milljón tonna kolefnis árlega. Á Íslandi er áætlað að fimm prósent af heildarlosun landsins sé bein afleiðing urðunar á lífrænu hráefni – meðal annars vegna matarsóunar.

Rofið land skortir fyrst og fremst köfnunarefni og lífræn efni, sem lífrænn úrgangur er ríkur af.“

Bann við urðun á lífrænum úrgangi tekur gildi nú um áramótin, sem er líður í aðgerðaráætlun stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040. Björk segir að þá verði gerð krafa um sérflökkun og söfnun á lífrænu hráefni. „Eftir því sem ég best veit þá eru fæst sveitarfélög á landinu búnin innviðum til að innleiða sérsöfnun og meðhöndlun á lífrænum úrgangi þegar þetta er skrifað. Þeir innviðir sem eru

tilbúnir eða í undirbúningi eru ekki aðgengilegir fyrir fjölda sveitarfélaga á landsbyggðinni sem munu þurfa að standa í þungaflytningu á lífrænu hráefni, mörg hundruð kílómetra árlega til meðhöndlunar. Enn fremur er flytningarkostnaðurinn eftir að hráefnið er meðhöndlað ein stærsta hindrunin í því að hann sé að endingu nýttur á land, enda eru nýtingasvæðin oft og tíðum langt frá þeim stað sem áburðurinn verður til.

Þess vegna höfum við lagt svo mikla áherslu á að þróa sjálfbæra

og staðbundna hringrásarlausn sem er raunhæfur kostur fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni. Í dæmi Rangárvallasýslu sjáum við fram á að Melta geti dregið úr kostnaði og útblæstri frá bæði söfnun og meðhöndlun, gert flutning á hráefninu til Reykjavíkur óþarfan og enn fremur aukið möguleikana á að nýta auðlindina í nærumhverfinu.“

Efnagreiningar og örverumælingar

Niðurstöður efnagreininga og örverumælinga meltunnar, hins gerjaða lífræna efni, gefa til kynna að um fyrirtaks áburðarefni sé að ræða. „Áburðargildi er hugtak sem útskýrir hversu aðgengileg næringarefni úr áburði eru plöntum eftir að hann er borinn á jarðveg. Gildið lækkar því hærra sem C:N hlutfallið er (hlutfall kolefnis og köfnunarefnis) og er þumalputtareglan sú að sé C:N hærra en 25 dregur úr framboði á köfnunarefni til plantna fyrst eftir að áburður er borinn á jarðveg. Loftháð moltugerð er háð því að þetta hlutfall sé 30:1. Gerjunarferli Meltu þarfnast einungis hlutfalls sem nemur 15-20:1. Meltan hefur þannig meira af aðgengilegri næringu fyrir plöntur en tilbúin molta úr loftháðri iðnaðarjarðgerð.

Þó vitad sé að hvorki salmónella né e.Coli bakteríur lifi gerjunarferlið af er það grundvöllur fyrir leyfisveitingu frá Mast að við sýnum fram á það á áreiðanlegan máta að sýklar séu drepnir í gerjunarferlinu okkar. Við framkvæmdum því tilraun í fyrra þar sem við blönduðum þekktu magni af e.coli við 600 kíló af lífrænu hráefni og tókum sýni áður en það var svo látið gerjast í átta vikur. Að gerjun lokinni fannst ekkert mælanlegt magn af e.Coli í sýnum úr meltunni, svo við getum fullyrt það með vissu. Sams konar tilraun með þekktu magni af salmónellu verður framkvæmd í næsta fasa,“ segir Björk.

Óskað eftir íbúum til þátttöku

Verkefni Meltu miðar að því að þróa nýtt, skilvirkt og þægilegt flokkunar- og söfnunarkerfi fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni. „Kostirnir sem því mun fylgja er að það verður auðveldara fyrir íbúa að flokka rétt en gera mistök; lágmarkar lykt, minnkar þríf á flokkunarfötum, færkar ferðum út með ruslið, bætir upplifun og þátttöku íbúa og beinir lífræna hráefninu í staðbundna hringrás svo samfélagið geti notið góðs af sinni eigin auðlind. Enn fremur viljum við að verkefnið verði fyrirmynd fyrir önnur samfélög,“ segir Björk.

Hún segir að fram undan séu íbúaprófanir í Rangárvallasýslu, sem munu hefjast öðru hvorum megin við hátíðirnar fram undan. „Þær eru byggðar á tilraunum frá því í fyrra en í þetta sinn verður einnig prófað nýtt fyrirkomulag í söfnun. Við leitum því að Rangæingum til þátttöku sem búsettir eru á Hellu, Hvolsvelli og í dreifbýlum þar í kring til að taka þátt og hjálpa okkur að móta hringrásarlausnina.

Í þessari tilraun munum við setja upp kerfi sem líkir eftir svokölluðum hverfa-djúpgámum til þess að fá reynslu og endurgjöf frá þátttakendum um hvernig er að nýta þá. Þannig getum við í sameiningu mótað hvernig best megi haga staðsetningu, umgengni og nýtingu á hverfagámum á hátt sem er vænlegt fyrir íbúa og samfélagið,“ segir Björk um vinnuna fram undan.

Hún bendir á að áhugasamir Rangæingar geti nálgast upplýsingar og skráð sig í íbúaprófanir á vefnum melta.is/ibuar. ■

Um heimaflokkun Meltu

Ferlið hefst þegar lífrænt hráefni fellur til á heimilum og í stuttu máli má lýsa flokkunarkerfinu með fjórum orðum: Opna - Fylla - Úða - Loka. Þegar ferlið er innleitt í sveitarfélaginu fá heimili tvær 10 lítra flokkunarfötur sem lokast vel og úðabrúsa með göðgerlablöndu. Þegar íbúar flokka í föturnar úða þau jafnframt göðgerlum úr úðabrúsanum yfir hráefnið en með því hefst forgerjun strax í heimahúsum. Kostir forgerjunnar eru meðal annars:

- Kæfir slæma lykt enda rotnar hráefnið ekki.
- Sýklar og sjúkdómsvaldar deyja strax (e.coli eða salmónella fá ekki að grassera í lífræna hráefninu á meðan það bíður eftir því að vera safnað og flutt til meðhöndlunar)
- Færri ferðir út með ruslið
- Minni þríf á flokkunarfötu
- Rifnir og/eða lekandi maíspokar heyrja sögunni til
- Engin ólykt frá ruslatunnum úti
- Ekkert metangas (CH4) myndast
- Ef íbúi vill nýta næringuna sjálf/ur yfir vor- og sumarmánuði er hægt að grafa forgerjað hráefnið úti í garði minnst 2 vikum eftir að fatan fyllist

Umsagnir nokkurra íbúa sem tóku þátt í íbúaprófunum í Rangárvallasýslu í fyrra:

- Þetta er hreinlega og það er minni lykt af þessu. Ég held að það sé sölupunkturinn.
- Það er mjög lítil lykt af þessu og það skiptir ekki máli hvort það er gaddur eða tuttugu stiga hiti. Þetta er langtím hreinlega en hefðbundin söfnun á lífrænu rusli. Hreinlegt, minni lykt og ekki þessir maíspokar.
- Kostur að þurfa bara að þrifa fótuna einu sinni á tveggja vikna fresti. Tunnan fyrir hefðbundnu flokkunina var alltaf ógeðsleg. Maíspokinn svitnaði, kom jafnvel gat á hann. Meiri hreinleiki í þessu.
- Þetta lekur ekki eins og maíspokarnir og styrkleikarnir eru auðvitað að það eru búnin til verðmæti úr þessu og þá er maður meðvitaðri á meðan maður er að flokka.
- Það er betra því að það er minni lykt og óhreinindi, engar flugur né maíspokar. Svo líka horfir maður til þess að þetta er unnið í nærumhverfinu.



Verkefni Meltu miðar að því að þróa nýtt, skilvirkt og þægilegt flokkunar- og söfnunarkerfi fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni.